

## Slök vinnubrögð

Linda Gunnarsdóttir gagnrýnir lögreglu og dómstóla fyrir vinnubrögð í vinnslu kæru vegna ofbeldis. > 26



## Næmari en áður

Árin í Afríku og veikindi vinar opnuðu augu Stefáns Jóns Hafstein fyrir ógnvænlegri stöðu mannkyns. > 28



# KEMUR Í BÚÐIR EFTIR HELGI

# FRÉTTABLAÐIÐ

194. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 27. ÁGÚST 2022



## Ég ákæri

Hrafn Jökulsson stefnir íslenska ríkinu á meðan hann berst upp á líf og dauða við illvigt krabbamein en veit ekki hvort hann muni lifa það að sjá réttlætinu fullnægt. > 22

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## ÆTLAR ÞÚ AÐ NJÓTA ÞÍN VIÐ GRILLIÐ?

10% til 15% afsláttur af völdum Weber grillum



AFSLÁTTUR AF VÖLDUM WEBER GRILLUM

# ELKO



## Þúsundir fengu háhraðanet í fyrra

kristinnhaukur@frettabladid.is

**FJARSKIPTI** Hlutfall þeirra Íslendinga sem búa við háhraða internettingu hækkaði úr 83,6 prósentum árið 2020 í 88,7 prósent í fyrra. Þetta þýðir að um 20 þúsund landsmenn fengu háhraðatengingu.



### 88,7 prósent landsmanna hafa aðgang að háhraðaneti.

Ísland er nú í 9. sæti Evrópuþjóða hvað varðar háhraðatengingar. Á toppinum tróna Maltverjar, sem hafa allir sem einn aðgang að slíkri tengingu. En hlutfallið er einnig mjög hátt í Lúxemborg, Danmörku og á Spáni.

Alls hafa rétt rúmlega 70 prósent Evrópubúa háhraða internettingu. Í fimm löndum hefur minnihluti landsmanna aðgang, Austurríki, Ítalíu, Kýpur, Bretlandi og aðeins tæplega 20 prósent í Grikklandi.

Þrátt fyrir að hlutfallið hafi aukist hér á landi hefur Ísland dregist aftur úr miðað við aðrar þjóðir. En fyrir áratug var Ísland í öðru sæti þegar rúmlega 60 prósent landsmanna höfðu aðgang að háhraðaneti.

Margar þjóðir hafa hins vegar lyft grettistaki við að skaffa háhraðatengingar, til dæmis Þjóðverjar sem hækkuðu hlutfallið úr 7 prósentum í 75 á aðeins fjórum árum. ■

## Forsetar hittust í Höfða



Forsetar Lettlands, Litáen, Eistlands og Íslands hittust í Höfða í gær ásamt eiginkonum sínum, Elisu Reid, Diana Nausėdienė, Sirje Karis og Andra Levite. Forsetarnir eru komnir hingað til lands ásamt fylgdarliði í tilefni af þrjátíu ára afmæli stjórnmálasambands landanna þriggja við Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Borgin leigir hjá KSÍ fyrir nemendur

benediktboas@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Samþykkt var í borgarráði á fimmtudag að leigja aðstöðu fyrir nemendur Laugarnesskóla hjá KSÍ. Greiðir borgin knattspyrnusambandinu um 2,3 milljónir á mánuði. Borgin þarf að bregðast við meðan verið er að útbúa kennsluástöðu á lóð skólans. Aðstaðan á Laugardalsvelli verður notuð undir kennslustofur fyrir um 80 nemendur.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins bókuðu á fundi borgarráðs að enn eitt dæmið um viðhaldsleysi á skólahúsnæði borgarinnar væri að ræða. Fram hafið komið við skóla- setningu að húsnæðið væri myglað, listgreinastofur ónothæfar og eldri nemendur þyrftu að sækja sína kennslu í KSÍ.



Borgin greiðir KSÍ um 2,3 milljónir á mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Enn væru ekki komnar fram framtíðarlausnir fyrir skólastarf í hverfinu þó mikil íbúðauppbygging hefði átt sér stað. Meirihlutinn í borginni bókaði að mikil ánægja hefði verið meðal nemenda og starfsfólks með aðstöðuna hjá KSÍ. „Þetta er góð lausn fyrir 6. bekk.“ ■

# Prófessor segir ráðningu þjóðminjavarðar hneyksli

Margir innan fræðasamfélagsins eru afar ósáttir við skipun nýs þjóðminjavarðar án þess að staðan væri auglýst.

gar@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, hefur skipað Hörpu Þórsdóttur, safnstjóra Listasafns Íslands, til að gegna embætti þjóðminjavarðar.

Skipað er í embættið án þess að það hafi verið auglýst og styðst ráðherra í þeim efnum við heimildir til að færa starfsmenn hjá ríkinu til í starfi án þess að auglýsa viðkomandi stöðu lausa til umsóknar.

Meðal þeirra sem gagnrýna ráðstöfun embættis þjóðminjavarðar er Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor í safnafræði við Háskóla Íslands.

„Þetta er mjög vafasamur gjörningur og hneyksli á tímum umræðu um gagnsæi og góða starfshætti – ekki síst á vegum hins opinbera,“ segir Sigurjón. „Þetta virðist vera ákveðið í skjóli nætur og án nokkurrar umræðu.“

Sigurjón segir sérkennilegt að gripið sé til þess að færa embættismann til í starfi til að skipa embætti þjóðminjavarðar. Harpa sé góð og gegn og fagmanneskja en engar upplýsingar séu veittar um það hvað hún hafi fram yfir aðra sem gætu sinnt verkefninu.

Bendir Sigurjón á að aðrir hafi ekki getað lýst sinni á starfið því staðan hafi ekki verið auglýst. Þjóðminjasafnið sé sérstök stofnun og ekki aðeins stjórnsýsluvettvangur.

„Það er engin tilraun gerð til að sannfæra mann um með einhverjum rökum að þessi tilfærsla Hörpu sé sú allra besta ákvörðun sem hægt



Harpa Þórsdóttir og Lilja Dögg Alfreðsdóttir.

MYND/ADSEND



Þetta er algjörlega fáránleg ráðstöfun.



Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor í safnafræði við HÍ

er að taka til þess að leysa úr þeim verkefnum sem Þjóðminjasafnið þarf að sinna,“ segir prófessorinn.

Einnig nefnir Sigurjón að á árinu 2013 hafi Þjóðminjasafnið fengið hlutverk háskólastofnunar með lagabreytingu. „Þarf þá þjóðminjavörður þar af leiðandi ekki að vera með akademískt hæfi?“ spyr hann og segist telja að í embættið ætti að veljast fólk sem sé með doktorspróf að lágmarki.

Harpa mun fylla skarð Mar-

grétar Hallgrímsdóttur sem lét af starfi þjóðminjavarðar fyrr á þessu ári. Sigurjón segir fólk hafa talið að staðan yrði auglýst með haustinu og sé því brugðið í dag. „Ég held að engum hafi dottið í hug sá möguleiki að ráðherra myndi skipa í þetta mikilvæga embætti með þessum hætti. Þetta er algerlega fáránleg ráðstöfun,“ segir hann.

Harpa er dóttir Þórs Magnússonar, fyrrverandi þjóðminjavarðar. Að því er segir í tilkynningu menningarmálaráðuneytisins hefur Harpa starfað við íslensk og erlend söfn í rúm tuttugu ár. Hún hafi leitt starfsemi Listasafns Íslands inn í nýja tíma. Hún hafi meðal annars numið við fornleifafræði- og listasögudeild Sorbonne-háskóla í París og starfað við safna- og fornleifafræðideild Boulogne-sur-Mer borgar.

Segir að „með tilliti til farsællar stjórnunarreynslu, víðtækra starfa innan safnageirans og góðrar þekkingar á málefnum Þjóðminjasafnsins“, hafi ráðherra ákveðið að nýta heimild í lögum til að flytja embættismann milli stofnana og skipa Hörpu þjóðminjavörð. ■

## Námsstyrkir

til nemenda í verkfræði og raunvísindum

Stjórn Minningarsjóðs Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar auglýsir hér með eftir styrkumsóknum vegna náms á skólaárinu 2022-2023. Styrkir eru ætlaðir nemendum í verkfræði- og raunvísindagreinum og hafa þeir einkum verið veittir nemendum í framhaldsnámi.


Umsókn og fylgigögnum skal skilað í einu pdf-skjali á pósthafið **MinningHelguogSigurliða@gmail.com**.

Umsókn skal innihalda ferilskrá, staðfestingu á skólavist og námsárangri, meðmælum og öðrum gögnum sem umsækjandi telur koma að gagni við mat umsóknar.

**Umsóknarfrestur er til 26. september 2022. Stefnt er að úthlutun í lok október.**

Sjá nánar á vef sjóðsins: <http://MinningHelguogSigurliða.is>





# MEST SELDI BÍLL ALLRA TÍMA TOYOTA COROLLA



Verð frá: 5.090.000 kr.

KINTO ONE Langtímaleiga  
Verð frá: 117.000 kr. á mánuði

TOYOTA – MEST SELDA  
BIFREIÐATEGUNDIN  
Á ÍSLANDI

**32**  
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR  
vátryggt af TM



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000



2018

UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULEIFSINS  
UMHVERFISFYRIRTAKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



# Hestafólk vildi ekki hundafólk sem granna í Kópavogi

kristinnhaukur@frettabladid.is

**KÓPAVOGUR** Erfiðlega hefur gengið að finna nýjan stað fyrir hundasvæði í Kópavogi. Einnig má ætla að það verði dýrt fyrir bæjarsjóð vegna andstöðu hestamanna og fleiri.

Núverandi hundasvæði við Vatnsendahæð mun þurfa að vikja þegar farið verður í gatnagerð og byggingaframkvæmdir í Vatnsendahvarfi. En það er eina hundasvæðið í sveitarfélaginu.

Í nokkur ár hefur bæjarstjórn reynt að finna annan stað en gengið brósuglega. Árið 2018 var kannaður möguleikinn á hundasvæði á Vatnsendaheiði, í nágrenni Guðmundarlundar. Nágrannarnir, hestamannafélagið Sprettur og Skógræktarfélag Kópavogs, lögðust hins vegar gegn því. Sprettur mjög harðlega.

„Á þessu svæði eru margar reiðleiðir og fer lausaganga hunda ekki saman við ríðandi umferð og skapar þetta mikla slyshættu,“ sagði í

umsögn Sprettis. Hætti umhverfissvið Kópavogsbæjar þá við þann valkost.

Ári seinna var horft til austurhluta Fossvogsdals, við göngustíga neðan Álftatúns, og gerð deiliskipulagstillaga þess efnis. En þá risu íbúarnir upp á afturfætturna og mótmæltu fyrirætlunum harðlega, meðal annars vegna hávaðamengunar frá geltandi hundunum. Var þá hætt við þann valkost líka.

Enn stendur yfir leit að nýju



**Kópavogsbæ gengur erfiðlega að finna stað fyrir nýtt hundasvæði.**

hundasvæði fyrir Kópavog en Birkir Rútsson, deildarstjóri gatnadeildar hjá umhverfissviði, bendir á það í nýrri umsögn að Kópavogur sé orðinn þéttbyggður bær.

Ætla megi því að fyrirætlunir um hundasvæði á öðrum stöðum myndu hljóta sömu örlög. Sennilega sé besti kosturinn að horfa aftur til Vatnsendahvarfs en girða þá svæðið rækilega af og útbúa sérstakar gönguleiðir. Það yrði þó talsvert dýr framkvæmd. ■

## Ákæra gefin út í Barðavogsmálinu

erlamaria@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Ákæra hefur verið gefin út á hendur karlmanni á þrítugsaldri í Barðavogsmálinu svokallaða, en hann er grunaður um manndráp. Þetta staðfesti Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari í samtali við Fréttablaðið. Að öðru leyti vildi hún ekki gefa nánari upplýsingar um málið að svo stöddu.

Karlmaður á fimmtugsaldri fannst látinn á heimili sínu þann 4. júní síðastliðinn, en nágrenni hans er grunaður um að hafa orðið honum að bana. Sá var handtekinn á vettvangi og hefur hann setið í gæsluvarðhaldi í tólf vikur. ■

## Áminntur fyrir ósæmileg ummæli

ingunnlara@frettabladid.is

**MANNRÉTTINDI** Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari hefur verið formlega áminntur vegna ummæla sinna um samkynhneigða og flóttafólk.

Ummælin voru talin ósæmileg og ósamrýmanleg starfi hans og til þess fallin að varpa rýrd á störf hans sem vararíkissaksóknara, embætti ríkissaksóknara og ákærvaldið almennt.

Helgi Magnús birti færslu sína við frétt úr kvöldfréttum Stöðvar 2 í júlí þar sem rætt var við lögmann hælisleitanda. Þar voru stjórnvöld sögð hafa vænt skjólstaðing sinn um að ljúga til um kynhneigð sína. Í færslu við fréttina sagði Helgi Magnús hælisleitendur „auðvitað“ ljúga um kynhneigð sína og spurði hvort „einhver skortur [væri] á hömmum á Íslandi“. ■

# Segir bæði skynsamlegra og betra að lengja fæðingarorlof til átján mánaða

Formaður félags leikskólakennara segir leikskólana ekki í stakk búna til að taka við sífellt við yngri börnum, en það eigi sinn þátt í ofvexti leikskólastigsins. Skynsamlegra og betra sé fyrir börn að lengja fæðingarorlofið til 18 mánaða aldurs.

erlamaria@frettabladid.is

**LEIKSKÓLAR** „Það þarf að hugleiða þann þátt að leikskólarnir skuli taka við sífellt yngri börnum. Það á sinn þátt í ofvexti leikskólastigsins og gögn sýna berlega að leikskólarnir eru alls ekki í stakk búnir fyrir þessa viðbót,“ segir Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, um stöðu dagvistunarmála í Reykjavík. Sú framtíðarstefna sem sveitarfélög og ríki hafi í leikskólum gangi einfaldlega ekki upp.

Haraldur telur skynsamlegra og betra fyrir börn að lengja fæðingarorlofið til 18 mánaða aldurs, en með því væri hægt að lengja dvalartímann í áföngum eftir því sem börnin eldast, eða fram að tveggja ára aldri.

„Þá gæti fæðingarorlofskerfið og leikskólakerfið talað saman. Á þessu sex mánaða tímabili kæmu börn inn hægt og rólega þar til leikskólinn tæki alveg við af fæðingarorlofskerfinu,“ segir Haraldur.

Spurður segir Haraldur núverandi stöðu í dagvistunarmálum almennt ekki koma leikskólakennurum á óvart. Lengi hafi legið fyrir að kerfið þoli ekki þennan hraða vöxt.

„Það er eitt að hafa framtíðarsýn og stefnu til framtíðar í málaflokknum en það er annað að tíma- setja rétt í hvaða skrefum hægt er að ná markmiðunum,“ segir Haraldur. Síðastliðið vor hafi leikskólamað



Haraldur Freyr Gíslason segir inntöku yngri barna á leikskóla þátt í ofvexti leikskólastigsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
VILHELM



**Gögn sýna berlega að leikskólarnir eru alls ekki í stakk búnir fyrir þessa viðbót.**

Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara

verið stórt kosningamál, þar sem flestir flokkar ætluðu sér að brúa bilið milli leikskóla og fæðingarorlofs.

„En fáir höfðu raunverulegar hugmyndir um það hvernig fara mætti að því og enn færri lögðu fram tillögur sem myndu ráðast að rót vandans, sem er að fjölga leikskólakennurum,“ segir Haraldur, og bætir við: „Ef sá vandi er ekki leystur munu allar tilraunir til að stækka leikskólakerfið, til dæmis með því að taka inn yngri börn, draga úr gæðum leikskólastarfs og hafa alvarleg áhrif á starfsumhverfi leikskólakennara.“ ■



**Formaður Félags leikskólakennara segir stöðu í dagvistunarmálum ekki koma leikskólakennurum á óvart.**

## FÆRÐIN ER ALLTAF GÓÐ

Leyfðu Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid að spreyta sig á krefjandi slóðum. Leiðin verður rafmögnuð.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFLÖÐUNNI PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300  
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ LAUGARDAGA

Jeep

4x4  
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS • ISBAND.IS







SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Áskrift að upplifun

TÓNLEIKARAÐIR  
2022 | 2023

Nýtt starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands er perlum og stjörnum prýtt – boðið er upp á sex ólíkar tónleikaraðir á starfsárinu 2022-2023. Þú getur komið í áskrift að þeirri tónleikaröð sem höfðar mest til þín og valið þér sæti í Eldborg, eða keypt Regnbogakort sem gefur þér kost á að setja saman tónleikaröð eftir eigin höfði.

Áskrift að tónleikaröðum og Regnbogakorti veitir  
**20% afslátt** af almennu miðaverði.

Nánari upplýsingar í miðasölu  
Hörpu og á [sinfonia.is](http://sinfonia.is).

SINFONIA.IS



## Hátt í tvö tonn af fikniefnum fundust í flísum

benediktboas@frettabladid.is

**ÁSTRALÍA** Yfirvöld í Ástralíu upplýstu í gær að þau hefðu fundið um 1,6 tonn af metamfetamíni sem falið var í marmaraflísum sem fluttar voru frá Miðausturlöndum til Sydney. Lögregluýfirvöld segja að þetta sé einn stærsti fikniefnafundur í sögu Ástralíu.

Þrjú menn voru handteknir eftir að 748 kíló af eiturflyfinu fundust snemma í þessum mánuði falin í 24 gámum. Rúmlega tonn fannst svo í 19 gámum sem komu í síðustu viku. Eiturflyfin voru send frá Sameinuðu arabísku furstadæmum.

John Watson lögreglufulltrúi sagði á blaðamannafundi að magnið væri í raun yfirþyrmandi. Engar frekari handtökur hafa verið gerðar síðan efnin fundust en rannsókn lögreglunnar beinist nú að því að finna þá sem sendu efnin. ■



Svona á hin nýja Flensborgarhöfn að líta út. MYND/HAFNARFJARÐARHÖFN

## Smábátæigendur samhljóma í mótmælum

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Nær samhljóða athugasemdir bárust frá 99 aðilum um breytingu á aðalskipulagi hafnar-svæðis Hafnarfjarðar að megninu til smábátæigendur, auk þess sem Landssamband smábátæigenda tekur heils hugar undir þær athugasemdir.

Í athugasemdunum kemur fram að smábátæigendur er ofarlega í huga aðgengi að smábátahöfninni og að þeir telji að auglýst breytingartillaga feli í sér að aðgengi þeirra verði rýrt.

Þær sex athugasemdir sem voru algengastar voru að bilastæðin og gatan Fornubúdir fara – nokkuð sem mætti alls ekki gerast. Fjöldi bilastæða þurfi að vera nægur. Eigendur þurfi að geta keyrt nálægt flotbryggjum vegna reglubundins eftirlits með bátunum í öllum veðrum allan ársins hring, annað sé hættulegt. Að hægt verði að sinna viðhaldi báta á Skeljungsbryggju við hliðina á rampi. Huga þurfi að bilastæðum fyrir eigendur sportbátæigenda og að rampur til sjósetninga verði áfram á sínum stað.

Skipulagsyfirlýðing þakka smábátæigendur fyrrgreindar ábendingar, sem hafðar verða í huga við gerð deiliskipulags reitsins við Flensborgarhöfn en benda á að breytingin taki ekki til aðgengis og umferðarmála. Það verður gert á deiliskipulagsstigi. „Þegar vinna við gerð deiliskipulags reitanna sem snúa að smábátahöfninni við Flensborgarhöfn hefst, er góðs samráðs við smábátæigendur vænst um fyrrgreindar ábendingar.“ segir skipulagsfulltrúi en Hafnarstjórn, sem tók málið fyrir í gær, vísaði málinu til staðfestingar í bæjarstjórn. ■

## Palestína



Palestínkir mótmælendur lentu í átökum við ísraelska hermenn og landnema í þorpinu Beit Led nálægt borginni Tulkarm á Vesturbakkanum í gær. Palestínurmenn voru þar til að mótmæla stækkun ísraelskra landtökubýggða á hernámssvæðum Ísraels. Sjó mótmælendur slósuðust í átökunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Neyðast til að flytja úr landi eftir að Vinnumálastofnun synjaði um leyfi

Vinnumálastofnun tók tveggja ára iOS-tækniþjálfun bandarískrar konu ekki sem gilda sérhæfingu. Neyðast hún og eiginmaður hennar til að flytja úr landi þrátt fyrir vinnuafllskort á Íslandi.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**ÚTLENDINGAMÁL** Bandarísku hjónin Liz og Kevin McLaughlin eru nú að undirbúa flutning frá landinu eftir að Vinnumálastofnun (VMST) hafnaði umsókn um atvinnuleyfi. En þau höfðu menntað sig hér og höfðu hug á því að starfa og búa sér til líf á Íslandi. Kenna þau bæði vinnuveitandanum og ríkisstofnunum um hvernig fór.

Eftir að hafa numið hagnýta íslensku við Háskóla Íslands ákvað Liz að leita sér að vinnu í vor. Í apríl var hún ráðin iOS-tækniáhrá hjá Epli. En hún hefur lært það fag hjá Apple.

„Yfirmaður minn sótti um atvinnuleyfi fyrir sérhæfðan starfsmann,“ segir Liz. „Hún sagði að annar erlendur starfsmaður hjá fyrirtækinu hefði slíkt leyfi og á grundvelli þess að hún fullvissaði mig oft ákvað ég að sækja ekki um frekara nám. Eiginmaður minn gerði það ekki heldur, byggt á þessu.“

Í júlí fékk Liz hins vegar símtal frá Vinnumálastofnun þar sem henni var tilkynnt að umsókn um atvinnuleyfi vegna sérhæfingar væri synjað. Hún væri með háskólagráðu sem félagsráðgjafi og tveggja ára þjálfun hjá Apple væri ekki ígildi þess. Þetta kom henni mjög á óvart miðað við leiðbeiningarnar á vef stofnunarinnar.

„Mér var í staðinn boðið sérstakt atvinnuleyfi vegna vinnuafllskorts



Liz og Kevin McLaughlin undirbúa nú kostnaðarsaman flutning frá landinu.

MYND/ADSEND



**Við áfrýjuðum málinu og veittum frekari upplýsingar en fengum ítrekaðar neitanir.**

Liz McLaughlin

en inni í því er enginn réttur til fjölskyldusameiningar,“ segir Liz. En það þýðir að Kevin yrði að fara úr landi. „Við áfrýjuðum málinu og veittum frekari upplýsingar en fengum ítrekaðar neitanir,“ segir hún.

Lögmaður ráðlagði þeim að

stofna eigið fyrirtæki og ráða Kevin sem sérhæfðan starfsmann. En þá kom í ljós að sú leið var bæði mjög kostnaðarsöm og óvíst hvort hún myndi virka. „Þess vegna tókum við þá ómurlegu ákvörðun að flytja frá Íslandi þar sem það var óviðunandi fyrir okkur að dvelja í nokkra mánuði til viðbótar án þess að vita hvort við fengjum að vera áfram.“

Flutningurinn kostar hjónin um 1,5 milljónir króna og Liz segir þau ekki eiga fyrir honum. „Við unnum hördum höndum að því að byggja upp líf hérna og höfum verið virk í samfélaginu frá upphafi,“ segir hún.

Segist hún hafa vonast til þess að geta starfað sem félagsráðgjafi þegar íslenskukunnáttan væri orðin næg. Áður en þau fluttu hingað, í ágúst árið 2021, höfðu þau heim-sótt landið margt. „Við komumst

að því að okkar gildi samrýmdust Íslandi mun betur en Bandaríkjunum,“ segir Liz.

Erla Björk Sigurgeirsdóttir, þjónustustjóri Eplis, segir það ekki í höndum atvinnurekenda að veita erlendum starfsmönnum atvinnuleyfi. Það sé alfarið komið undir Útlendingastofnun og VMST. „Vinnumálastofnun samþykkti ekki umsóknina sem um sérfræðing væri að ræða og því fær fjölskylda viðkomandi ekki landvistarleyfi, því miður. Þetta er ákvörðun sem er einungis á valdi stjórnvalda,“ segir hún. „Við gefum ekki erlendum starfsmönnum loford um atvinnuleyfi né getum stjórnað því á hvaða forsendum Vinnumálastofnun gefur út leyfið. Hins vegar þá getum við veitt umsækjendum vilýði fyrir starfsráðningu, sem var gert.“ ■



# Fullt hús af hamingju

Kortasalan er hafin



Borgarleikhúsið



## Yfirlýsingin um húsleitina í Mar-a-Lago full af útstrikunum

thorgrimur@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** Dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna birti í gær eiðsvarna yfirlýsingu sem rökstuddi umsókn rannsóknaryfirvalda um leitarmeimild á heimili Donalds Trump fyrrverandi Bandaríkjaforseta á Mar-a-Lago-óðalsetrinu í Flórída. Bandaríska alríkislögreglan gerði húsleit á setrinu fyrr í ágúst vegna ábendingar um að þar væri að finna opinber trúnaðarskjöl sem Trump hefði haft með sér þegar hann lét af forsetaembætti í byrjun 2021.

Eins og búist var við voru stórir hlutar yfirlýsingarinnar strikaðir út. Dómsmálaráðuneytið hafði fært rök fyrir nauðsyn þess að halda hlutum hennar leyndum til að vernda vitni sem gáfu ábendingar um að trúnaðargögn væri að finna á óðalsetrinu. Í texta sem skilinn var eftir óstrikaður kemur þó fram að ákærvaldið hafi talið rökstuddan grun liggja fyrir um að trúnaðargögn um varnarmál væri að finna í tilteknum herbergjum í Mar-a-Lago, þar á meðal íbúð

Case 9:22-cv-00522-MEP Document 222-1 Entered on FLSD Docket 09/20/2022 Page 26 of 27



Sumar blaðsíður yfirlýsingarinnar voru strikaðar út í heild sinni.

Trump, skrifstofu hans og öðrum einkarýmum.

Það að alríkislögreglan hafði grun um tiltekin herbergi þar sem skjölín væri að finna kann að renna stoðum undir þá kenningu að ábendingin hafi borist frá uppljóstrara sem hafði aðgang að Mar-a-Lago-setrinu. ■



Keyrt er á margar kindur og lömb á hverjum degi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Keyrt á tugþúsundir fjár frá aldamótum en ekkert gert

Lögfræðingur sakar stjórnvöld um tvískinnung þegar kemur að dýravernd. Fylgst sé náð með hvalveiðum en sauðfé falli þúsundum saman á vegum landsins án þess að nokkuð sé gert. Dauðastríðið getur verið mjög langt fyrir sauðfé.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**DÝRAVERND** Kristín Magnúsdóttir, lögfræðingur og landeigandi sem hefur barist gegn lausagöngu búfjár um nokkurt skeið, segir það tvískinnung hjá stjórnvöldum að koma upp rækilegu eftirliti með hvalveiðum á meðan keyrt sé á um þúsund kindur á hverju ári.

Haldberustu rökin gegn hvalveiðum hafi verið að ómögulegt sé að lífláta dýrin með skjótum og sársaukalausum hætti. Það geti tekið allt að 25 mínútur að aflífa þá. Þess vegna hafi Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra gefið út reglugerð um veiðieftirlitsmenn sem noti myndbandsupptökur.

„Á hverju sumri eru kindur í hundraða vís slasaðar og drepnar með bilum á þjóðvegum landsins,“ segir Kristín. „Út frá upplýsingum frá ríkislögreglustjóra og öðrum



Þar sem slysin verða á vegum úti um allt land getur biðin eftir lögreglu og byssunni verið löng og strembin.



Kristín Magnúsdóttir, lögfræðingur og landeigandi

gögnum má áætla að frá aldamótum hafi á bilinu 15 til 20 þúsund kindur verið drepnar eða slasaðar með bilum hér á landi. Það þýðir að ekið sé á um þúsund kindur á hverju sumri,“ segir hún.

Lögreglan í Hornafirði, þar sem gríðarlega mikið hefur verið um ákeyrslur á sauðfé, gerir ráð fyrir að aðeins séu 15 prósent tilvika

tilkynnt. Í Austur-Skaftafellssýslu einni voru tilkynningarnar 140 árið 2019.

„Þegar kindin drepst ekki við höggið þarf bílstjórinn að kalla til lögreglu til að ljúka kvölum dýrsins. Þar sem slysin verða á vegum úti um allt land getur biðin eftir lögreglu og byssunni verið löng og strembin,“ segir Kristín. Sumar kindur lifi við örkuhl fram að hausti.

Segur Kristín að fyrir nokkrum árum hafi hún fundið mölbrotið lamb í vegarkanti, sem skreiddist jarmandi áfram á óbrotna fætinum. „Farið var á næsta bæ og látið vita. Bóndinn kvaðst mundu sækja lambið og aflífa. Hann taldi vist að keyrt hefði verið á það, stungið af og móðirin svo farið frá því þegar lambið gat ekki fylgt henni,“ segir Kristín.

Vísar hún til 14. greinar laga um velferð dýra þar sem segir að vernda eigi dýr gegn hættum. „Það er undarlegt að sú stofnun sem á að hafa eftirlit með að lögunum sé framfylgt, og fer fljótlega að liggja yfir og tímasetja vídeóupptökur af aflifun hvala, horfi upp á um þúsund kindur slasaðar, limlestar og drepnar með bílstudurum á hverju einasta sumri, án þess svo mikið að hreyfa legg né lið,“ segir Kristín. ■

Flug aðra leið til  
**Tenerife**

Flugsæti  
Flug aðra leið frá  
**9.900**

SKANNADU MIG

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is

**Námsorlof**  
kennara, námsráðgjafa  
og stjórnenda framhaldsskóla  
Umsóknarfrestur til **6. október**

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um námsorlof á framhaldsskólastigi fyrir skólaárið 2023-2024. Umsóknir þurfa að berast Rannís eigi síðar en **fimmtudaginn 6. október, kl. 15:00**.

Um námsorlof geta sótt framhaldsskólakennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnendur framhaldsskóla. Einnig geta skólameistarar sótt um námsorlof fyrir hönd kennara viðkomandi skóla.

**Sótt er um rafrænt í gegnum umsóknakerfi Rannís.** Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vandlega reglur sjóðsins og algengar spurningar.

**Nánari upplýsingar gefur** Skúli Leifsson, verkefnastjóri innlendra menntasjóða, í síma 515 5843 eða namsorlof.framhaldsskola@rannis.is.



## Rekin fyrir kynferðislega tilburði

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Kærunefnd jafnréttismála skilaði skýrslu um störf sín í fyrsta sinn í júní en skýrslan birtist í gær. Árið 2021 voru 20 mál stofnuð í málaskrá kærunefndar jafnréttismála en málunum hefur fjölgað mikið undanfarin ár. Þau voru aðeins sex árið 2019. Í maí síðastliðnum var enn ólokið fjórum málum frá fyrra ári. Kærendur voru tíu karlar og tíu konur.

Í helstu niðurstöðum má sjá að kona kærði Strætó fyrir ólöglega uppsögn. Hún taldi að Strætó hefði þvingað hana til að gera starfslokasamkomulag en með því hefði henni verið mismunað á grundvelli kyns, aldurs og þjóðernisuppruna.

Hún hafði sent sér töluvert yngri manni í stjórnunarstöðu hjá Strætó óviðeigandi skilaboð sem Strætó leit á sem kynferðislega tilburði og hefði konan þar með gerst sek um brot á starfsskyldum sínum.

Kærunefndin dæmdi þó að Strætó hefði gerst brotlegur við uppsögnina.



Strætó skoðaði ekki umrædd skilaboð með tilliti til málaskilnings.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skilaboðin voru ekki rannsökuð sérstaklega með tilliti til málaskilnings en konan er af öðrum þjóðernisuppruna en samstarfsmaðurinn. Þá gat Strætó ekki sýnt fram á neinar aðrar ástæður en kyn, aldur eða þjóðernisuppruni hafi legið til grundvallar ákvörðun um uppsögnina.

Þá sagði Flugleiðahótel upp óléttri konu og synjaði henni um greiðslu launa á uppsagnarfresti. Hótelíð gekk einnig fram hjá henni við end-

urráðningu. Nefndin vísaði erindinu frá þar sem krafa beindist að ágreiningi um uppgjör launa. Þá var ekki talið að sýnt hefði verið fram á að fæðingarorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði hefðu haft áhrif á uppsögn kæranda eða við endurráðningu fyrrverandi samstarfsmanns.

Málsmeðferðartími nefndarinnar árið 2021 var að meðaltali 179 dagar frá kærðu til úrskurðar. ■



# STYRKARSJÓÐUR LYFJU 2022

**Sýn Lyfju er að lengja líf og auka lífsgæði**

Með það að leiðarljósi veitir Lyfja styrki ár hvert til verkefna sem teljast heilsueflandi og hafa forvarnargildi.

## **Lyfja styrkti eftirfarandi verkefni á síðasta ári**

### **Sofa Borða Elska**

Markmið verkefnisins er að hjálpa barnafjölskyldum að sofa betur

### **Lífrænt líf**

Heimildarmynd sem fjallar um lífræna ræktun á Íslandi

### **Okkar heimur**

Verkefni á vegum Geðhjálpur sem felur í sér stuðning og fræðslu fyrir börn og aðstandendur barna með geðrænan vanda

### **Þögul tár**

Forvarnarmynd um sjálfsvíg

### **Frú Ragnheiður - Rauði krossinn**

Þjónusta á vettvangi við jaðarsetta einstaklinga

**Sæktu um á [lyfja.is/styrkir](https://lyfja.is/styrkir)**

**Umsóknarfestur til 1. september 2022**







Utanríkisráðherrar Eystrasaltsríkjanna og Íslands undirrita sameiginlega yfirlýsingu í tilefni af þrjátíu ára afmæli stjórnmálasambands ríkjanna við Ísland. Fyrir aftan þau standa forsetar ríkjanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Segir að viðskiptum við Pútín verði að linna

Áhrifaríkasta leiðin til að stöðva stríðið í Úkraínu er að hætta öllum kaupum á gasi og olíu frá Rússlandi. Þetta segir forseti Litáen í viðtali við Fréttablaðið. Með áframhaldandi viðskiptum fjármagn þjóðir heimsins stríð Pútíns.

bth@frettabladid.is

**ALÞJÓÐAMÁL** Gitanas Nauséda, forseti Litáen, sagðist ekkert botna í Íslendingum að hafa keypt Volgur og Moskvich-bíla af Rússum í staðinn fyrir fisk áratugum saman.

„Það er ekki eins og þetta hafi verið bestu bílar í heimi,“ sagði Gitanas léttur á brún og uppskar hlátur tiginna gesta og sérstaklega þeirra sem muna tímana tvenna í hátíðarsal Háskóla Íslands í gær.

Þetta var eina athugasemdin sem Gitanas gerði við ræðu Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, sem þá hafði flutt erindi og getið viðskiptanna í sögulegu yfirliti. Tveir menn komu saman í einum, annars vegar sagnfræðingurinn Guðni og svo forsetinn Guðni. Mjög góður rómur var gerður að fyrirlestri hans en í umræðum að honum loknum fór nokkuð fyrir stöðu smárikja í skugga stórvelda.

Allir forsetar Eystrasaltsríkjanna eru hér staddir vegna 30 ára lýðræðisafmælis ríkjanna og þeirrar staðreyndar að Íslendingar, undir stjórn Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra, voru fyrstir fullvalda þjóða til að styðja sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litáen.

Kom fram að heimsókn Jóns Baldvins Hannibalssonar í janúar 1991 til Vilnius þegar ögurstund var uppi um hvort ríkin næðu að brjótast undan oki Sovétríkjanna hefði haft mikla þýðingu. Með sama hætti hefði Selenskij, forseti Úkraínu, margsagt eftir að Rússar réðust inn í landið fyrir hálfu ári að heimsóknir vinveittra leiðtoga til Úkraínu frá innrás eflri hugrekki



Gitanas Nauséda, forseti Litáen, ræðir við Guðna Th. Jóhannesson, forseta Íslands. Með þeim sjást Alar Karis, forseti Lettlands, Sirje Karis, forsetafrú Lettlands, litáíska forsetafrúin Diana Nausédiené og Egils Levits, forseti Eistlands.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Gitanas Nauséda, forseti Litáen, telur að lönd sem kaupa orku af Rússum séu með beinum hætti að fjármagna innrás Rússa í Úkraínu.



**Ef við hikum frekar mun það kosta fleiri úkraínsk mannlíf, fleiri innviðir og mannvirkir munu eyðileggjast**

Gitanas Nauséda

er ekki nægur að sögn forsetans. Mikilvægt sé að útvega Úkraínu mönnum öflugri vopn.

„Við Litáar reynum að gera okkar besta til dæmis með því að koma hernaðargögnum til Úkraínu en þeir þurfa mun öflugri og viðtækari stuðning. Ef við hikum frekar mun það kosta fleiri úkraínsk mannlíf, fleiri innviðir og mannvirkir munu eyðileggjast,“ segir Gitanas.

Litáen er ekki í hópi ríkja á barmi orkukreppu þrátt fyrir að Litáar hafi ekki keypt neitt gas eða olíu af Rússum. Gitanas segir að Litáar standi í lappirnar með því að nýta aðrar leiðir til orkuöflunar. Meðal annars með innflutningi á rafmagni frá Svíþjóð og Póllandi.

Ítrekað kom fram að Eystrasaltslöndin telja öryggi þeirra hafa aukist með inngöngu Finna og Svía í NATO. Allir forsetar ríkjanna þriggja eru aftur á móti gagnrýnir á innkaup annarra þjóða á orku frá Rússlandi.

„Við erum með innviði sem gerðu okkur kleift að hætta öllum viðskiptum við Rússa í apríl síðastliðnum. Annars tækjum við þátt í að fjármagna innrás Rússa í Úkraínu. Við hvetjum allar þjóðir til að gera það sama. Það verður að stöðva öll viðskipti við Rússa. Úkraínu vegna,“ segir Gitanas Nauséda, forseti Litáen. ■



**Það verður að stöðva öll viðskipti við Rússa. Úkraínu vegna.**

Gitanas Nauséda

landsmanna, því þjóð sem fái opinbera heimsókn viti að hún hafi ekki gleymst.

Gitanas, forseti Litáen, sagði í samtali við Fréttablaðið áður en hann steig upp í rútu á leið til Þingvalla að Madrid-fundurinn hefði verið gagnlegur hvað varðar ofurviðkvæma stöðu í heimshlutanum næst veldi Rússa. „En athafnir þurfa að fylgja orðum,“ sagði Gitanas.

Alþjóðastuðningur við Úkraínu




# KRÓNAN

## Engin röð, bara fjör!

Nú getur þú Skannað og skundað  
á öllu höfuðborgarsvæðinu ásamt  
Fitjum, Akranesi og Selfossi!

Þú finnur  
Snjallverslun  
Krónunnar í

🍏 App store  
▶ Play store



**Skannað**   
og **skundað**



Kíktu á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)





## Vilt þú slást í hópinn?

Karlaekór Reykjavíkur leitar að liðsauka og framundan eru raddpróf fyrir áhugasama söngmenn þar sem raddsvið er kannað og tónheyrn er metin. Kunnátta í nótnalestri er kostur en ekki skilyrði

Ef þú ert fimmtugur eða yngri og hefur áhuga á að syngja með okkur þá hvetjum við þig til að senda línu með helstu upplýsingum á kristinnssonfridrik@gmail.com fyrir 1. sept. og við höfum samband.

Karlaekór Reykjavíkur var stofnaður 1926 og hefur starfað samfleytt síðan, en þó stoppult undanfarin 2 ár vegna samkomutakmarkana.

Hápunktar vetrarstarfs Karlaekórs Reykjavíkur eru annarsvegar árlegir aðventu tónleikar í Hallgrímskirkju og hinsvegar vortónleikar í maí. Viðfangsefni eru krefjandi og skemmtileg og félagskapurinn góður. Kórinn fer reglulega í söngferðir til útlanda og stefnt er að því að sækja frændur vora Færeyinga heim nú í byrjun aðventu.

Æft er í safnaðarheimili Háteigsarkirkju alla þriðjudaga og síðasta fimmtudag hvers mánaðar kl.19.00 frá september fram að vortónleikum, en þá gerum við upp vetrarstarfið ásamt mökum okkar og fögnum vori í gleði og söng.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu



SÓKNARÁÆTLANIR LANDSHLUTA

## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum Sóleyju vegna nýsköpunar- og samstarfsverkefna annars vegar á sviði umhverfis- og samgöngumála og hins vegar á sviði velferðar- og samfélags

Framgreind verkefni eru meðal áhersluverkefna í Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 en markmiðið styrkveitinganna er að hvetja til þátttöku atvinnulífsins í slíkum verkefnum og styðja við verkefni sem tengja saman atvinnulíf og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og efla samstarf þeirra. Í ljósi þess verða aðeins veittir styrkir til lögaðila, en ekki einstaklinga.

Fjármunir til úthlutunar úr sjóðnum vegna hvers málflokks um sig eru 5,0 milljónir kr. Hámarksfjárhæð úthlutunar til einstakrar styrkumsóknar er 1,0 milljón kr.

Starfsreglur sjóðsins og umsóknareyðublað eru aðgengileg á heimasíðu SSH: <http://www.ssh.is/soley>. Umsókn skal jafnframt fylgja 8-12 glæru kynning á pdf-formi (pitch deck) þar sem fram kemur:

- Rökstuðningur þess að verkefni sé nýsköpunarverkefni á sviði umhverfis- og samgöngumála eða velferðar- og samfélags og falli að ofangreindum markmiðum.
- Greinargóð lýsing á verkefninu, auk verk- og tímaáætlunar.
- Fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun), auk upplýsinga um aðra fjármögnun sé hún til staðar.
- Rökstuðningur þess að umsækjandi hafi faglega og fjárhagslega getu til að hrinda verkefninu í framkvæmd.

Sé umsókn ekki til samræmis við framangreint verður hún ekki tekin til efnislegrar meðferðar.

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins: <https://ssh.is/soknaraetlun>.

Umsóknarfrestur um styrki úr sjóðnum er til og með 20. september 2022.

Ákvörðun um úthlutun mun liggja fyrir eigi síðar en 20. nóvember 2022. Úthlutunarnefnd áskilur sér rétt til að leggja til að öllum umsóknum verði hafnað.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu  
Hamraborg 9, 200 Kópavogi  
Sími: 564 1788  
Netfang: [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is)



Kjarnorkuverið í Zaporizjzja þar sem hættu er talin á að geislavirkni sleppi út í andrúmsloftið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Öryggi kjarnorkuversins í Zaporizjzja afar ótryggt

Mikil hættu er nú talin á því að kjarnorkuverið í Zaporizjzja í Úkraínu skaddist og geislavirkni sleppi út í andrúmsloftið. Forstjóri Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar segist vilja leiða sendinefnd til Zaporizjzja.

gar@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Síðasta affjörum raflinum til kjarnorkuversins í Zaporizjzja í Úkraínu rofnaði um stutta stund á fimmtudaginn og fóru þá neyðarvarnarkerfi og varaflastöðvar í gang í fyrsta skipti í sögu orkuversins.

„Örug, utanaðkomandi raforka er grundvallaratriði til að tryggja kjarnorkuöryggi,“ sagði Rafael Mariano Grossi, forstjóri Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, IAEA, í yfirlýsingu af þessu tilefni.




Rafael Mariano Grossi, forstjóri IAEA

Sagði Grossi að einhver atvik kæmu upp nærri kjarnorkuverinu næstum á hverjum degi. „Við megum engan tíma missa,“ sagði Grossi. „Ég er ákveðinn í að leiða í eigin persónu sendinefnd frá IAEA að verinu á næstu dögum til að aðstoða við að koma stöðugleika á öryggismálin þar.

Gríðarlegur hiti skapast í öllum kjarnorkuverum við framleiðslu rafmagns. Kjarnaofnarnir sex í Zaporizjzja voru hannaðir á sínum tíma í Sovétríkjunum. Í þeim eru rafmagnsdælur sem dæla vatni í gegn um kjarnann í ofnunum. Afgerandi er því að rafmagn til að

## Hættu á geislavirkni frá Zaporizjzja

Kjarnorkuverið í Zaporizjzja þurfti að styðjast við varaafli frá dísilrafstöðvum eftir að rússneskar sprengjur slógu út rafmagn og trufluðu mikilvæga dælingu kælivatns um kjarnaofnana.



Heimild: IAEA, ResearchGate, Reuters

Mynd: Google Earth

© GRAPHIC NEWS

knýja kælingarbúnaðinn bregdist ekki.

„Ef kælingin er rofin getur eldsneyti brætt sig í gegn um stálið og í verstu tilfellum getur myndast leki og geislavirkni sleppur út í andrúmsloftið,“ bendir bandaríski

visindamaðurinn Edwin Lyman á í færslu á bloggsíðu sinni.

Fari allt á versta veg gæti orðið afar alvarlegt kjarnorkuslys á borð við þau sem urðu í Tsjernobíl í Úkraínu árið 1986 eða í Fukushima í Japan árið 2011. ■

# Verkfall hafið hjá breska póstinum

benediktboas@frettabladid.is

**BRETLAND** Fjögurra daga verkfall breska póstsins hófst í gær en talið er að 115 þúsund manns hafi gengið út af vinnustað sínum. Pósturinn gaf út yfirlýsingu í gær þess efnis að bréf og böggjar yrðu ekki borin út um helgina. Þó verða gerðar undantekningar á sendingum frá læknum og neyðarsendingum.

„Við getum ekki búið í landi þar sem yfirmenn og eigendur raka inn milljörðum en starfsmenn þurfa að



Hagnaður breska póstsins var 69 milljarðar í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

notast við matarbanka. Yfirmenn okkar fengu 758 milljónir punda í sinn hlut á síðasta ári og hluthafar rökðu inn yfir 400 milljónum punda. Þetta getur ekki gengið og við sættum okkur ekki við þetta,“ segir Dave Ward formaður verkalýðssambandsins Communication Workers Union í samtali við Sky News.

Samkvæmt fréttum Sky var hagnaður póstsins 416 milljónir punda á síðasta ári eða 69 milljarðar króna. ■





Litili örvun er af sjónvarpsglápi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Sjónvarp getur leitt til elliglapa

gar@frettabladid.is

**VÍSINDI** Mikið áhorf á sjónvarp getur aukið líkur á því að fólk fái elliglöp. Þetta segir spænska blaðið El País vera niðurstöðu rannsóknar sem gerð var á yfir nærri 150 þúsund manns í Bandaríkjunum.

Fólk sem notar gagnvirka miðla eins og tölvur þróar hins vegar síður með sér elliglöp. Rannsóknin sýnir að kyrrseta hafi í sjálfu sér ekki áhrif á heila fólks heldur skipti máli hvað sé verið að gera á meðan setið er. Hreyfing út af fyrir sig leiðir hins vegar til minni hættu á elliglöpum auk þess að hafa jákvæð áhrif á heilsu fólks almennt. ■

## Derek Chauvin í annað fangelsi

benediktboas@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** Derek Chauvin, lögregluábyrgingurinn sem drap George Floyd með því að krjúpa á hálsinum á honum í rúmar níu mínútur, var færður úr öryggisfangelsi í Minnesota yfir í fangelsi í Arizona þar sem öryggiskröfurnar eru minni.

Chauvin var yfirleitt í einangrun í Minnesota í klefa sem var nokkrir fermetrar. Í fangelsinu sem hann fer í núna eru 266 fangar og þar eru bæði karlar og konur.



Derek Chauvin

Randilee Giamusso, talsmaður fangelsismála í Bandaríkjunum, neitaði að tjá sig um málið við Los Angeles Times en samkvæmt frétt blaðsins er talið líklegt að Chauvin verði ekki fyrir árásum í venjulegum fangelsum.

Blaðið segir að með því að færa hann séu minni líkur á að hann rekist á fólk sem hann hafi handtekið.

Chauvin var dæmdur í 22 ára fangelsi fyrir morðið á Floyd en morðið orsakaði reiðiöldu yfir öll Bandaríkin. ■

## Breyta flugvélum fyrir kjarnavopn

gar@frettabladid.is

**HVÍTA-RÚSSLAND** Herflugvélum af gerðinni SU-24 í Hvíta-Rússlandi hefur verið breytt til fyrra horfs þannig að þær geti borið kjarnorkusprengjur. Þetta sagði Alexander Lúkasjenko, forseti landsins, í gær.

Er þetta gert þrátt fyrir að Hvít-Rússar eigi engin kjarnorkuvopn. Að sögn Lúkasjenko er þessi ráðstöfun í samráði við Vladímír Pútín, forseta Rússlands. Hvít-Rússar hafa til þessa veitt Rússum aðgang að landi sínu í sambandi við innrás þeirra síðarnefndu í Úkraínu. ■

# Enn slegið rigningarmet og Pakistan þarf hjálp

benediktboas@frettabladid.is

**PAKISTAN** Um níu hundruð manns hafa látist vegna sögulegrar rigningar í Pakistan en samkvæmt BBC hefur rigningin áhrif á um 33 milljónir manna.

Sherry Rehman, loftslagsráðherra Pakistan, segir í samtali við BBC að þjóðin þurfi alþjóðlega hjálp enda sé þetta áttundi hringur monsunrigninga sem í venjulegu ári fari í þrjá til fjóra hringi. Þjóðin þurfi tjöld, mat og lyf.

Samkvæmt frétt BBC hafa um 400 þúsund heimili eyðilagst og 184 þúsund manns þurft að flýja heimili sín. Innanríkisráðherra Pakistan, Ahsan Iqbal, sagði fyrr í mánuðinum að flóðin hefðu haft áhrif á 15 prósent þjóðarinnar eða um og yfir 33 milljónir.

Ástandið er hvað verst í suðurhluta landsins en héraðið Sindh hefur fengið áttfaldan skammt af rigningu miðað við í venjulegu ári. Skólþ flæðir upp og rusl flýtur um göturnar. ■



Nær tvö hundruð þúsund manns hafa misst heimili sín.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



## Lokafrestur til að skila ársreikningi rennur út 31. ágúst 2022

- Skila ber ársreikningi eigi síðar en mánuði eftir að reikningurinn var samþykktur á aðalfundi félags, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs. Sérstök athygli er vakin á því að skili félag ársreikningi síðar en mánuði eftir aðalfund verður félagið sektað.
- Á vefnum [skatturinn.is/fyrirtaekjaskra](https://www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra) má sjá hvort að ársreikningi hafi verið skilað.
- Örfélög geta nýtt sér hnappinn og látið Skattinn útbúa ársreikning félagsins að því tilskyldu að þau hafi skilað skattframtali. Ekki er heimilt að staðfesta hefðbundin ársreikning á aðalfundi félags en senda svo inn hnappsreikning í stað þess reiknings sem staðfestur var á aðalfundi.
- Senda skal inn til opinberrar birtingar þann ársreikning sem staðfestur var á aðalfundi viðkomandi félags. Ekki er heimilt að breyta eða fella niður neinar upplýsingar í þeim ársreikningi sem sendur er inn til opinberrar birtingar.
- Sekt vegna vanskila nemur 600.000 kr.



# HELGAR SPRENGJA



## 20-30%

afsláttur af völdum vörum



### HEAVEN

3,5 sæta sófi í fallegu Danny Nougat áklæði.  
290x105x82 cm. Nú 263.992 kr. 329.990 kr.

30%



### CLEVELAND

Hornsófi í Riviera dökkgráu áklæði. Vinstri.  
308x203x81 cm. Nú 139.993 kr. 199.990 kr.



### PASO DOBLE NIGHT

U-sófi í ljósgráu áklæði. 386x258x80 cm.  
Nú 447.992 kr. 559.990 kr.



### ATLANTA

3ja sæta rafknúinn sófi. Svart, brúnt eða dökkgrátt leður. 198x96x98 cm.  
Nú 263.920 kr. 329.990 kr.



### UPTOWN

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Ljósgrátt áklæði.  
272x190x80 cm. Nú 439.992 kr. 549.990 kr.



25%

### FRANKLIN

3ja sæta sófi í Kate Stone áklæði.  
231x103x87 cm. Nú 149.992 kr. 199.990 kr.



25%

### LIAM

Tungusófi. Hægri eða vinstri. Alice grátt áklæði.  
267x160x93 cm. Nú 337.493 kr. 449.990 kr.



### CUBO

Svefnsófi í Iris Toffee áklæði. 195x98x87 cm.  
Nú 151.992 kr. 189.990 kr.



### FRANCIS DUSK

Tungusófi, hægri eða vinstri í Velvety dökkgráu áklæði. 371x177x80 cm.  
Nú 519.992 kr. 649.990 kr.

Reykjavík 11 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.





### SALTO

Hornsófi, hægri eða vinstri. Kentucky bonded leðuráklæði, stone eða koníak. 275x216x85 cm. Nú 295.992 kr. 369.990 kr.



### FRANKLIN

Tungusófi með hægri eða vinstri tungu. Kate Stone áklæði. 272x190x80 cm. Nú 239.993 kr. 319.990 kr.

25%

25%



### VISTA

Glerskápur með 3 glerhurðum. 55 x 43 x 140 cm. Nú 78.743 kr. 104.990 kr.



### MADISON

Hægindastóll. Ýmsir litir. Nú 34.993 kr. 49.990 kr.

30%



### PINNACLE

Hægindastóll. 10T-512 AV 714850. Svart leður. Nú 142.493 kr. 189.990 kr.

25%



### CANNES

Hægindastóll, ýmsir litir. Nú 159.992 kr. 199.990 kr.

25%



### VISTA

Skenkur með 6 glerhurðum. 183 x 43 x 90 cm. Nú 104.993 kr. 139.990 kr.



### ATLANTA

Stóll. Rafknúinn. Dökkgrár eða svartur. Nú 139.920 kr. 174.900 kr.



### CHRISTO

Borðstofufborð, hvítolíuborinn eikarspónn. Ø120x75 cm. Nú 111.992 kr. 139.990 kr.



### RICHMOND

Borðstofufborð, olíuborin eikarspónn. Ø120x75 cm. Nú 79.992 kr. 99.990 kr.

30%



### MATTEO

Borðstofufborð, spónlögð hnota. Ø140x75 cm. Nú 160.993 kr. 229.990 kr.



### ECLIPSE

Borðstofufborð, grár askur 110x200x77 cm. Nú 209.993 kr. 279.990 kr.

25%

### YORK

Borðstofustóll. Dökkgrár, svartur eða brúnn. Nú 21.592 kr. 26.990 kr.



34%



### RIVERDALE LYNN

Borðstofustóll, ýmsir litir. Nú 19.900 kr. 29.990 kr.



### ALEXA

Borðstofustóll. Svart eða brúnt leður. Nú 27.992 kr. 34.990 kr.

25%



### RIVERDALE ELIN

Borðstofustóll. Koníak eða svart. Nú 27.990 kr. 37.990 kr.



### ANDREW

Borðstofustóll. Svartur, grár eða brúnn. Nú 19.992 kr. 24.990 kr.



# Skýr pólitík



Sigmundur Ernir Rúnarsson  
ser  
@frettabladid.is

**K**ristrún Frostadóttir verður að öllum líkindum næsti formaður Samfylkingarinnar, en mögulega verður hún ein í leiðtogakjöri flokksins á hausti komanda.

Stuðningsmenn hennar gera sér vonir um að Kristrún geti reist fylgi flokksins til gamalkunnra hæða, enda beri hún með sér ferskan tón í bland við orðfimi og óttaleysi frammi fyrir flóknum úrlausnarefnum.

Og ekki skal dregið í efa að Kristrún er glæsilegur fulltrúi nýrrar kynslóðar í íslenskum stjórnmálum. Það er gild ástæða fyrir því að hún er oftast fengin í viðræðuþætti um þrætuþæpli þjóðmálanna en aðrir stjórnmálamenn á hennar reki. Þar svarar hún enda af viti og festu.

En hver er pólitík Kristrúnar Frostadóttur? Það er stóra spurningin í íslenskri pólitík nú um stundir. Og full þörf er á því að svarið liggi fyrir á næstu vikum áður en hún tekur við valdataumunum í helsta jafnaðarmannaflokki landsins, fylkingu sem ætlar sér að leiða næstu ríkisstjórn Íslands, að fyrirmynd reykvískra stjórnmála.

Kristrún þarf að tala skýrar og víðar í sinni pólitík en hún hefur gert til þessa. Hún þarf að gefa upp pólitíska stefnu sína í mörgum mikilvægum málaflökkum – og það án nokkurra vífilengja.

Og þess er nú beðið að hún gefi með afgerandi hætti upp afstöðu sína í Evrópumálum, þar á meðal hvort hún sé eindreginn talsmaður Evrópusambandsaðildar og upptöku evrunnar. Hún þarf líka að tala undanbragðalaust um viðhorf sín til umhverfismála, svo sem hvernig stjórnvöld og atvinnulíf eigi að takast á við loftslagsvána. Og hvernig sér hún fyrir sér frumlag og andlag orkuskiptanna? Þá er vert að hún upplýsi sjónarmið sín í húsnæðismálum, hvernig taka eigi á þeim brýna vanda sem þar blasi við, á tímum þegar ungs fólks bíður það eina hlutskipti að steypa sér í ævilanga og íþyngjandi greiðslubyrði fyrir þá einu sök að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Og hún þarf auðvitað líka að gefa upp sína pólitíska sýn á arðrán sjávarauðlindanna og með hvaða hætti undið verði ofan af því gegndarlausu óréttlæti.

Loks þarf Kristrún að svara þeirri meginspurningu íslenskra stjórnmála hvernig aukinn jöfnuður verði tryggður hér á landi, ekki bara í launum og kynjábarráttu, heldur til náms og heilsu og þátttöku í samfélaginu.

Það er líðin tíð að stjórnmálaforingjar geti komist til valda án þess að upplýsa fyrir hvað þeir standa í pólitík. ■

”

Kristrún þarf að tala skýrar og víðar í sinni pólitík en hún hefur gert til þessa.

## ■ Gunnar



## ■ Mín skoðun

# Verðlaun fyrir flónsku



Sif Sigmarsdóttir

Síðastliðið vor fór brynklæddur rússneskur hermaður um götur Írþín í Úkraínu. Hann kom auga á MacBook-fartölvu. Hann langaði í MacBook-tölvu. Hann tók hana. En hvar átti hann að geyma tölvu meðan hann gegndi skyldum sínum? Hann dó ekki ráðalaus. Hann fjarlægði skothelda hlífðarplötu úr brjóstbrynju sinni og smeygði fartölvunni inn í staðinn.

Á sama tíma í borginni Beirút, í Líbanon, sat hópur fornleifafræðinga og púslaði saman mölbrotnum glerminjum. Munirnir, sem voru frá tímum Rómaveldis, höfðu staðið í sýningarskáp fornminjasafns daginn örlagaríka í ágúst 2020 þegar sprenging varð í vöruskemmu á hafnar-svæði borgarinnar sem varð meira en tvö hundruð manns að bana og lagði stóran hluta Beirúts í rúst.

Einn litríkastí vísindamaður Bretlands, James Lovelock, lést nýverið 103 ára að aldri. Lovelock kom víða víð. Hann bar kennsl á þau manngerðu efni sem ollu þynningu ósonlagnsins. Hann starfaði fyrir NASA við leit að lífi á Mars og sem uppfinningamaður fyrir bresku leyniþjónustuna. Þekktastur er hann hins vegar fyrir Gaia-kenningu sína. Kenningin, sem dregur nafn sitt af gyðju jarðar í grískri goðafræði, kveður á um að jörðin sé sjálfstæð lífvera, órofa kerfi þar sem bæði hin ólífræna náttúra og vistkerfið viðhaldi í sameiningu bestu skilyrðum til lífs.

Lovelock varð snemma umhverfisverndar-sinni. Þótt hann væri lengst af svartstýnn um framtíð mannkyns var hann alla tíð bjartsýnn um framtíð Gaiu. Ef þörf krefði losaði hún sig við mannkynið eins og óbreytta sýkingu. „Hún mun lifa af, en við gætum dáð út.“ En í viðtali sem tekið var við Lovelock ári fyrir andlát hans kvað við annan tón. „Tími hennar er líklega á enda.“

Haustið er handan hornsins. Þótt sumarsins 2022 verði minnst á Íslandi sem sumarsins sem aldrei kom hefur það víða einkennst af

öfgakenndum hita, þurrkum og skógar-eldum.

Fæstum dylst lengur að hamfarahlýnun er af mannavöldum. Vilji til að snúa við blaðinu virðist þó takmarkaður. Um mitt sumar hafði mannkynið hagnýtt sér allar þær náttúruauðlindir sem jörðin framleiðir á einu ári – hraðar en nokkru sinni fyrr. Liz Truss, sem keppir um að verða næsti forsætisráðherra Bretlands, segir efnahaginn munu hafa forgang á umhverfisvernd, komist hún til valda. Í viðtali sagði tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir að Katrín Jakobsdóttir hefði gengið á bak orða sinna um að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum.

Síðastliðið vor fannst rússneskur hermaður látinn á götu í Írþín. Innan í brynklæðum hans, þar sem hlífðarplata átti að vera, var sundurtætt fartölvu. Rússneski hermaðurinn hefur nú verið tilnefndur til Darwin-verðlaunanna 2022, verðlauna sem veitt eru þeim sem bætir genamengi mannkynsins með því að draga sig óvart úr því með eigin flónsku.

Glermunina frá Beirút má nú skoða á sýningu í Þjóðminjasafni Bretlands sem opnuð var í vikunni. Á sýningunni er sögð saga af „eyðileggingu, uppbyggingu, seiglu og samstarfi“.

Rússneski hermaðurinn fangar allt það versta í fari mannkyns: græðgi, skammsýni, heimsku og fordild. Fornleifafræðingarnir í Beirút fanga allt það besta: styrk, staðfestu, útsjónarsemi og samstöðu.

Rétt fyrir andlát sitt varaði James Lovelock við því að við hefðum valdið jörðinni óafturkræfum skaða; kannski mætti bjarga einstaka kima með einbeittum vilja en lífið yrði aldrei samt aftur. Mannkynið stendur frammi fyrir vali. Við getum verið eins og rússneski hermaðurinn og hlotið að launum hin endanlegu Darwin-verðlaun. Eða við getum verið eins og fornleifafræðingarnir í Beirút og reynt að bjarga því sem bjargað verður. Hvort hyggjumst við gera? ■

## Stefán Jón Hafstein með nýja bók!



Þessi frásögn átti aldrei að birtast.

Sögumaður byrjar að skrá minnisþykta þegar fornvinur hans greinist með banvænan sjúkdóm. Þá er hann að taka við nýju starfi í Róm og sér veraldarmyndina úr rústum heimsveldis. Hann veltir fyrir sér hvort heimurinn okkar stefni í sömu átt.

Þá kemur í ljós að sagan verður að birtast.

Meira á [www.stefanjon.is](http://www.stefanjon.is)

”

Liz Truss, sem keppir um að verða næsti forsætisráðherra Bretlands, segir efnahaginn munu hafa forgang á umhverfisvernd komist hún til valda.





# Gran Canaria

## Meira en þú heldur

Hér getur þú flatmagað í sólinni, skoðað stórbrotnar náttúruperlur, stundað hreyfingu sem rifur upp adrenalínið eða rölt um litla fallega bæi þar sem tíminn stendur í stað.

Nánari upplýsingar á [vita.is](http://vita.is)







Það verður mikil gleði í Laugardalnum í dag þegar barist verður um bikarinn stóra. Valur er sigurstranglegrí aðillinn en á degi sem þessum getur allt gerst.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
EYÐÓR

## Sigursælustu lið bikarkeppninnar mætast

Það verður mikið um dýrðir á Laugardalsvelli í dag þegar tvö sigursælustu lið íslenskrar kvinnaknattspyrnu, Valur og Breiðablik, mætast í úrslitaleik Mjólkurbikarsins. Það er meira í húfi en bara bikar í dag því liðið sem stendur uppi sem bikarmeistari verður um leið eitt á toppnum yfir fjölda bikarmeistaratitla frá upphafi.

aron@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Valur og Breiðablik hafa um áratugi trónað á toppi íslenskrar kvinnaknattspyrnu með þrettán bikarmeistaratitla hvort og eru um leið sigursælustu lið efstu deildar frá upphafi. Breiðablik með 18 Íslandsmeistaratitla og Valur 12.

Valskonur eru ríkjandi Íslandsmeistarar undir stjórn íslensku knattspyrnugóðsagnarinnar Péturs Péturssonar, en þær glíma nú við grýlu sem hefur elt liðið undanfarinn áratug. Valur hefur nefnilega ekki orðið bikarmeistari í kvinnaflokki síðan árið 2011 þegar félagið vann sinn þrettánda titil með 2-0 sigri á erkifjendum sínum í KR.

Gullaldartímabil Valskvenna í bikarkeppninni var án efa árin 1984-1988 þegar liðið einokaði bikarmeistaratitlinn. Eftir það fór að líða lengra á milli bikarmeistaratitlanna.

Liðið hefur þó haft betur gegn Breiðabliki á tímabilinu til þessa. Liðin hafa mæst einu sinni í sumar, á Kópavogsvelli í leik sem Valur vann með einu marki gegn engu. Þá sitja þær í 1. sæti Bestu deildarinnar með fjögurra stiga forskot á Breiðablik.

Blikakonur hafa titil að verja í leik dagsins eftir að hafa boríð sigur úr bítum gegn Þrótturum í úrslitaleiknum í fyrra. Innan leikmannahóps liðsins eru leikmenn sem hafa unnið þennan titil áður þó ekki megi draga úr áföllunum sem hafa dunið á liðinu í aðdrag-



**Sandra Sigurðardóttir** markvörður Vals og íslenska landsliðsins er leikjahæsti leikmaðurinn í sögu bikarkeppni kvenna með 52 leiki.



**Natasha Anasi**, fyrirliði Breiðabliks í fjarveru Ástu Eirar, hefur einu sinni farið í bikarúrslit. Þá með ÍBV þar sem liðið laut í lægra haldi gegn Breiðabliki.

anda leiksins. Tveir af bestu leikmönnum liðsins, fyrirliðinn Ásta Eir Árnadóttir og landsliðskonan Agla María Albertsdóttir, eru báðar fjarverandi vegna meiðsla.

Hefð getur hins vegar skipt máli í svona aðstæðum og í því tilfelli er sagan með Breiðabliki undanfarin ár. Frá því að Valskonur unnu síðasta bikarmeistaratitil sinn árið 2011 hefur Breiðablik orðið bikarmeistari fjórum sinnum.

Þessi tvö sigursælu lið eiga sér sögu í úrslitaleik bikarkeppninnar, sögu sem teygir sig aftur til ársins 1981 þegar liðin mættust fyrst í úrslitaleik keppninnar. Alls hafa liðin spilað átta úrslitaleiki sín á milli í keppninni og eftir þá stendur staðan jöfn. Fjórir sigir á lið. ■

### Fyrri bikarúrslitaleikir liðanna

1981	Breiðablik	4-0	Valur	
1982	Breiðablik	1-1	Valur	(7-6 eftir vítaspyrnukeppni)
1986	Valur	2-0	Breiðablik	
1996	Breiðablik	3-0	Valur	
1997	Breiðablik	2-1	Valur	
2001	Valur	2-0	Breiðablik	
2006	Breiðablik	3-3	Valur	(1-4 eftir vítaspyrnukeppni)
2009	Valur	1-1	Breiðablik	(5-1 eftir framlengingu)

### Má búast við skemmtilegum leik á milli sterkra liða?



**Elísa Viðarsdóttir**  
fyrirliði Vals

„Leikurinn leggst vel í mig. Við erum nýlentar út úr Meistaradeildarævintýri. Það er búinn að

vera mikill stígandi í liðinu og við vonum að sá stígandi haldi áfram á laugardag,“ segir Elísa, en Valskonur komust í aðra umferð undankeppni Meistaradeildar Evrópu á dögunum.

Áhorfendur mega búast við skemmtilegum leik á Laugardalsvelli í dag. „Það eru alltaf góðir leikir þegar Valur og Breiðablik mætast. Ég held það verði engin undantekning þar á.“

Valur hefur ekki unnið bikarkeppnina síðan 2011. Þá vann liðið KR 0-2 í úrslitaleiknum. Liðið hefur þó unnið tvo Íslandsmeistaratitla síðan. Elísa segir liðið ekki finna fyrir aukinni pressu í aðdraganda leiksins í dag, þrátt fyrir að langt sé síðan liðið vann keppnina.

„Það er engin pressa. Við erum búnar að vera að gera vel í deild undanfarin ár. Því miður hefur bikarinn ekki gengið. Við erum hungraðar í að koma með bikarinn heim á Hlíðarenda.“



**Natasha Anasi**  
varafyrirliði Breiðabliks

„Ég er rosalega spennt,“ segir Natasha, létt í bragði fyrir leik. „Þegar það er bikar að vinna

eru tilfinningarnar alltaf miklar.“

Natasha er ekki að leika sinn fyrsta bikarúrslitaleik. Árið 2016 var hún á mála hjá ÍBV, sem laut í lægra haldi fyrir Breiðabliki, félagi hennar í dag. „Nú er ég hjá Breiðabliki að spila á móti Val, það er svolítið myndi.“

Hún hrósar liði Vals í hástert og segir það afar sterkt. Natasha og stóllur eru þó einnig með gott lið. „Þær eru rosalega góðar, skipulagðar og með mikla reynslu. Við erum ekki með eins mikla reynslu en með alveg nógu gott lið til að stríða þeim á vellinum.“

Natasha var spurð að því hvort hún og liðsfélagar hennar hefðu gert eitthvað öðruvísi í aðdraganda leiksins til að þetta raðirnar. „Þú gerir alltaf eitthvað skemmtilegt en þú vilt ekki breyta of mikið.“



**Olga Færseth** er markahæsti leikmaður bikarkeppni kvenna frá upphafi með 47 mörk í 44 leikjum.



Tveir núverandi leikmenn Vals urðu bikarmeistarar með félaginu síðast árið 2011, það eru þær Mist Edvardsdóttir og Elin Metta Jensen.

### Fjöldi bikarmeistaratitla

**Valur**

**13**



1984, 1985, 1986, 1987, 1988, 1990, 1995, 2001, 2003, 2006, 2009, 2010, 2011

**Breiðablik**

**13**



1981, 1982, 1983, 1994, 1996, 1997, 1998, 2000, 2005, 2013, 2016, 2018, 2021



# Milos ráðinn til Rauðu stjórnunnar

Milos Milojevic, sem áður þjálfaði Víking og Breiðablik hér á Íslandi, var í gær tilkynntur sem þjálfari Rauðu stjórnunnar. Hann tekur við af Dejan Stankovic sem mistókst að koma liðinu í Meistaradeild Evrópu.

benediktboas@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Milos Milojevic hefur verið ráðinn þjálfari Rauðu stjórnunnar í heimalandi sínu Serbíu. Þessi fyrrum þjálfari Víkings og Breiðabliks var rekinn frá Malmö í Svíþjóð á dögunum. Milos var hins vegar ekki lengi án starfs og hefur nú landað stærsta starfinu í Serbíu.

Rauða stjarnan er eitt stærsta íþróttalið Balkanskagans en í könnun frá árinu 2008 sögðust 48 prósent Serba halda með félaginu.

Félagið hefur unnið deildina 33 sinnum og 26 sinnum orðið bikarmeistari. Þá hefur liðið komist í riðlakeppni Meistaradeildarinnar og í



Rauða Stjarnan tapaði einvíginu við Maccabi Haifa samtals 5–4 sem varð til þess að liðið fór ekki í Meistaradeild Evrópu. Það kostaði þjálfarann Dejan Stancovic starfið.

16 liða úrslit Evrópudeildarinnar. Milos var áður aðstoðarþjálfari Rauðu stjórnunnar en hann fór svo og starfaði í Svíþjóð en snýr nú aftur heim.

Dejan Stanković var í starfinu en sagði starfi sínu lausu eftir að hafa mistekist að koma liðinu í Meistaradeildina og það opnaði dyrnar fyrir Milos sem skrifaði undir tveggja ára samning.



Stutt er síðan Miloš Milojevic var þjálfari Víkings. Hann er nú orðinn þjálfari Rauðu stjórnunnar sem er eitt stærsta félag í Austur-Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Í könnun frá 2008 sögðu 48 prósent Serba halda með Rauðu stjórnunni.

Rauða stjarnan tapaði einvíginu við Maccabi Haifa 5-4.

Þegar Milos var aðstoðarþjálfari vann Rauða stjarnan tvo deildartitla og einn bikartitil. Á heimasíðu félagsins er hann sagður barn Rauðu stjórnunnar. Hann hafi alist upp á vellinum og farið upp í gegnum akademíuna. Hann verður kynntur í dag og mun stýra liðinu gegn Javor.

Rauða stjarnan er á toppi serbnesku deildarinnar eftir fimm umferðir en liðið hefur ekki tapað leik síðustu tíu deildarleiki. Javor situr í sjötta sæti. ■



Alexander Isak er orðinn dýrasti leikmaður í sögu Newcastle.

## Sádarnir byrjaðir að eyða stórfé

kristinnhaukur@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Newcastle United, ríkasta knattspyrnulið heims, sló í gær klúbbmet þegar keyptur var framherjinn Alexander Isak. Hinn 22 ára Svíi vakti athygli á Evrópumótinu í fyrra en hann hefur leikið undanfarin þrjú tímabil með spænska liðinu Real Sociedad.



Kaupverðið á Isak er rúmí 10 milljarðar króna.

Eftir að hið sádi-arabíska félag PIF keypti hið fornfræga knattspyrnulið frá Norður-Englandi í október síðastliðnum hafa margir beðið eftir því að liðið myndi byrja að notfæra sér hið fjárhagslega bolmagn eigendanna. En þeir eru margfalt fjársterkari en allir aðrir eigendur liða í ensku úrvalsdeildinni samanlagt. Það hefur hins vegar ekki gerst fyrr en nú.

Kaupverðið á Isak er 63 milljónir punda, eða rúmí 10 milljarðar króna. Það er næstum tvöföld upphæðin sem Newcastle greiddi fyrir Joe Linton árið 2019. ■



# Mótum framtíðina saman



Skannaðu inn QR kóðann til að skrá þig.

## Opinn samráðsfundur um stöðu mannréttinda í Reykjavík

Forsætisráðherra býður til opins samráðsfundar í Ríma í Hörpu miðvikudaginn 31. ágúst kl. 16:00-17:30 vegna vinnu við Grænbók um mannréttindi. Á fundinum verður fjallað um stöðu mannréttinda á Íslandi, helstu áskoranir, tækifæri og valkosti til framfara.

Öll eru velkomin. **Skráning fer fram á [www.stjornarradid.is/mannrettindafundur](http://www.stjornarradid.is/mannrettindafundur).** Hægt er að fara inn á síðuna með því að skanna QR-kóðann í vinstra horni auglýsingarinnar.

Gott aðgengi fyrir hjólastóla.

### Dagskrá

16:00-16:30

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra  
**Opnunarávarp**

Dr. Kári Hólmur Ragnarsson, lektor við Lagadeild Háskóla Íslands  
**Hvað eru mannréttindi?**

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands  
**Örerindi um mannréttindi**

16:30-17:30

### Umræður

Fundargestum er skipt upp í umræðuhópa sem fjalla um einstök viðfangsefni. Hver hópur kynnir niðurstöður sínar stuttlega í lok fundar.

Fundarstjóri er **Margrét Steinarsdóttir**, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands

Boðið verður upp á hressingu á fundinum.

Stjornarráð Íslands  
Forsætisráðuneytið





BJORK@FRETTABLAÐIÐ.IS

## Þrjátíu og tvö sjé

”

Móttökuherbergið kallar hann grafhýsi, enda er það tóm og laust við alla hlýju.

Víðtal við Hrafn Jökullsson sem birtist í þessu tölublaði er fyrir marga hluti merkilegt. Hrafn fékk í lok júní dauðadóminn frá lækni sínum, krabbamein í hálsi á lokastigi. Óumflýjanlegur dauðinn er skyndilega nálægur en Hrafn dregur þó ekkert úr og stefnir ríkinu vegna frelsisviptingar og í kjölfarið langvinnrar nauðungarvistunar á geðdeild.

Mann setur hljóðan við lestur lýsinga Hrafns á frelsisviptingunni og í framhaldi vist hans, á því sem hann lýsir sem versta stað sem hann hafi komið á, deild 32C – bráðageðeild Landspítala. Móttökuherbergið kallar hann grafhýsi, enda er það tóm og laust við alla hlýju. „Alveg eins og grafhýsi. Grafhýsið sem er notað utan um þá sem ríkisvaldið sviptir því eina sem er heilagt, frelsið. Frelsið,“ segir Hrafn í viðtalinu.

Gedhjálp hefur vakið athygli á þvingunarúrræðum sem þeim sem Hrafn ræðir og hefur lagt til að Ísland verði gert að þvingunarlausu landi, sem tilraun til þriggja ára. Samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er hvers kyns nauðung og þvingun óheimil. Ísland hefur enn ekki lögfest þennan samning og hefur ítrekað verið bent á að þvingun í meðferð einstaklinga með geðrænar áskoranir standist ekki lög.

Nú lætur Hrafn reyna á það – og vonandi endist honum ævin til að fagna sigri í því máli. ■

## Við mælum með


### Hjólagarði í Skálafelli

Á sumrin er rekinn hjólagarður í Skálafelli og fer hver að verða síðastur að prófa áður en svæðið verður aftur skíðasvæði. Hjólreiðafólk getur þar fundið brautir og stökkpalla en flestir geta fundið leiðir við sitt hæfi á svæðinu. Opíð er á morgun en nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á Facebook og Instagram undir Skálafell Bike Park.



### Heimsókn að Skógafossi

Samkvæmt verðurspásíðu Einaris Sveinbjörnssonar á blika.is er finasta göngu- og útileguveður á Skógum um helgina. Engin úrkoma og hiti í tveggja stafa tölu, hvað getum við beðið um meira? Hvort sem þú ert manneskja í góðan biltúr og jafnvel smá göngu, eða eina síðustu útilegu sumarsins þá er góða veðrið á þessum slóðum. ■



Anja Ísabella ólst upp við lestur sagnanna um Múminálfana og segir að Snúður með sitt heimspekilega yfirbragð, hafi verið fyrsta ástin. Í dag býður hún upp á stenslagerð í Múminálfapema fyrir alla fjölskylduna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Ástfangin af Snúði

Í dag og næsta laugardag, 3. september, verður boðið upp á listasmiðju í Gerðarsafni í Kópavogi sem ber heitið Stenslagerð í Múminálfana. Anja Ísabella Lövenholdt leiðbeinandi lofar umhverfisvænum efniviði og verkefnum fyrir allan aldur.

bjork@frettabladid.is

Þetta er fjölskyldusmiðja svo ég ætla að vera með misjöfn erfiðleikastig enda býst ég alveg eins við að þarna detti inn börn á öllum aldri,“ segir Anja Ísabella.

Smíðjan er hluti af Vatnsdropunum, þriggja ára alþjóðlegu samstarfsverkefni Menningarhúsa Kópavogs við Múminálfasafnið í Tampere, H.C. Andersen safnið í Óðinsvæum og Ilon's Wonderland safnsins í Haapsalu í Eistlandi.

Eitt meginmarkmið verkefnisins er að tengja saman boðskap og gildi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við sigild skáldverk höfundanna Tove Jansson, Astrid Lindgren og H.C. Andersen.

„Verkefnið á sér ótrúlega marga anga. Ég var ráðin inn í fyrri til að halda utan um listasmiðjur og hef síðan þá verið að taka einstakar smíðjur og

þróa fræðslufni sem byggir á þessu konsepti, finna nýja anga og tengja saman Menningarhúsin. Eitt þeirra er Náttúrufræðistofa Kópavogs og ég vildi nota náttúrulegan efnivið í þessa smíðju, það talar svo fallega við ævintýri Tove Jansson um Múminálfana.“

### Endurnýta efni í föndrið

Anja Ísabella segist jafnframt vilja vera trú heimsmarkmiðunum en eitt þeirra er ábyrg neysla og framleiðsla.

„Því finnst mér mikilvægt að kaupa helst ekki nýtt efni í smíðurnar. Við notum tímarit sem falla til á bókasafninu og við hvetjum til skapandi hugsunar auk meðvitundar um umhverfið. Ég er svo búin að vera í nokkrar vikur að pressa blóm sem hægt er að nota til skrauts. Eins verð ég með tvær útgáfur stensla svo hægt sé að klippa og teikna sjálf en líka tilbúna figurur fyrir yngstu börnin,“ segir Anja Ísabella. Aðspurð hvort allir íbúar Múmindals komi við sögu segist hún helst hafa einbeitt sér að Múminálfasafninu sjálfri og svo fái einhverjir fleiri að fljóta með, líklega Mía og Snabbi.

Sjálf segist Anja Ísabella mjög tengd öllum þremur höfundum.

„Ég vann um tíma í Norræna húsinu og er sjálf hálf-dönsk svo ég ólst upp við þessar sögur. Ég á allar Múminálfabækurnar, flestar Astrid Lindgren sögurnar og H.C.

Andersen sögurnar á ég meira að segja á dönsku,“ segir hún og hlær.

### Fylltist gleði þegar Snúður kom

Aðspurð hver sé hennar eftirlætis íbúi Múmindals liggur ekki á svari hjá Önuju Ísabellu.

„Fyrsta ástin mín var Snúður!“ segir hún ákveðin. „Það er gegnumgangandi að það er smá Snúður í þeim aðilum sem ég hef verið skotin í.“ Aðspurð hvaða eiginleikar það séu, svarar hún: „Ævintýragirni, blíðleiki og þetta dreymandi heimspækifyfirbragð. Snúður er auðvitað ferðalangur sem býr í tjaldi og er sjálfum sér nógur en alltaf þegar hann heimsótti Múmindal fylltist maður gleði enda kom Snúður alltaf með vorinu.“

Anja Ísabella segir smíðjuna hafa vakið það mikla athygli að ákveðið hafi verið að endurtaka hana á sama tíma að viku liðinni í tilefni af Karnivali í Kópavogi.

„Þá verðum við í fjölnotasal bókasafnsins þar sem er pláss fyrir enn fleiri. Múminsögurnar eiga mjög stóran fylgjendahóp og foreldrar eru alltaf að leita að einhverju skemmtilegu að gera með börnum sínum. Múminálfasafnin hafa snert við mörgum hjörtum.“

Opíð verður í einn og hálfan tíma í dag og er fólk frjálst að koma og fara. Anja Ísabella segir líklegasta aldurinn til að taka þátt vera börn frá fjögurra ára og upp í 11-12 ára. „En ég hef alltaf haft þá stefnu að svo lengi sem er hjartarúm er húsrúm og ég reyni að sníða verkefnið að þeim sem koma.“ Smíðurnar verða báðar frá klukkan 13.00-14.30 og aðgangur er ókeypis. ■

## Í vikulokin

# Kjósendur vantreysta ríkisstjórninni og vilja breytingar



Ólafur Arnarson

Ýmislegt forvitnilegt má lesa úr nýrri skóðanakönnun Maskínu á fylgi stjórnmalaflokka.

Sjálfstæðisflokkurinn er áfram stærsti flokkur landsins, með riflega 20 prósent og Framsóknarflokkurinn er næstum jafnstór.

Þriðji stjórnarflokkurinn, Vinstri græn, mælist með 7,5 prósent. Kjósendur kalla ekki sérstaklega eftir ríkisstjórnarþátttöku þess flokks, hvað þá stjórnarforystu. Sósíalístaflokkurinn mælist nánast jafnstór og VG en á engan þingmann nú.

Samtals mælist fylgi ríkisstjórnarflokkanna 48 prósent. Stjórnarflokkarnir hafa tapað 6,3 prósentustigum frá því í kosningunum síðastliðið haust – Sjálfstæðisflokkurinn tapar 3,5 prósentustigum og VG 5,1 en Framsókn hefur bætt við sig 2,3 prósentustigum.

Miðflokkurinn og Flokkur fólksins eru báðir undir fimm prósentu markinu og næðu því ekki inn á þing samkvæmt þessari mælingu.

Kjósendur hafna jaðarflokkunum í ríkisstjórninni. Framsókn bætir

við sig. Það gera einnig Píratar, Samfylking og Viðreisn. Saman njóta flokkarnir fjórir, sem starfa saman í meirihluta í Reykjavík, nú stuðnings 55,3 prósentu kjósenda.

Kjósendur kalla eftir frjálslyndri miðjustjórn í anda meirihlutans í Reykjavík.

Fylgi VG hriðfellur í þessu stjórnarsamstarfi og með sama áframhaldi gæti flokkurinn dottið af þingi í næstu þingkosningum. Traust kjósenda á Katrínu Jakobsdóttur og flokki hennar er horfið. Ríkisstjórn-

”

Þessari lánlausu ríkisstjórn stýrir formaður hverfandi smáflokks.

in hefur misst tök á stjórn efnahagsmála og fram undan eru vandasamir kjarasamningar bæði hjá ríkinu og almennum vinnumarkaði. Þessari lánlausu ríkisstjórn stýrir formaður hverfandi smáflokks.

Í flestum lýðræðisríkjum þætti fráleitt að formaður flokks sem nýtur stuðnings 7,5 prósentu kjósenda færi með forystu í ríkisstjórn. Hverjir eru hagsmunirnir sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn meta svo mikilvæga að hægt sé að þúkka upp á slíkt til að verja þá? ■



FLUG GISTING, SÓL OG SANDUR Á BETRA VERÐI  
EKKI MISSA AF ÞESSUM FRÁBÆRU VERÐUM.

# SÓL OG SANDUR Á FRÁBÆRU VERÐI

**FRÁBÆRT VERÐ**



**KRÍT**  
12 DAGAR | 15. - 26. SEPTEMBER  
**SANDY SUITES 3\***  
Stúdíó með svölum eða verönd

VERÐ FRÁ **99.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fulloröna og 1 barn.  
Verð frá 131.900 kr. á mann m.v. 2 fulloröna.

**VINSÆL GISTING**



**ALBÍR**  
7 DAGAR | 13. - 20. SEPTEMBER  
**ALBIR PLAYA HOTEL & SPA 4\***  
Tvíbýli með morgunverði.

VERÐ FRÁ **89.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn.  
Verð frá 111.900 kr. á mann m.v. 2 fulloröna.



**TENERIFE**  
7 DAGAR | 10. - 17. SEPTEMBER  
**LA SIESTA HOTEL 4\***  
Tvíbýli með morgunverði.

VERÐ FRÁ **126.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn.  
Verð frá 127.900 kr. á mann m.v. 2 fulloröna.



**COSTA DEL SOL**  
11 DAGAR | 12. - 22. SEPTEMBER  
**HOTEL PALMASOL 4\***  
Tvíbýli.

VERÐ FRÁ **99.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn.  
Verð frá 149.900 kr. á mann m.v. 2 fulloröna.

INNIFALIÐ Í VERÐI ER FLUG, UPPGEFIN GISTING, ÍSLENSK FARARSTJÓRN, FLUGVALLASKATTAR, FERDATASKA OG HANDFARANGUR.

# GOLF FYRIR ALLA Í HAUST



**EL PLANTIO GOLF RESORT**  
TEIGAR SEM HENTA ÖLLUM - ÍBÚÐAGISTING

El Plantio Golf, er 4\* hótél og er okkar vinsælasti golfafangastaður. Frá hótelinu er aðeins um 5 mín. akstur á Alicante flugvöllinn og 10 mín. akstur í miðbæ Alicante. Á El Plantio er boðið upp á fína æfingaaðstöðu. Hér er boðið upp á ótakmarkað golf alla daga, golfbíl fyrir fyrsta hring dagsins og íslenska fararstjórn.



**ALICANTE GOLF**  
EINSTAKUR GOLFOVÖLLUR - HÓTELGISTING

Alicante Golf er þægilega staðsett, 15 mínútum frá miðborg Alicante og 10 mínútum frá bænum San Juan. Stutt er í verzlun og á ströndina og nokkur skref á golfvöllinn. Á Alicante Golf er sex par 3 holur, sex par 4 holur og sex par 5 holur sem gerir hringinn fjölbreyttan og skemmtilegan. Severiano Ballesteros hannaði þennan frábæra golfvöll.

ÓTAKMARKAÐ  
GOLF OG AFNOT AF GOLFBÍL  
INNIFALIÐ Í VERÐI

\*NÝTT\* BÓKAÐU GOLFKENNSLU  
HJÁ PGA GOLFKENNARA Á  
MEÐAN Á FERÐINI ÞINNI  
STENDUR



**FERDATÍMABIL | SEPTEMBER - OKTÓBER | 4 - 21 DAGS FERÐIR**  
Margar brottfarir í boði, ýmist í 4, 7, 11 eða 21 daga.  
Innifalið í verði flug, gisting með morgunverði, ótakmarkað golf og afnot af golfbíl.

VERÐ FRÁ **120.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2-4 fulloröna, brottför í september, 4 daga ferð.

**FERDATÍMABIL | SEPTEMBER - OKTÓBER | 4 - 21 DAGS FERÐIR**  
Margar brottfarir í boði, ýmist í 4, 7, 11 eða 21 daga.  
Innifalið í verði flug, gisting með morgunverði, ótakmarkað golf og afnot af golfbíl.

VERÐ FRÁ **124.900 KR.**  
Verð á mann m.v. 2 fulloröna, brottför í september, 4 daga ferð.



# Hrafninn flýgur yfir gaukshreiðrið



Þórarinn Þórarinnsson  
thorarin  
@frettabladid.is

Hrafn Jökulsson stendur örvum glaður í stærstu orrustum lífs síns. Upp á líf og dauða við æxli í hálsi sem hann kallar Surtlu og samtímis við íslenska ríkið sem hann stefnir fyrir harkalega frelsisviptingu og læknamtök sem eru líkleg til að kosta hann lífið.

Það eru mikil forréttindi að fá að takast bæði á við íslenska ríkisvaldið og hana Surtlu mína í öllu sínu veldi samtímis. Ég er í engum vafa um hvernig viðureign mín við íslenska ríkið fer en ég hef ekki hugmynd um hvort ég lifi sjálfur að sjá réttlætinu fullnægt. En sá dagur mun koma,“ segir Hrafn, þar sem hann situr í sólinni fyrir utan Sjúkrahótel Landspítalans þar sem hann dvelur á meðan ráðist er að lófastóru meininu í hálsi hans með geislum og krabbameinslyfjum.

„Ég veit ekki hvernig staðan er núna með Surtlu. Læknir í Fossvogi sem ég fékk til að tala mannamál, taldi að þetta væri „game over“ á nokkrum vikum – með fyrirvara um kraftaverk,“ segir Hrafn, en ljóst er að Surtla hefur haft nokkur ár til að koma sér fyrir.

„Ég las eitthvað um það að krabbameinssjúklingar brygðust við greiningu í einhverjum stigum: vanmáttur, afneitun, reiði og þunglyndi og eitthvað en ég fór beint á YES! stigið. Gaman, gaman í stríðinu enda hafði ég ekki tíma til þess að fara í gegnum öll hin stigin.“

## Sex vikna planið

Hrafn segist þarna strax hafa farið að vinna eftir því sem hann kallar sex vikna planið. „Bíddu, hvað segirðu? Sex vikur. Ég get verið full í kortér,“ segir Hrafn, sem þarna fann skýringu á hvað hafði ýtt honum út í djúpa sjálfsskodun sem hófst í heimsfaraldrinum.

„Þetta gaf mér skýringar á af hverju ég hafði verið í þessu. Það var bara Surtla að knýja mig upp-gjörs svo ég væri búinn að ganga í gegnum það þegar á hölminn væri komið. Og nú er ég hérna.“


Hrafn rifjar upp að hann hafi ákveðið að hætta að drekka í byrjun árs 2020 þegar hann heyrði fyrst af heimsfaraldrinum, þar sem hann lá á bráðamóttökunni vegna hjartameins sem rakið var til áfengisneyslu.

„Ég sór minn eidd á sjúkramóttökunni 17. janúar um að ég myndi ekki framfar taka sjúkrahússpláss vegna drykkju,“ segir Hrafn, sem réðist í meiriháttar tiltekt í náttúrunni og lífi sínu. Hann hófst síðan handa, eins og frægt er orðið, við hreinsun fjörunnar sinnar hjartfölgnu í Kolgrafarvík.

Sjálfboðaliðasamtökin Veraldarvinir gengu í framhaldinu til liðs við Hrafn og hreinsunarstarfið teygði sig langt út fyrir Strandir. Það var síðan í varnarþingi Veraldarvina á Brú í Hrutafirði sem stríðshanskanum var kastað og mesti átakakafli í viðburðaríkri ævisögu Hrafns hófst.

## Nýtt líf

„Nú er ég loksins tilbúinn að leggja fram mitt mál eftir að hafa í næstum tvö ár þurft að rannsaka sjálfur með hjálp lögmans míns, Reimars Péturssonar, og ómetanlegra vina, ráðgátuna miklu um hvað gerðist á Brú í Hrutafirði 31. október 2020 klukkan 23.06. Þegar sérsveitir ríkislögreglustjóra úr tveimur landsfjórðungum og gjörvallt lögreglu-lið Vestur-Húnavatnssýslu ásamt samningateymi ríkislögreglustjóra og héraðslækni á Hvammstanga voru saman komin á Brú í Hrutafirði, þar sem ég var að ganga til náða eftir viðburðaríka viku og



Hrafn Jökulsson mætir Surtlu æðrulaus þótt læknir hafi gefið honum skamman tíma, að visu með fyrirvara um kraftaverk.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

hlakkaði til þess að vakna frjáls maður 1. nóvember þegar ég yrði 55 ára og ætlaði að byrja nýtt og enn þá skemmtilegra líf.“

Hrafn rekur atburðarásina síðan eins og honum einum er lagið og segir ósköpin hafa byrjað þegar hann stóð upp frá tölvunni í matsalnum klukkan 23.03. „Ég hafði sent vinum mínum hvatningarorð í tilefni af afmæli mínu og beðið þá um að gefa nú Veraldarvinum afmælisgjöf af þessu tilefni. Síðan gekk ég fram á tröppurnar til þess að kalla á hundinn Mosa. Hundurinn Mosa ætlaði með mér í frelsið daginn eftir.

Ég stóð þarna í myrkrinu. Himininn var stjörnum skryddur og tunglið óð í skýjum. Mér fannst einhverjir nornakraftar vera í loftinu en ég gat ekki ímyndað mér að neitt

slæmt gæti hent á svo fögru kvöldi. En þar sem ég stóð þarna og ætlaði að kalla á hann Mosa minn byrjuðu allt í einu blá og rauð ljós að blikka í myrkrinu. Á þeim var ekkert form og það fyrsta sem þessum fjörlalla datt í hug var: En gaman, er þetta geimskip?

## Upp með hendur!

En þá heyrðist rödd úr myrkrinu sem kallaði: „Vopnuð lögregla! Hrafn, upp með hendur!“ Þá hugsaði ég og ég man hverja nanósekúndu eins og ég man líf mitt mestan part: Ekki geimskip, vopnuð ríkislögregla?? Þá komu, eins og í Andrésblöðunum tvö spurningarmerki. Og síðan setningin á ensku, einhverra hluta vegna: „I hit the jackpot.“

Hrafn segist að sjálfsögðu hafa farið að fyrir mælum lögreglu og



Himinninn var stjörnum skryddur og tunglið óð í skýjum. Mér fannst einhverjir nornakraftar vera í loftinu en ég gat ekki ímyndað mér að neitt slæmt gæti hent á svo fögru kvöldi.



lyft höndum áhyggjulaus til himins. „Mér er skipað að ganga til þeirra með uppréttar hendur. Ég hlýði því og geng inn í myrkríð. Síðan skipar hrædd rödd mér að stöðva og svo að krjúpa. Svo koma tveir hræddir menn í myrkrinu, skella mér í mölina og ég er handjárnður eftir öllum víkinganna kúnstarinnar reglum. Meðan þessu fer fram þá tala ég hægt og yfirvegað í trausti þess að þessi vopnuðu óargadýr séu með upptökubúnað á sér.“

Hrafn segist því hafa lýst því hvernig hann var tekinn „algerlega óþarflega“ hörðum tókum. „En ekki nóg með það. Þeir halda mér þarna niðri í mölinni, að því er mér finnst vera í heila eilífð. Við tímamælingar kemur í ljós að tveir víkingar tóku sér sex og hálfu mínútu í ofsafengna leit í vösum á einum 55 ára karli.“

Þetta var eins og tröllanudd. Ég var á tímabili að missa andann og reyndi að lýsa því í upptökunni líka og þótt ég óski engum þessa þá þakka ég þeim kærlega fyrir því ég hef ekki fengið annað eins nudd um dagana. Eftir allar þessar aðfarir þá var ég dreginn inn í húsið á Brú. Þar var ég látinn sitja á stól, handjárnður, og víkingarnir röðuðu sér í kringum mig.

### Geðgreining á sekúndubroti

Síðan birtist inn úr dyrnum hvít-klædd vera, frá toppi til tåar, með grímu og gleraugu. Einn af víkingunum bendir á mig og segir: „Læknir, geturðu staðfest að þessi maður sé í maníu?“ Hvít-klædda veran, án þess svo mikið sem bjóða góða kvöldið, segir: „Já.“

Ég halla mér fram og spyr hver þetta eiginlega sé. Þessi mesti geðgreinandi mannkynsögunnar sem sögur fara af. Þá reynist þetta vera héraðslæknir á Hvammstanga, roskinn maður, sem ég hafði aldrei heyrt eða séð og hefur aldrei við mig talað og tók sér sem sagt ekki sekúndubrot í þessa geðgreiningu sem varð til þess að víkingarnir drógu mig upp í sjúkrabifreið og þar var ég handjárnður ofan í sjúkrabörur að beiðni læknisins.

Síðan vorum við bara allt í einu að bruna í bæinn frá Brú í Hrutafirði en ég ekki á leið í háttinn að klappa honum Mosa mínum.“

Hrafn segir að á leiðinni suður Holtavörðuheiði hafi hann síðan háð baráttu lífs síns þegar læknirinn hafi ofan á allt sem á undan var gengið ætlað að sprautu hann.

„Ég vissi að ef ég yrði sprautaður væri leikurinn tapaður. Og ég útskýrði fyrir honum með allri minni orðkynngi, að það stríddi gegn trúarbrögðum mínum og lífsskodun að fá kemisk efni inn í minn líkama. Ég sagði: Ef þið setjið í mig kemisk efni og ég drepsst og ég verð krufinn þá verður blóð mitt á þínum höndum.“

Hrafn bað lækninn um að hafa samband við lækna sem þekktu hann og nefndi nokkra. „Ég byrjaði á Ásgeiri Haraldssyni sem var yfirlæknir á Barnaspítala Hringssins lengst af þau sautján ár sem ég heimsótti Barnaspítalann flesta fimmtudaga á ári.“

### Grafhýsið

Þessum „biltúr lífs míns“ eins og Hrafn kallar ferðina yfir heidina lauk á brádamóttökunni í Fossvogi. „Þar var komið með rindilslegan lækni sem, eftir að hafa ráðfært sig við héraðslækninn, stillti sér upp fyrir framan mig og lýsti því yfir að ég væri í maníu og þyrfti að fara til vistar á geðsjúkrahúsinu, deild 32C. Þangað var mér hent eins og rottu aðfaranótt 1. nóvember 2020. Aðfaranótt afmælis míns.“

Ég var á hnébuxunum mínum. Ég var í lopasokkum og ég var í bolnum mínum frá Marokkó sem mamma gaf mér og ég var í jakka. Annað hafði ég ekki þegar mér var hent inn í grafhýsið á deild 32C. En grafhýsið er móttökuherbergi íslenska lýðveldisins fyrir þá sem sviptir eru



Hrafn yfir einni bröndóttri á Grand Rokk þar sem Hrókurinn var stofnaður.



frelsinu og íslenska ríkið setur þá inn í herbergi þar sem er EKKERT nema einn bálkur.

Alveg eins og grafhýsi. Grafhýsið sem er notað utan um þá sem ríkisvaldið sviptir því eina sem er heilagt, frelsið. Frelsið. Og þarna tekur það frelsið af fólki sem ekki hefur framið glæp. Í flestum tilvikum, kannski, á fólkið við erfiðleika að stríða en þarna var ég, hins vegar, staddur á hátindi lífs míns.

Ég hafði aldrei verið í betra formi líkamlega. Ég hafði aldrei verið í betra formi andlega í áratugi. Ég hafði verið að rannsaka líf mitt. Ég hafði verið að skemmta mér úti í náttúrunni mánuðum saman. Við að hreinsa bæði fjörur og í huganum.

Þannig að ég var algjörlega á hátindi lífs míns 1. nóvember 2020 þegar svo kaldhæðnislega vildi til að íslenska ríkið sendi bara alla lög- reglumenn á landinu af því að það ætti að bjarga mér og lækna mig. Það ætti að lækna mig með lyfjum og innilokunum og mannréttindabrotum.

1. nóvember 2020 hófst alveg nýr kafli í lífi mínu. Ég var kominn í Svandísarviti,“ segir Hrafn, með vísan til þess að Svandís Svavarsdóttir var heilbrigðisráðherra þegar nauðungarvistun hans hófst.

### Krummi i gauksheiðri

„Ég var ekki í tengslum við neinn. Ég mátti ekki hringja í neinn. Ég mátti ekki tala við neinn og það sem meira er, þá hafði enginn sagt mér af hverju ég var þarna. Lögreglan á Brú gleymdi óvart að segja ástæðuna fyrir því að þeir voru komnir í afmælið til mín. Þetta er svona eins og í lélegri bandarískri bímynd.“

Úbbs, er ekki einhver réttarstaða? Þarf ekki að segja fólki hvað er í gangi eða er bara hægt að senda vopnuð óargadýr að ná í menn sem eru að fara að sofa og henda þeim í fangelsi og láta þá finna sjálfa út hvað gerðist?

Eða gerðist ekki, öllu heldur. Því

að mér var aldrei sagt, ekki af lög- reglunni, ekki í sjúkrabilnum, ekki inni á deildinni. Af hverju var lög- reglan þarna? Það var stóra ráð- gátan mín því að ég veit að það er ekkert grín að kalla út víkingasveit.

Dvölin í Svandísarviti var frá fyrsta degi stórkostlegasti tími lífs míns því að hún reyndi á allt sem ég kundi og gat og hef gengið í gegnum. Þarna loksins komu sér alls kyns klúður og ósigrar að notum.

Loksins komu nú blessaðar bæ- kurnar að notum. Það var fínt að hafa lesið Kafka og Orwell. En það var ekki síðra að hafa lesið og kynnst Vilmundi [Gylfasyni] og Winston [Churchill] og Línu Langsokk, Jack Sparrow og ótal persónum sem ég gat gripið til því ég hafði náttúrlega enga aðra.

### Einn á móti öllum

Þannig að ég var í aðstöðunni einn gegn öllum. Ég hafði enga vini. Systkinahópurinn áleit augljóslega að þetta væri mér fyrir bestu og það væri verið að lækna mig. Það var nú öðru nær. Eins og ég segi, ég var bara á hátindi lífs míns.

En gott og vel. Þarna var ég einn á móti öllum og varð að nota allt það vopnabúr sem ég hef komið mér upp í gegnum lífið og ég var tilbúinn. Tilbúinn að fást við það að læknir eitt, læknir tvö, læknir þrjú, læknir fjögur, læknir fimm, læknir sex og læknir sjö segðu öll að ég væri geðveikur. Og ég var alveg til í að ganga í gegnum það tímabil að allir vinir mínir tryðu því að ég hlyti að hafa orðið geðveikur. Því ég vissi allan tímann betur.

Og ég vissi allan tímann hvað klukkan sló. Og ég vissi að það þurfti tíma til þess að vinna ofan af því allsherjar flugslysi sem varð þarna á Brú. Þetta er auðvitað ekkert einfalt hvernig þetta gerist. En allir vildu gleyma þessu nema ég, Reimar lög- maður og vinir mínir sem hafa verið að styðja mig á þessum útleðar- árum síðan íslenska ríkið lýsti yfir einhliða stríði á hendur mér.

Hrafn í stuði að færa grænensk- um börnum fagnaðareindi skákárinna með slagorð Hróksins: Fram til sigurs! á vörum.



**Grafhýsið sem er notað utan um þá sem ríkisvaldið sviptir því eina sem er heilagt, frelsið. Frelsið.**

### Öll kerfi i kerfi

Íslenska ríkið lýsti yfir stríðinu. Það réðist með vopnum, með Glock- byssum, með höggboltabyssum, með efnavopnum, með sprautum, með nauðungarvistun, með mannréttindabrotum, með því að neita mér um að tala við börnin mín, með því að taka af mér pennann á afmælinu mínu. Það var íslenska ríkið sem lýsti yfir stríðinu,“ segir Hrafn sem hefur þratt fyrir ásókn Surtlu náð öllum vopnum sínum.

„Ég hef tekið mér núna næstum því tvö ár í að undirbúa mína gagn- sókn og nú er ég tilbúinn og ég ætla að ná fram réttlætinu. Og ég ætla að gera það á minn hátt og ég ætla að sjá til þess að það verði svo miklar breytingar vegna þessara hörmung- aratburða og svona lagað að sjálf- sögðu gerist ekki. Aldrei aftur.“

En ég vil miklu meira. Ég vil burt með íslenska lýðveldið sem stofnað var 1944. Því það er ónýtt, það er ógeðslegt, það er úrkynjað, það er á valdi græðgi og sjálfelsku. Hér eru öll kerfi i kerfi. Ég ákæri allt íslenska lýðveldið, alla stjórnmálamenn, alla geðlækna, alla ráðamenn íslenska lýðveldisins. En ég geri það með bros á vör og ég ætla að skemmta mér allan tímann.

### Líf ekki lyf

Barátta mín frá fyrsta degi snerist um það að taka ekki lyfin þeirra. Frá fyrsta degi var mér gert ljóst að ég ætti að taka geð-lyf. Hvað eru geð- lyf? Það veit enginn. Það veit enginn hvernig þau virka eða af hverju þau virka. Eða virka þau? Nei. Vestræn geðlæknisfræði eru kukl. Vestrænir geðlæknar vita ekkert um manns- hugann og þeir vita ekki einu sinni hvernig geðlyfin virka.

Ég vildi ekki þeirra ráð og ég vildi ekki þeirra lyf. Ég vildi mitt líf. Ekki lyf. Það var það sem ég sagði. Líf, ekki lyf,“ segir Hrafn og rekur síðan hvernig stálin mættust stinn í lang- varandi rimmu við hollenskan sér- námslækni á deildinni.

„Hún talaði ekki einu sinni almennilega ensku og vissi ekkert um Ísland. Vissi ekkert um lífið og ekkert um mig en sú ætlaði að lækna mig. Ég var að reyna að útskýra fyrir henni starf Hróksins á Grænlandi og Íslandi og að við hefðum nú heim- sótt alla skóla á Íslandi eitt árið og það hefði nú líklega verið bara geð- veiki.“

Hún sagði mér að ég yrði að taka LYFIN og að ég talaði of hratt og ég yrði að sofa átta tíma. Og hún ætlaði að kenna mér hvernig ég ætti að lifa lífinu. Hún vildi að ég svæfi í átta tíma og fengi sprautu. Sagði að ég talaði svo hratt. Það væri óeðlilegt og ég ætti ekki að nota hendurnar. Hún ætlaði að kenna mér hvernig ég ætti að lifa.“

Þetta er einhver eftirminnilegasta persóna lífs míns og líklega mesti sadisti sem ég hef hitt. Ég veit ekki hvort hún var orðin þrítug. Aldrei hafði hún bjargað mannslífi. Ég spurði hana að því. Aldrei þorði hún að taka niður grímuna, sýna sitt rétta andlit. Þótt hún segði að ég væri geðveikur og þyrfti sprautu.“

### Helviti á jörðu

Hrafn segist á deild 32C hafa fengið punktmælingu á því hvernig 70 starfsmenn fari með vald sitt. >>



» „Því deild 32C er sannkallað helvíti á jörðu. Versti staður sem ég hef komið á í lífinu og ég hef komið alls staðar og séð allt.

Á B-gangi þar sem ég var lengst af eru aðeins fjögur herbergi og þetta er lokaðasta deild á Íslandi. Þar þurfti að knékrjúpa fyrir ungum starfsmönnum ef mann langaði í sigarettu og það var alls ekki sjálfgefið að maður fengi að fara og lesa í bók eða ná sér í kaffi.

Þetta þurfti allt að bera undir grímuklædda einkennisbúna starfsmenn sem voru með fimm-tán sekúndna athyglisgáfu og voru þar að auki alltaf önnur kafnir við að spritta. En gott og vel. Ég náði nú sem betur fer til margra úr hópi starfsmanna og á margar góðar minningar þaðan.“

### Í nýjum heimi

Hrafn segir bestu minningarnar frá 32C tengjast félögum sínum og vinum til lífstíðar sem hann eignaðist þar. „Ég stofnaði Vínafélagið 1. nóvember, á afmælinu mínu. Strax fyrsta daginn þegar ég var lentur í nýjum heimi. Alveg eins og þegar ég var lentur í nýjum heimi á Vöggustofunni, eða nýjum heimi hvar sem er í nýju lífi.

Og hvað er það sem mann vantar í nýjum heimi? Jú, mikilvægast af öllu er að eignast fyrsta vininn og ég eignaðist fyrsta vininn 1. nóvember 2020, þegar við Guðni kynntumst. Hann hefur verið í klóm kerfisins allt sitt líf. Hann er alvöru hetja. Við stofnuðum Vínafélagið saman, kölluðum okkur Krumma Klakason og Guðna ekki forseta,“ segir Hrafn og bætir við að Vínafélagið hafi verið liður í því að skapa úr veruleikanum.

„Veruleikinn er yndislegt kaos og býður upp á endalaus sköpun ef maður er ekki hræddur og gefst ekki upp. Hvað gerir maður í nýjum heimi? Jú, maður heldur áfram að skapa. Maður gefst ekki upp þótt manni sé hent eins og rottu í Svandísarvíti og allur heimurinn stimpli mann geðveikan. Maður berst áfram, að sjálfsgöðu.“

### Öll sund lokuð

Eftir tveggja vikna baráttu og framlingingu nauðungarvistarinnar um tólf vikur segist Hrafn hafa orðið ljóst að hann slyppi aldrei úr klóm kerfisins. „Allt vegna þess að ég neitaði að taka lyfin og 9. nóvember varð mér ljóst að þeir ætluðu að halda mér til eilífðarnóns, ef þess þyrfti, til þess að ég tæki lyfin þeirra og viðurkendi að ég væri geðveikur.

Ég varð því að gjörbreyta um strategíu og bjó til furðusögu um að ég hefði verið að reykja eiturlyf sem heitir spice sem ég hef reyndar aldrei prófað en að aukaverkanir af þessu spice-i hefðu lýst sér í hegðun sem gæti átt sér samsvörun við lýsingu þeirra á maníu. Þannig að á pappírnum þá gátum við náð saman um það.“

Hrafn segir lækna þó hafa verið fasta við heygardshornið um lyfin og hafa verið byrjaða að hóta því að kalla út hið svokallaða varnarteymi geðsviðsins. „Og nauðungarsprautu mig, þvert ofan í það sem ég hafði sagt þeim, að það samrýmdist ekki trúarbrögðum mínum. Þetta væri bara eins og að neyða beikon ofan í múslima,“ segir Hrafn, sem beið staðfastur þess sem verða vildi.

„Svo rann stóri dagurinn upp að lækarnir misstu þolinmæðina og kölluðu á varnarteymið til þess að sprautu mig. Mér var gert ljóst að ef ég tæki ekki pillu yrði mér haldið niðri og ég sprautaður.

Ég og varnarteymið áttum afskaplega skemmtilega kvöldstund. Ég rabbaði fyrst við strákana um ýmis siðfræðileg málefni og þeirra eigin framlag til lífsins og hvað þeir hefðu lagt til málstaðarins. Við áttum saman góða stund fyrir aftökuna og svo var ég tekinn og mér var haldið niðri af fjórum fullfrískum karlmönnum og sprautaður með



## Veruleikinn er yndislegt kaos og býður upp á endalaus sköpun ef maður er ekki hræddur og gefst ekki upp.

þessum ógeðslegu kemísku efnum, sem samrýmist ekki mínum lífs-sköpunum og trúarbrögðum.

### Surtla birtist

Íslenska heilbrigðiskerfið er á síðustu þremur árum búð að eyða tugum milljóna í að lækna mig af sjúkdómi sem ég er ekki haldinn. Síðustu tvö ár hef ég margoft fundið fyrir eymslum í hálsi og verið sendur í hvert Covid-prófið á fætur öðru. Í mars á þessu ári fann ég að þetta var ekki einleikið og það um lækni á deildina 33C þar sem ég var þá. Læknirinn kom og leit á hálsinn á mér, sagði að þetta væri ekki eðlilegt, lét taka blóðprufu og svo heyrði ég aldrei neitt meira.“

Það var svo ekki fyrr en 24. júní að Surtla fannst eftir að Jóhanna Engilræð, dóttir Hrafns, rak pabba sinn til læknis. „Og ég fékk að vita af Surtlu í vikunni á eftir.

Það fyrsta sem íslenska ríkið hefði átt að gera þegar það svipti mig frelsinu og lífinu og öllu 1. nóvember hefði að sjálfsgöðu átt að vera að setja mig í allsherjar athugun. Fyrst að íslenska ríkið vildi lækna mig þá átti það að taka stöðutékk á mér.“

Hrafn segist ítrekað hafa beðið lækna um að rannsaka á honum líkamann. „Og ég skal sýna ykkur hvernig einn miðaldra, útbrunninn alkóhólisti breytti á tíu mánuðum líkama sínum úr því að hann gat varla risið upp við dogg yfir í það að hann getur barist einn við allan heiminn. Af hverju athugið þið það ekki?“

Og ég var líka að biðja þá um að skoða hausinn á mér. Skoðið hvernig ég hugsa áður en þið læknið mig, viljið þið ekki vita hvernig ég hugsa? Ég hugsa ekki eins og þið. Ég hugsa allt öðruvísi. Ég mótaði hugsun mína sjálfur. Og allt mitt líf byggist á sköpun. Því sem ég skapa í mínum eigin huga og því sem ég geri með mínum tveimur höndum. Einsamall og berhentur og með huga mínum.

### Aldrei gládari

Ákærurnar tvær snúast um platafmælið á Brú og fangelsið í Svandísarvíti. Hin ákæran snýr að vanrækslu og mistökum sem eru nú að öllum líkindum að leiða til dauða míns. Þannig að við förum í mannbotamál að fornum síð,“ segir Hrafn, sem sjálfur sér líkur mætir örvum gláður í bæði stríðin; við Surtlu og íslenska ríkið.

„Drottinn minn dýri. Ég hef aldrei verið gládari heldur en núna því ég hef aldrei verið sáttari við líf mitt. Mér finnst líf mitt fullkomið eins og það er og ég hef náð að leysa mína lífsgátu. Og er svo þakklátur fyrir það tækifæri að geta verið að skoða líf mitt og njóta lífsins en vera ekki

„Ég ákæri allt íslenska lýðveldið, alla stjórnsmálmennt, alla geðlækna, alla ráðamenn íslenska lýðveldisins. En ég geri það með bros á vör.“

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

allt í einu dauður sísona. Það er enn þá verk að vinna í þágu málstaðarins,“ segir Hrafn sem hvorki bregður sér við sár né bana.

„Það er gaman að vera í lífshættu. Þá er maður á lífi. Svona á þetta að vera. Ég vil vera úti á dekki í pusinu. Og gleðjast,“ segir Hrafn sem hefur síðustu vikur skemmt sér við að líta um öxl yfir ævintýralegan og fjölbreyttan feril þar sem hann, iðulega ófyrirsjáanlegur, hefur meðal annars verið; ljóðskáld, blaðamaður, stríðsfréttaritari í Bosnía, skáktrúboði, Grænlandsvinur, rithöfundur og óþreytandi baráttumaður fyrir aðeins betri heimi ýmsum vettvangi.

*Þegar að því kemur, tékkarðu þig út sáttur eftir að hafa lítið yfir farinn veg og það sem eftir þig liggur. Allar minningarnar, ljóðin, blöðin, tímaritin, bækurnar, litlu byltingarnar hér og börnin þín fjögur...?*

„Sannarlega! Þetta er búð að vera stórkostlegt líf. Ég held að ég hafi ekki fengið níu líf. Ég held að ég hafi fengið átján. Svona þegar ég hef verið að skoða mitt ævintýralega lífshlaup. Ég held það séu átján, kannski er ég bara búinn með sautján.“

### Höfundur eigin lífs

*Við höfum verið vinir í tvo áratugi þannig að ég þekki þig náttúrulega vel og veit að kvarnirnar í hausnum á þér snúast stöðugt á öðru hundradinu þannig að hugmyndirnar streyma fram svo hratt að ég get stundum beinlínis orðið þreyttur af því einu að taka við þeim öllum.*

„Já, svo er það munurinn á að fá hugmyndir og framkvæma þær. Er það ekki? Já, við höfum alltaf verið svolítið góðir í því,“ segir Hrafn og hlær lágt.

„Já, já. Ég hef komið víða við en ég hef líka alltaf verið á mínu ferðalagi. Og ég hef aldrei verið upptekinn til dæmis af álit annarra eða skoðunum annarra. Ég hef aldrei borð mig saman við aðra. Hvort sem ég hef verið í blaðamennsku, eða verið að skrifa eða sama hvað ég er að gera.

Ég ber mig ekkert saman við aðra af því að eini höfundurinn sem ég hef lært af það er ég sjálfur og það geri ég með því að lesa mína eigin texta aftur og aftur og aftur þangað til þeir verða betri og betri og skýrari og skýrari. Svo er auðvitað gaman að lesa aðra höfunda ef þeir eru skemmtilegir.“

### Ekkert að óttast

Tölu verður ekki með góðu móti komið á öll þau góðgerðarmál og fjársafnanir sem Hrafn hefur lagt lið eða staðið fyrir til þess að rétta þeim sem minnst mega sin, ekki sist börnum, hjálparhönd nær og fjær.

*Þú hefur lítið verið að hugsa um eigin hag og efnahag í öllum þessum ævintýrum þínum sem hafa nú ansi oft hafist með þessum orðum: Þæja, hvernig eigum við að réttlæta tilveru okkar í dag?*

„Ég er ferðalangur og ferðalangur þarf ekki hús eða íbúð. Ég hef aldrei átt hús eða íbúð. Ég man ekki hvort ég hef einhvern tímann verið skrifaður fyrir bíl. En hvernig réttlætum við tilveru okkar? Við réttlætum tilveru okkar einfaldlega með því að reyna að vera svolítið næs hvert við annað. Er það ekki? Byrja þar.“

*Og fegra lífið aðeins?*

„Já! Lífið er skemmtilegt. Það er engin ástæða til þess að vera hræddur. Við lifum í samfélagi sem er gegnsýrt af ótta. Mörgum finnst dauðinn vera tabú og erfitt að tala um hann. Ég hef vanið mig á að hugsa um og fást við dauðann allt mitt líf.

Hann hefur verið förunautur minn og ég þekki hann svo vel. Ég hef svo oft verið þar sem hann átti að vera en hann hefur ekki verið þar. Þannig að ef þú vilt vita leyndarmál þá er hann ekki til, skilurðu? Þannig að við þurfum ekki að vera hrædd við eitthvað sem er ekki til. Ekki satt? Við getum byrjað þar. Ekki vera hrædd.“ ■





FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

LAUGARDAGUR 27. ágúst 2022



Fyrsta leikhúskaffi haustsins nálgast.

## Kíkt í leikhús

sandragudrun@frettabladid.is

Borgarbókasafnið Kringlunni og Borgarleikhúsið hafa boðið upp á leikhúskaffi í nokkur ár þar sem leiksýningar eru kynntar stuttu fyrir frumsýningu. Á þriðjudaginn segja Marianna Clara Lúthersdóttir höfundur leikgerðar og Stefán Jónsson leikstjóri gestum frá uppsetningu Borgarleikhússins á verkinu Á eigin vegum, leikgerð á samnefndri bók eftir Kristínu Steinsdóttur. Leikhúskaffið fer fram í Borgarbókasafninu Kringlunni, 30. ágúst klukkan 17.30-19.

Í kjölfarið verður farið yfir í Borgarleikhúsið þar sem boðið verður upp á stutta kynningu á leikmynd og annarri umgjörð sýningarinnar. Í lokin býðst gestum svo 10% afsláttur af miðum á sýninguna.

### Einmana ekkja

Sýningin Á eigin vegum verður frumsýnd 16. september. Sigrún Edda Björnsdóttir leikur ekkjuna Sigbrúði, sem eltist við jarðarfarið og stundar blaðburð og garðyrkju af miklum móð. Ekkjan er ein en ekki einmana, allt fólk hennar er horfið á braut – en hefur reyndar farið mislangt, segir í lýsingu á verkinu á vef Borgarleikhússins.

Verkið byggir á rómaðri skáldsögu metsöluhöfundarins Kristínar Steinsdóttur, sem kom út árið 2006. Bókin var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og hlaut Fjöruverðlaunin árið 2007.

Leikhúskaffið er ókeypis og öll eru boðin velkomin. Það er því um að gera að kíkja á bókasafnið á þriðjudagskvöldið og forvitnast um þetta áhugaverða verk. ■

POWERFUL NUTRITION  
FROM PLANTS

## ALOE VERA

MELTING & BÓLGUR



www.celsus.is



Margrét segir að hún finni mun á liðleika eftir að hún byrjaði að taka inn Active JOINTS. Margrét er mikil íþróttakona og stundar þrjúpraut af miklu kappi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ofurkona sem keppir í þrjúpraut

Margrét Ágústsdóttir er ótrúleg ofurkona þegar kemur að hreyfingu. Hún stundar þrjúpraut og lætur ekki aldurinn stoppa sig. Til að verja liði tekur hún Active JOINTS frá Eylíf. **2**



Margrét segist vera búin að stunda þríbraut í ellefu ár en því fylgir mikið álag á líkamann. „Á þessum aldri og eftir miklar líkamlegar æfingar í gegnum árin þurfti ég að finna eitthvað sem héldi liðamótunum góðum. Ég var búin að prófa ýmislegt þegar ég rambaði á Active JOINTS frá Eylíf fyrir svona tveimur árum. Síðan hef ég ekki fundið fyrir neinu í liðunum. Active JOINTS virkar svona vel fyrir mig. Þess vegna finnst mér í góðu lagi að mæla með því fyrir aðra. Ég vil að fólk viti af þessu fæðubótarefni,“ segir Margrét.

„Ég var farin að finna fyrir eymslum í liðunum eftir strangar æfingar, sérstaklega á morgnana þegar ég fór fram úr. Ég finn ekki fyrir því lengur. Að keppa og æfa mikið fylgir meiðslahætta. Ef það gerist þarf að slaka aðeins á, ég fer til sjúkrahjálfa og passa upp á mig,“ heldur Margrét áfram. „Fyrir tveimur árum náði ég mér í beinmar í hné og þarf stundum að nota spelku frá Óssuri ef ég finn mikið fyrir því. Liðirnir eru finir og það þakka ég Active JOINTS.“

### Byrjaði yfir fimmtugt

„Ég var komin yfir fimmtugt þegar vinnufélagi minn þáverandi kynnti mig fyrir þríbraut og ég kolféll fyrir íþróttinni. Mér fannst þetta ofboðslega skemmtilegt, góður félagsskapur og æfingarnar meiriháttar fyrir líkamann. Ég æfði mikið, 8-10 tíma á viku. Ég féll vel í þennan hóp og fannst einstaklega gaman að keppa. Mér finnst alltaf gott að reyna á mig líkamlega,“ segir Margrét. „Þríbrautin samanstendur af sundi, hlaupi og hjólreiðum. Vegalengdirnar eru mislangar, allt frá sprettþraut sem ég klára á 45 mínútum upp í heilan járnkarl sem er 16 tíma vinna. Ég æfi og keppi með þríbrautardeild Breiðabliks,“ segir Margrét sem hefur keppt mikið í sumar. „Þríbrautin á hug minn allan og mig langar ekkert að hætta,“ bætir hún við. „Étla að halda áfram svo lengi sem ég get og finnst gaman.“

### Tók þátt í járnkarli

Í sumar fór Margrét til Danmerkur og tók þátt í hálfum járnkarli. „Það var ótrúlega gaman. Keppnin felst í 1900 metra sundi sem fram fór í höfninni á Helsingjaeyri. Síðan hjóluðum við í 90 kílómetra um Norður-Sjáland og hlupum síðan hálf tóna í miðbæ Helsingjaeyrar. Þetta fannst mér óskaplega skemmtilegt. Við eigum að gera það sem við höfum ánægju af, sérstaklega þegar aldurinn færir yfir og ekki fyrir neinum að sjá nema okkur sjálfum.“

Margrét segist reyna að hvíla einu sinni til tvisvar í viku. „Stundum eru æfingar tvisvar á dag,“ segir hún. Margrét keppir í



Margrét sem verður 65 ára í haust tók þátt í hálfum járnkarli í Danmörku í sumar og keppir á næsta ári í Svíþjóð.

sínum aldursflokki en hún viðurkennir að hópurnir sé ekki stór.

Það er merkilegt að Margrét var aldrei í íþróttum þegar hún var yngri. „Áhuginn vaknaði þegar ég var dregin inn í þetta komin yfir miðjan aldur,“ segir hún og hlær. „Ég fann strax hvað þetta var gaman og hentaði mér vel. Ég æfi þessar þrjár greinar sem þríbrautin er, en meðfram því þarf ég að gera styrktaræfingar og teygjur. Það er afar mikilvægt,“ segir hún.

### CrossFit í pásunni

„Síðasta keppnin er hjá mér núna um helgina. Það er sprettþraut sem fram fer í Reykjanesbæ. Sprettþrautin er stysta vegalengdin, þá er synt 400 metra í sundlaug, hjólað 10 kílómetra og hlaupið 2,5 kílómetra. Eftir þá keppni ætla ég að taka smá pásu og gera eitthvað allt annað til að hvíla hugann á þríbrautinni. Núna verður það CrossFit. Það hef ég gert einu sinni áður og finnst skemmtilegt. Ætli ég taki ekki einn og hálfan mánuð í því áður en þríbrautin hefst aftur,“ segir þessi ofurkona. „Næsta sumar fer ég svo í hálfan járnkarl í Svíþjóð með félögum mínum í Breiðabliki,“ segir Margrét sem hefur eignast marga vini í kringum sportið. „Þetta er svolítið extreme sport og

hentar ekki öllum. Hins vegar ættu allir að reyna að finna eitthvað við sitt hæfi, hreyfing á þessum aldri er mjög mikilvæg þótt hún þurfi ekki að vera keppnis. Ég er mjög orkumikil og finnst gaman að vera til. Þríbrautin gefur lífinu lit,“ segir hún.

Margrét tekur þrjú hylki af Active JOINTS frá Eylíf á morgnana eins og mælt er með. „Ég fann mjög fljótlega eftir að ég byrjaði að taka Active JOINTS að liðleikinn var allt annar. Ég er því ákveðin í að halda áfram að taka Active JOINTS. Mér finnst mikill plús að Active JOINTS er íslenskt fæðubótarefni með hreinum efnum úr okkar náttúru-audlindum.“

### Heilsan er dýrmætust

Vörulínan Eylíf býður upp á fjórar frábærar heilsuvörur sem reynst hafa fólk vel. Þær eru Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS, og Stronger LIVER er nýjasta varan. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi úr hreinum, íslenskum hráefnum og engum aukefnum er bætt við. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi Eylíf.

„Hugmyndin að vörulínunni kom til vegna þess að mig langaði að setja saman þau frábæru hrá-

efni sem framleidd eru á Íslandi á sjálfbærann hátt úr íslenskum, náttúrulegum audlindum og auka þannig aðgengi fólks að þessum hráefnum,“ upplýsir Ólöf.

Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matis. „Vinsælasta varan okkar er Active JOINTS sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og sýna margra ára rannsóknir fram á jákvæð áhrif þeirra,“ segir Ólöf Rún.

„Við vöndum til verka, sækjum í sjálf bærar auðlindir úr sjó og af landi, og notum hreina, íslenska náttúruafurð og hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum.“ Hráefni sem notuð eru í bætiefnin frá Eylíf eru ekki erfðabreytt. „Þau stuðla að heilbrigði og sveigjanlegri líkama því þá erum við færari um að takast á við verkefni dagsins önn. Við vitum öll að heilsan er okkur dýrmætust og því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsufarsvandamál. Heilbrigð melting er grunnur að góðri heilsu og þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna,“ segir Ólöf Rún.

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Fjarðarkaupum,

Hagkaupum, Nettó, Heilsuhúsinu, Krónunni og Melabúðinni. Ókeypis heimsending ef keypt er á eylif.is. ■

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Vörulínan Eylíf býður upp á fjórar frábærar heilsuvörur.





# HAUSTPERLUR

vefuppbod á gæðaverkum 5. september



Þórarinn B. Þorláksson



Þorvaldur Skúlason



Davíð Örn Halldórsson



Kristján Davíðsson



Jóhannes S. Kjarval



Bragi Ásgeirsson



Karólína Lárusdóttir




Kristín Gunnlaugsdóttir



Aðalheiður Eysteinsdóttir




Jóhannes S. Kjarval



Forsýning á verkunum hjá  
Fold uppbodshúsi og á vefnum [uppbod.is](http://uppbod.is)

Rauðarárstígur 12-14, sími 551 0400 · [www.uppbod.is](http://www.uppbod.is)





Húsið var byggt árið 1938 og stendur á fallegum stað við Klaustur.

## Matargerðin blómstrar á landsbyggðinni

Veitingahúsaflóran á landsbyggðinni hefur verið að aukast á undanförunum árum og ferðamenn hafa nú úr meiru að velja en hamborgurum og pylsum. Kjarr restaurant var opnaður á Kirkjubæjarklaustri 17. júní. Í tilefni þess var íbúum Klausturs boðið í kaffi og tertu.

sjofn@frettabladid.is

Íbúum staðarins fannst ánægjulegt að sjá að gamla hótelið hefði fengið nýtt líf. Margir eiga góðar minningar úr þessu húsi en það var reist árið 1938 af fjölskyldu Lárusar Helgasonar og Elínar Sigurðardóttur á Klaustri. Hótelið þjónaði gestum allt til ársins 1994 en þá fluttist starfsemi á Hótel Klaustur. Frá árinu 1997 var Kirkjubæjarstofa með starfsemi í húsinu en flutti síðan á efri hæð heimavistarálmu Kirkjubæjar-skóla á Síðu í febrúar 2021.

Eigendur Kjarrs eru þau Baldvin Lár Benediktsson, Lárus Hilmar Sigurðsson og Vigdís My Diem Vo. Strákarnir unnu lengi í Hörpunni, bæði á Kolabrutinni og í veitingaþjónustunni, og síðan störfuðu þeir á La Primavera, en síðustu tvö ár hefur Baldvin tekið þátt í ævintýri Sælkerabúðarinnar. Vigdís lærði konditor og bakara hjá Sandholts bakari og vann þar í mörg ár. Eftir meistaraskólann starfaði Vigdís hjá ísbúðinni Skúbb og var bakari og konditor á Edition hótelinu á Hafnartorgi. Þau hafa öll brennandi áhuga á matargerð og draumurinn er að reka eigin veitingastað. Þess má geta að Baldvin Lár og Lárus Hilmar eru afkomendur Siggeirs og Soffiu sem lengst af sáu um rekstur hótelsins á Klaustri en það var byggt af langafa þeirra.

**Vissu ung hvað hún vildi gera**  
Vigdís var einungis 17 ára þegar hún hóf námið og hefur starfað



Eigendurnir á Kjarr restaurant eru ungir en hafa komið víða við, þau Baldvin Lár Benediktsson, Lárus Hilmar Sigurðsson og Vigdís My Diem Vo.

MYND/ADSEND

» Margir eiga góðar minningar úr þessu húsi en það var reist árið 1938 af fjölskyldu Lárusar Helgasonar og Elínar Sigurðardóttur á Klaustri. Hótelið þjónaði gestum allt til ársins 1994.

sem bakari og konditor síðan. „Ég er með brennandi áhuga á kokteilum og matargerð. Ég sé um kokteilgerðina og barinn á Kjarrri auk eftirréttanna. Mér finnst gaman að geta nýtt það hráefni sem er í nærumhverfinu og nota það gjarnan í kokteilana sem og í eftirréttina,“ segir Vigdís og nýtur sín í botn á Klaustri. „Eftir að ég útskrifaðist árið 2016 færði ég mig yfir á Marshall restaurant sem síðar varð La primavera. Ég fór svo aftur til Sandholt til að klára bakara- og meistaránámið.

Ég tók eitt sumar í Skúbb þar sem ég sá um vöruþróun og opnun á Skúbb á nýjum stað. Árið 2021 byrjaði ég að vinna hjá Reykjavík Edition, þar var ég yfir bakara- og pastry-deildinni, þar sá ég um allan brauðbakstur, bakkelsi og alveg út í konfektgerð. Ég hef tekið þátt í nokkrum keppnum, meðal annars um eftirrétt ársins og konfekt ársins.“

Vigdís varð í 3. sæti í keppninni um Eftirrétt ársins 2013, 3. sæti í Konfekt ársins 2019, 2. sæti í Konfekt ársins 2020 og tók 1. sætið í Konfekt ársins 2021.

„Matarástin kviknaði þegar ég fylgdist með og hjálpaði mómmu við eldamennsku þegar ég var yngri. Viðbrögðin sem ég fékk, hversu ánægt fólk var með það sem ég útbjó hvatti mig enn frekar til dáða, það er mjög gefandi tilfinning að sjá fólk njóta matarins,“ segir Vigdís og brosir.

**Unnu saman á La Primavera**  
Lárus Hilmar hefur starfað við eldamennsku í átta ár en fór í stálsmiði í tvö ár hjá vélsmiðjunni Stálvík í smá pásu 2020 til 2022 sem kom sér vel við uppsetningu á öllu stálinu í eldhúsinu á Kjarrri og smíði á barnum. „Ég byrjaði að læra á Kolabrutinni árið 2014, tók síðan eitt sumar á Hótel Eddu árið 2017 og byrjaði svo eftir það sumar hjá La Primavera,“ segir Lárus Hilmar.

Þríeykið vinnur vel saman og skiptir með sér verkum þar sem hæfileikarnir nýtast best. „Við Lárus sjáum að mestu leyti um eldhúsið með aðstoð frá Vigdísi. Ég byrjaði að læra matreiðslu árið 2013 á Kolabrutinni í Hörpunni. Eftir að ég útskrifaðist árið 2016 vann ég nokkra mánuði á Kolabrutinni sem vaktstjóri og færði mig svo yfir á Marshall restaurant með Leifi Kolbeinssyni sem er meistari minn,“ segir Lárus Hilmar.

Baldvin Lár vann einnig með Lárusi þar sem ítalska matargerðin heillaði. „Við Lárus unnum saman á La Primavera. Við tengdum vel við þá einföldu ítalsku matargerð sem var og er þar. Við erum því svolitíð ítalskir í okkur og leitum í góð staðarhræfni. Síðustu tvö ár hef ég unnið í Sælkerabúðinni hjá Viktori og Hinriki Erni,“ segir Baldvin Lár og er afar ánægður með hve vel hefur tekist til við að flétta saman kunnáttu þeirra þriggja.

„Við erum öll frekar ung, Baldvin er 25 ára, Vigdís 26 ára og ég 25 ára,“ segir Lárus Hilmar.

„Baldvin og ég erum báðir frá Kirkjubæjarklaustri. Baldvin ólst upp á Klaustri áður en hann flutti suður. Okkur hefur lengi langað að opna stað og gera eitthvað sjálf. Svo kom tækifæri þegar Kirkjubæjarstofa fékk nýtt húsnæði og allt í einu var gamla gistihúsið laust. Það stóð autt í tvö ár meðan Covid gekk yfir og eigendur hússins hugsuðu um hvað þar skyldi verða, við vorum svo heppin að fá það í hendurnar og láta draum okkar rætast um opnun á veitingastað þar sem við gætum látið matarástina okkar blómstra.“

**Kjarr nafn með rentu**  
Þegar kom að því að velja nafn á veitingastaðinn vildi þríeykið hafa það íslenskt og með skírskotun í svæðið. „Við vildum velja íslenskt nafn en samt nógu auðvelt fyrir ferðamenn að geta sagt og skrifað. Við vildum hafa eitthvað náttúru-tengt, gaman er að geta þess að Jóhannes Sveinsson (Kjarval) er frá Kirkjubæjarklaustri.“

Húsinu sjálfu var mikið breytt að innan til að þjóna nýju hlutverki en að utan var ekki hróflað við neinu nema að timburpalli var bætt við vestan megin við húsið.

Mikill metnaður er í matargerðinni og eigendurnir leggja áherslu á að fá gott hráefni úr héraðinu. „Við bjóðum fyrst og fremst upp á heiðarlegan og góðan mat,“ segja þau. „Við fáum Klausturbleikjuna hinum megin við götuna, lengra þarf ekki að fara.“

Rabbarbarinn kemur úr bakgarðinum og við notum hann bæði í kokteilana og í rabbarbarabökuna okkar. Við notum einungis hvannarlauf á rauðrófuréttinn okkar og stundum kerfil sem við tinum úti í skógi. Með haustinu er áætlað að nota bláber og krækiber. Síðan er stefnan sett á að vera enn meira með hráefni úr okkar nærumhverfi í framtíðinni. Einnig væri draumur að geta ræktað eitthvað sjálf, til dæmis kartöflur og gulrætur, mögulega fleiri tegundir af grænmeti.“

**Stíllinn okkar**

Innblásturinn í matargerðina hafa þau sótt á ferðalögum sínum. „Við höfum ferðast mikið um Ítalíu og Króatíu og það hefur heillað okkur hversu einföld matargerðin er á þessum slóðum. Við tókum stíllinn sem var þarna úti og gerðum hann að okkar með íslensku hráefni í forgrunni. Okkar uppáhaldsréttur er sjávarréttapastað, einnig erum við hrifin af rabbarbarabökunni, hún minnir á baksturinn hennar ömmu þegar við vorum yngri,“ segir þríeykið að lokum, sem veit fátt skemmtilegra en að töfra fram sælkerakræsingar fyrir matargesti sína. ■

## Leyndarmál hvannarrótar

- Loft í maga? Glímir þú við meltingartruflanir?
- Næturbrolett eru tíð þvaglát að trufla þig?

**ICEHERBS**  
NATURAL SUPPLEMENTS  
**hvannarrót**  
100% náttúruleg hvannarrót  
60 HYLKI | FÆÐUBÓKUN | VEENI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvörverslun, Hagkaupum og Nettó.



# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands\*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

\*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára



## Spennandi tækifæri í Straumsvík



Rio Tinto á Íslandi (ISAL) leitar að jákvæðum og drífandi einstaklingum til starfa. Spannandi tímar eru framundan í starfseminni, við höfum framleitt ál í meira en 50 ár með íslenskri umhverfisvænni orku og stefnum að kolefnishlutleysi árið 2040.

### Sérfræðingur á sviði samskipta- og samfélagsmála

Við leitum að öflugum og framsæknum einstaklingi til starfa. Verkefni eru fjölbreytt þvert á deildir fyrirtækisins sem hefur það að markmiði að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Starfs-umhverfið er alþjóðlegt og heyrir starfið undir Rio Tinto Aluminium Atlantic. Ráðning er tímabundin til eins árs með möguleika á framtíðarstarfi.

### Tölvunar- eða kerfisfræðingur

Við bætum við okkur þjónustudrífnum einstaklingi í þétt og öflugt tækniteymi til að sinna fjölbreyttum verkefnum tengdum kerfisrekstri á tölvu- og fjar-skiptakerfum fyrirtækisins. Hér er gott tækifæri til þess að kynnast rekstri og sérhæfðum búnaði í áliðnaði.

### Verkefnastjóri á tæknisviði

Með auknum umsvifum stækum við samhent teymi og leitum að verk- eða tæknifræðingi í starf verkefnastjóra. Starfið er fjölbreytt og krefst skipulagshæfni og lipurðar í samskiptum við samstarfsfólk og verktaka.

### Verkstjóri birgðahalds

Við leitum að öflugum aðila í nýtt starf verkstjóra í birgðahald fyrirtækisins sem mun meðal annars stuðla að innleiðingu tækninýjunga og verkferla. Birgðahald er þjónustukjarni með starfandi teymi sem sinnir mikilvægu hlutverki þvert á deildir.

Rio Tinto á Íslandi rekur álverið ISAL í Straumsvík. Við erum fjölbreyttur vinnustaður og starfsfólk okkar er um 360 talsins. Fyrirtækið einsetur sér að vera í fremstu röð í allri starfsemi og starfa ávallt í sátt við umhverfi og samfélag. Framtíð okkar byggir á framúrskarandi starfsfólki þar sem fjölbreytileiki og jafnrétti er haft að leiðarljósi.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna. Umsækjandi þarf að fara í heilsufars-skoðun ef af ráðningu verður.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Allar nánari upplýsingar um auglýst störf finnur þú hjá [vinnvinn.is](http://vinnvinn.is). Umsóknarfrestur er til og með 12. september.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir ([audur@vinnvinn.is](mailto:audur@vinnvinn.is)) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir ([hildur@vinnvinn.is](mailto:hildur@vinnvinn.is)).



2019-2022



# Staða forstöðumanns grunnnáms við viðskiptadeild HR

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík leitar að öflugum einstaklingi í stöðu forstöðumanns grunnnáms við viðskiptadeild sem auk þess sinnir kennslu og/eða rannsóknum. Ráðið verður í stöðu háskólakennara, lektors, dósents eða prófessors út frá hæfismati.

Viðkomandi mun sinna stjórnun og rekstri grunnnáms við viðskiptadeild í viðskiptafræði og hagfræði, í samstarfi við deildarforseta ásamt öðrum verkefnum við kennslu og rannsóknir eftir atvikum. Starfið veitir tækifæri til að hafa veruleg áhrif á þróun náms við framsækna viðskiptadeild þar sem áhersla er lögð á nýsköpun- og frumkvöðlastarf, sjálfbærni og alþjóðlega hæfni.

## HÆFNISKRÖFUR

- Meistapróf eða doktorspróf í viðskipta- eða hagfræði.
- Reynsla af kennslu á háskólastigi
- Reynsla á sviði stjórnunar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Reynsla á sviði rannsókna og þekkingarmiðlunar er kostur
- Reynsla af alþjóðlegu samstarfi er kostur

## EFTIRFARANDI GÖGN ÞURFA AÐ FYLGJA UMSÓKNUM:

- Kynningarbréf
- Starfsferilskrá ásamt ritaskrá
- Afrit af viðeigandi prófskráteinum
- Yfirlit um áhugasvið og áherslur í kennslu (e. teaching statement)
- Yfirlit um fyrirhugaðar rannsóknir, ef við á (e. research statement)
- Afrit af þremur til fimm birtum ritverkum (ef við á)
- Gögn til vitnis um árangur í kennslu
- Upplýsingar um a.m.k. tvo umsagnaraðila

Nánari upplýsingar veita Jón Þór Sturluson, deildarforseti viðskiptadeilda ([jonthor@ru.is](mailto:jonthor@ru.is)) og Ester Gústavsdóttir, mannauðsstjóri HR ([esterg@ru.is](mailto:esterg@ru.is)). Umsóknum skal skilað á ráðningarvef Háskólans í Reykjavík, [jobs.50skills.com/ru/is](https://jobs.50skills.com/ru/is), eigi síðar en **11. september 2022**. Kostur ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst. Fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

*Háskólinn í Reykjavík hefur haslað sér völl sem öflugur rannsóknaháskóli á alþjóðavísu. Háskólinn stenst samanburð við erlenda háskóla í fremstu röð og fræðafólk skólans hefur náð framúrskarandi árangri. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfaglegt samstarf, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu.*

*HR er eftirsóknarverður vinnustaður og þar er lögð áhersla á fyrsta flokks aðstöðu í nærandi umhverfi, persónuleg samskipti, framsæknar kennsluáferðir og nútímalega starfshætti. HR fagnar fjölbreytileika og mikið er lagt upp úr jafnrétti og virðingu fyrir einstaklingum og störfum þeirra. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 4.000 í sjö deildum og starfsfólk er um 300 talsins, auk 350 stundakennara.*



JAFNLAUNAVOTTUN  
2022 - 2025

Háskólinn í Reykjavík | Menntavegur 1 | 101 Reykjavík | S: 599 6200 | [hr.is](http://hr.is)

## RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 [intellecta.is](http://intellecta.is)



# Sviðsstjóri Fjölskyldu- og fræðslusviðs



ÖLFUS

Sveitarfélagið Ölfus leitar að öflugum stjórnanda með þekkingu á félags- og/eða fræðslumálum í stöðu sviðsstjóra. Fjölskyldu- og fræðslusvið fellur undir fjölskyldu- og fræðslunefnd og íþróttá- og tómstundanevnd og fer meðal annars með málefni leik- og grunnskóla, félagsþjónustu, æskulýðsmál, menningarmál og málefni aldraðra.

## Helstu viðfangsefni og ábyrgð

- Yfirumsjón með fræðslumálum og félagsþjónustu
- Málefni eldri borgara
- Málefni fólks með fötlun
- Íþróttá- og frístundastarf barna og ungmenna
- Forvarnir og lýðheilsa
- Fjölmeningarmál
- Menningarmál og viðburðir
- Samstarfsverkefni á sviði skóla- og velferðarmála

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af stjórnun og mannauðsmálum
- Þekking og reynsla af stefnumótunarvinnu og áætlanagerð
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni í að koma fram og tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Staðþekking er kostur

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá auk kynningarbréfs þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Geirlaug Jóhannsdóttir, [geirlaug@hagvangur.is](mailto:geirlaug@hagvangur.is), og Þórdís Sif Arnarsdóttir, [thordis@hagvangur.is](mailto:thordis@hagvangur.is).

Umsóknarfrestur er til **12. september nk.**

Undir Fjölskyldu- og fræðslusvið heyrna m.a. leikskólar, grunnskólar, tónlistarskóli, íbúðakjarni fatlaðra og þjónustukjarni aldraðra. Á sviðinu starfa um 150 manns og hefur sviðsstjóri yfirumsjón með fræðslu- og félagsmálum í umboði fagnefnda. Hann undirbýr mál fyrir fagnefndir og sér um að framfylgja samþykktum þeirra. Sviðsstjórinn stýrir stefnumótunarvinnu á sviðinu og leiðir þróun og innleiðingu nýrra hugmynda og úrræða í þeirri þjónustu sem undir sviðið fellur. Á ábyrgðarsviði hans er áætlanagerð og þar með talið fjárhagsáætlun sviðsins í samstarfi við fjármálasvið. Hann leiðir samráð við félagsamtök og aðra hagsmunaaðila um velferðarmál og leiðir samstarf við aðra opinbera aðila í fræðslu-, menningar- og velferðarmálum.



Sótt er um starfið á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)

# Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár



# ERT ÞÚ MEGA MANNAUÐSSTJÓRI?

Domino's á Íslandi leitar að öflugum **mannauðsstjóra** til þess að leiða einstakan hóp starfsmanna hjá einu stærsta veitingafyrirtæki landsins. Um er að ræða krefjandi starf í líflegu umhverfi þar sem ávallt er nóg um að vera.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirumsjón og stjórnun mannauðsmála.
- Ráðningar, móttaka nýliða og nýliðaþjálfun í samstarfi við stjórnendur.
- Stefnumótun, ábyrgð á þróun og eftirfylgni mannauðsstefnu.
- Hagnýting mannauðsmælikvarða sem styðja við ákvarðanatöku.
- Umsjón með árangursmælingum og könnunum m.a. vegna helgunar starfsfólks.
- Ábyrgð á þróun, innleiðingu og nýsköpun á sviði mannauðsmála.
- Yfirumsjón með fræðslumálum.
- Ábyrgð á jafnlaunastaðli og eftirfylgni.

## Hæfniskröfur


- Háskólanám sem nýtist í starfi.
- Haldgóð reynsla af mannauðsmálum.
- Framúrskarandi samskiptafærni og jákvætt viðhorf.
- Frumkvæði og fagleg vinnubrögð.
- Drifkraftur og metnaður til að ná árangri.

## Umsóknarfrestur er til og með 5. september næstkomandi.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. **Sótt er um starfið á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is)**

**Umsjón með starfinu hafa:** Hilmar G. Hjaltason ([hilmar@vinnvinn.is](mailto:hilmar@vinnvinn.is)) og Hildur J. Ragnarsdóttir ([hildur@vinnvinn.is](mailto:hildur@vinnvinn.is)).

**vinn  
vinn**



## Um Domino's

Fyrsta verslun Domino's Pizza á Íslandi var opnuð þann 16. ágúst 1993 að Grensásvegi 11 í Reykjavík og fyrirtækið hefur vaxið ört síðan þá. Í dag rekur Domino's Pizza 23 verslanir hér á landi. Ellefu þeirra eru í Reykjavík, ein í Garðabæ, Mosfellsbæ og tvær í Kópavogi, Hafnarfirði og í Reykjanesbæ. Auk þess er einn staður á Akureyri, Akranesi og á Selfossi.

Domino's er leiðandi fyrirtæki á veitinga- markaði og starfa hjá félaginu um 500 starfsmenn. Lögð er áhersla á að vera úrvals vinnustaður, ekki síst fyrir ungt fólk og mikil áhersla á fræðslu ásamt því að gefa starfsfólki tækifæri á að þróast áfram í starfi. Margir af lykilstjórnendum félagsins í dag hófu störf sem almennir starfsmenn.



# TÖLUM UM FORYSTU

Við leitum að metnaðarfullum sölustjóra fyrir Lexus sem hefur áhuga á að starfa í glæsilegu umhverfi og bera ábyrgð á framúrskarandi sölu og þjónustu til viðskiptavina okkar.

Lexus er einn af fremstu lúxusbílaframleiðendum heims þar sem faguð hönnun og nærgætni við umhverfið spilar stórt hlutverk og sameinar einstaka upplifun til viðskiptavina.

## Starfssvið:

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Leita nýrra tækifæra í sölu og eftirfylgni
- Yfirumsjón með gerð söluaætlana og tilboðsgerðum
- Vinna með sölu- og markaðsefni Lexus
- Ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi söludeildar Lexus

## Hæfniskröfur:

- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Drifkraftur, sjálfstæði, öguð vinnubrögð
- Vilji til þess að ná árangri í starfi
- Brennandi áhugi á bílum æskilegur
- Leiðtogahæfni, rík þjónustulund og jákvæðni
- Viðtæk reynsla af sölustörfum og gott orðspor
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 4. september. Áhugasömum er bent á að sækja um starfið á ráðningarvefnum [atvinna.toyota.is](http://atvinna.toyota.is) undir „Störf í boði“. Vinsamlegast sendið inn ferilskrá og kynningarbréf með umsókninni.

Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir á netfanginu [fanny@lexus.is](mailto:fanny@lexus.is)

**Lexus Ísland** – Kaupúni 6 – sími 570 5400 – [lexus@lexus.is](mailto:lexus@lexus.is)

 **LEXUS**  
EXPERIENCE AMAZING





# Spennandi störf hjá öflugum lífeyrissjóði

Gildi-lífeyrissjóður er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins með um 26 þúsund lífeyrisþega, 53 þúsund greiðandi sjóðfélaga og yfir 250 þúsund einstaklingar eiga réttindi hjá sjóðnum. Eignir sjóðsins um síðustu áramót námu um 916 milljörðum króna. Sjóðurinn rekur bæði samtryggingardeild og séreignardeild. Gildi hefur sett sér stefnu í starfsmanna- og jafnlaunamálum og hefur hlotið jafnlaunavottun.

**Gildi-lífeyrissjóður** auglýsir eftir einstaklingum til að vinna að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum hjá sjóðnum. Hjá sjóðnum starfar samhentur fjörutíu og fjögurra manna hópur og leggur Gildi áherslu á góðan starfsanda, góð starfsskilyrði og jafnræði kynjanna. Gildi var Fyrirmyndarfyrirtæki VR árið 2021.

## Eignastýring

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi með reynslu á fjármálamarkaði til starfa í eignastýringu sjóðsins. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri greiningarhæfni, metnaði og vilja til að takast á við krefjandi og fjölbreytt verkefni. Næsti yfirmaður er forstöðumaður eignastýringar.

### Starfssvið:

- Uppbygging og utanumhald eignasafna sjóðsins.
- Greining markaða og fjárfestingarkosta innanlands sem utan.
- Arðsemismat, áhættumat og mat á sjálfbærni (UFS/ESG).
- Fjárfestingar og eftirfylgni þeirra.
- Upplýsinga- og skýrslugjöf.
- Samskipti við innlenda og erlenda aðila á fjármálamarkaði.
- Önnur tilfallandi verkefni.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði.
- Próf í verðbréfavíðskiptum er kostur.
- Góð greiningarhæfni og geta til að setja fram niðurstöður með skipulögðum hætti.

## Lögfræðingur

Leitað er að lögfræðingi til að leysa úr fjölbreyttum verkefnum s.s. ráðgjöf við stjórn, framkvæmdastjóra og einstakar deildir sjóðsins varðandi dagleg viðfangsefni lífeyrissjóðsins. Lögfræðingurinn þarf að búa yfir nákvæmni og ögun í vinnubrögðum, vilja og metnaði til að leysa flókin verkefni. Næsti yfirmaður er yfirlögfræðingur sjóðsins.

### Starfssvið:

- Túlkun og framkvæmd laga um aðgerðir gegn peningabvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Túlkun og framkvæmd laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- Þátttaka í eftirfylgni með framkvæmd ýmissa laga og reglna sem varða starfsemi sjóðsins.
- Aðstoð við greiningu og innleiðingu á nýjum reglum þegar það á við.
- Ráðgjöf við deildir sjóðsins varðandi lögfræðileg álitaefni og önnur tengd verkefni, m.a. varðandi samningsgerð.
- Önnur lögfræðileg greining og undirbúningur verkefna sem varða rekstur lífeyrissjóðs.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistara- eða embættispróf í lögfræði.
- Reynsla af lögfræðilegum viðfangsefnum, einkum þeim sem helstu verkefni taka til.
- Færni í að greina viðfangsefni.

### Leitað er að einstaklingum sem búa yfir::

- Frumkvæði og metnaði.
- Sjálfstæði í starfi, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra.
- Góðri færni í íslensku og ensku bæði í ræðu og riti.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. ágúst nk.**

Sótt er um starfið á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is).

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með störfunum hafa Hilmar G. Hjaltason ([hilmar@vinnvinn.is](mailto:hilmar@vinnvinn.is)) og Hildur J. Ragnarsdóttir ([hildur@vinnvinn.is](mailto:hildur@vinnvinn.is)).

**vinnvinn**  
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF







## Er um við að leita að þér?

Faxaflóahafnir sf. óska eftir að ráða réttindamanneskjur til starfa í hafnarþjónustu.

Störf in í hafnarþjónustu felast í leið- og hafnsögu skipa, skipstjórn og vélstjórn á dráttarbátum, einnig hafnarvörslu, móttöku skipa og öðrum tilfallandi störfum.

Hjá Faxaflóahöfnum starfa 75 manns, en fyrirtækið leggur áherslu á að vera leiðandi í umhverfismálum og að þróa snjallar og grænar hafnir. Einnig felst í starfsemi fyrirtækisins þróun lands, umsýslu og skipulagi lóða, hafnarþjónustu og gæðavottunum.

Unnið er samkvæmt fyrirliggjandi vaktaplani.



### Skipstjóri / Hafnsögumaður

#### Hæfniskröfur

- Skipstjórnarréttindi D (3 stig)
- Slysavarnaskóli sjómanna
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og ensku kunnátta
- Kunnátta í einu norðurlandamáli æskileg

### Vélstjóri

#### Hæfniskröfur

- Vélstjórnarréttindi VF.1
- Slysavarnaskóli sjómanna
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og ensku kunnátta


Faxaflóahafnir sf. eru með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi, á Grundartanga og í Borgarnesi.

Öll kyn eru hvött til að sækja um en fyrirtækið hefur skýr jafnréttismarkmið og vill auka fjölbreytileika í starfslíði sínu. Starfsstöð beggja starfanna er í Reykjavík.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Gísli Jóhann Hallsson yfirhafnsögumaður [gisli@faxaflaoahafnir.is](mailto:gisli@faxaflaoahafnir.is)

Umsókn ásamt ferilskrá sendist til Faxaflóahafna sf., á netfangið [olafur@faxaflaoahafnir.is](mailto:olafur@faxaflaoahafnir.is), eigi síðar en sunnudaginn **11. september n.k.**

[faxaflaoahafnir.is](http://faxaflaoahafnir.is)



Faxaflóahafnir sf.  
Associated  
Icelandic  
Ports

## Fjármála- og rekstrarstjóri



**HAFRANNSÓKNASTOFNUN**

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Hafrannsóknastofnun óskar eftir að ráða fjármála- og rekstrarstjóra. Leitað er að jákvæðum og reynslumiklum einstaklingi í fjölbreytt og krefjandi starf. Viðkomandi mun sitja í framkvæmdastjórn stofnunarinnar. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Á sviði fjármála og rekstrar starfa níu manns auk áhafna rannsóknaskipa sem telja um 35 manns.

#### ■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Fjármálastjórn og kostnaðareftirlit
- Ábyrgð á rekstri skipa og húsnæðis
- Gerð rekstraráætlana og fjárhagslegra skýrslna
- Bókhald, afstemmingar, uppgjör og gerð ársreiknings
- Ábyrgð á innheimtu og greiðslum
- Ábyrgð á uppgjörum rannsóknaverkefna og verkbókhalds
- Gerð þjónustusamninga

#### ■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf, svo sem í viðskiptafræði eða sambærileg reynsla sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af fjármálastjórn og reikningshaldi
- Góð þekking á áætlanagerð og áætlanakerfum
- Farsæl reynsla af stjórnun og mannaforráðum er æskileg
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Framúrskarandi færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni
- Jákvætt viðhorf og lausnamiðað hugarfar
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfileikar

Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafastofnun hafs og vatna, er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði hafs- og vatna-rannsóknna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Hún heyrir undir matvælaráðuneytið.

Stofnunin rekur, auk aðalstöðvar í Hafnarfirði, starfsstöðvar vítt og breitt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hjá stofnuninni starfa að jafnaði um 190 manns í fjölbreyttum störfum. Gildi stofnunarinnar eru: **Þekking - Samvinna - Þor.**

Nánari upplýsingar má finna á [www.hafogvatn.is](http://www.hafogvatn.is).

Umsóknarfrestur er til og með **5. september 2022**. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir hæfni viðkomandi sem nýtist í starfi, á íslensku. Að auki þarf að fylgja afrit af prófskránni sem og að tilnefna tvo umsagnaraðila. Gerð er krafa um að umsækjendur hafi hreint sakavottorð. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um störf. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni. Ófullnægjandi umsóknir eru ekki teknar til greina. Hafrannsóknarstofnun áskilur sér jafnframt rétt til að hafna öllum umsóknum. Við ráðningu í störf hjá Hafrannsóknastofnun er tekið mið af jafnréttisáætlun stofnunarinnar og er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um.

Nánari upplýsingar veita Hafdís Ósk Pétursdóttir ([hafdis@intellecta.is](mailto:hafdis@intellecta.is)) og Thelma Kristín Kvaran ([thelma@intellecta.is](mailto:thelma@intellecta.is)) í síma 511 1225.

**intellecta**  
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir





# Embætti hagstofustjóra laust til umsóknar

Embætti hagstofustjóra er laust til umsóknar frá og með 1. nóvember 2022, en forsætisráðherra skipar í embættið til fimm ára í senn.

Hagstofa Íslands starfar á grundvelli laga um Hagstofu Íslands, nr. 163/2007. Hún er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir forsætisráðherra. Hagstofan er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og hefur forystu um tilhögun, samræmingu og framkvæmd hennar og um samskipti við alþjóðastofnanir um hagskýrslu- og tölfræðimál.

Leitað er að metnaðarfullum og framsæknum einstaklingi sem er vel fær um að takast á hendur rekstur stofnunarinnar, sjá til þess að lögbundnum verkefnum hennar sé sinnt af fagmennsku, geti sinnt og hafi skilning á þörfum samfélagsins og stjórnvalda fyrir vandaðar hagskýrslur og talnaefni, svo sem á sviði sjálfbærrar þróunar og velsældarmarkmiða, og sjái til þess að stofnunin sinni vel þjónustu við almenning og atvinnulíf.

#### Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í hagfræði, tölfræði, félagsfræði eða skyldum greinum, þekking og reynsla af hagskýrslugerð eða notkun hagtalna.
- Hæfileiki og þekking til að veita stofnuninni forystu og móta hlutverk hennar til framtíðar.
- Skýr sýn á hlutverk Hagstofunnar í nútíð og framtíð, m.a. þjónustuhlutverk hennar og umbótaþörf með hliðsjón af þörfum samfélagsins, samfélagsbreytingum, tækniþróun og upplýsingaþörf.
- Þekking á og reynsla af miðlun flókinna upplýsinga.
- Farsæl reynsla af umbótavinnu og breytingastjórnun er kostur.
- Hæfileiki til að tjá sig m.a. um málefni stofnunarinnar í ræðu og riti, a.m.k. á íslensku, ensku og einu öðru Norðurlandamáli.

Við skipun í embætti hagstofustjóra verður einnig horft til þátta sem skilgreindir hafa verið í stjórnendastefnu ríkisins sem eru heilindi, leiðtogahæfni, árangursmiðuð stjórnun og samskiptahæfni.

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá, þar sem fram koma upplýsingar um menntun og fyrri störf, ásamt kynningarbréfi með upplýsingum um ástæður umsóknar og hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur fyrir starfið.

Um laun og önnur launakjör hagstofustjóra fer skv. 39. gr. a. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2022 og skal umsóknum skilað á [starfatorg.is](http://starfatorg.is) með viðeigandi fylgigögnum fyrir lok þess dags.**

Forsætisráðherra mun skipa þriggja manna hæfnisnefnd sem metur hæfni umsækjenda og skilar greinargerð til ráðherra.

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Hlöðversdóttir, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu; [bryndis.hlodversdottir@for.is](mailto:bryndis.hlodversdottir@for.is)

**Stjórnarráð Íslands**  
Forsætisráðuneytið

**job**  
Finnum draumastarfið saman

Erum við  
að leita **að þér?**





## Æskulýðsfulltrúi

Njarðvíkursóknir

50 % starf Ný staða

Njarðvíkursóknir óska eftir að ráða æskulýðsfulltrúa með haldgóða menntun og / eða reynslu úr starfi með börnum og unglingum.

**Umsóknarfrestur er til 1. september 2022.**

Sjá nánar á

# job

Finnum draumastarfið saman



# Skólameistari Verkmenntaskóla Austurlands

 [FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ilvaisland)  
 [INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ilvaisland)



Um miðjan mánuðinn var fyrrverandi sambýlismaður Lindu Gunnarsdóttur sakfelldur vegna ofbeldis gagnvart henni. Linda fagnar dómnum en segir alla vinnslu málsins hafa verið litaða vanhæfni og mistökum, bæði hjá lögreglu og ákærusviði.

**K**æru Lindu var upphaflega vísað frá á þeim grunni að um væri að ræða orð gegn orði, þrátt fyrir að áverkavottorð sýndi átta áverka og árásin væri flokkuð sem alvarleg. Fyrrverandi sambýlismaður Lindu hafði fengið töluvert pláss í fjölmiðlum en hann var í sjónvarpsþáttum og var mikið til umfjöllunar vegna þeirra og lýsti Linda því í viðtali við Fréttablaðið hvaða áhrif það hafði á hana.

Nokkrum dögum eftir að Linda sagði sögu sína í viðtali við helgarblað Fréttablaðsins, síðasta vor, var lögfræðingi hennar, Oddgeiri Einarssyni, tilkynnt að rannsókn málsins yrði tekin upp að nýju. Linda er viss um að það, að hún hafi stigið fram í fjölmiðli, hafi orðið til þess að málið var tekið upp, en harmar að nauðsyn sé að bera sína sárustu reynslu á borð fyrir alþjóð svo lagt sé við hlustir. Alls ekki allir hafi burði til þess og sjálf hafi hún séð sig nauðbeygða.

#### Áverkavottorð sagt týnt

Linda og lögfræðingur hennar gera fjölmargar athugasemdir við úrvinnslu kærunnar og vinnubrögð þeirra sem að málinu komu. Segir Linda það oft hafa hvarflað að henni að gefast upp.

„Þegar ég upphaflega leita á lögreglustöð til að kæra tekur mjög almennileg lögreglukona af mér skýrslu. Í framhaldi fæ ég símtala frá lögreglumanni sem fenginn var til að sjá um rannsókn málsins. Hann segir mér að áverkavottorð mitt sé týnt, að Landspítalinn hafi týnt því. Hann fer svo að draga í efa að ég hafi virkilega farið á spítala á sínum tíma.“ Linda segist hafa svarað honum að hún hafi verið beinbrotin og hafi því að sjálf-sögðu leitað aðhlyningar á spítala. Áverkavottorð sanna að hún var viðbeinsbrotin og með sjö aðra áverka.

„Ég var í algjöru panikki. Enda vissi ég að ég hefði farið á spítala, það hefðu verið teknar myndir af mér og ég sagði starfsfólki þar hvað hafði komið fyrir mig. Ég hringdi því sjálf upp á Landspítala og segi læknaritara hvað lögreglan hafi sagt. Hún sagði lögregluna eiga að vita betur, það tæki einfaldlega tíma að útbúa áverkavottorð. Hún sagði það að sjálf-sögðu vera til enda muni sjúkraskýrsla mín fylgja mér í gröfina. Lögreglumadurinn laug því að mér, bláskalt, og ég er hugsuð yfir því að slíkur maður rannsaki svona mál.“

Linda segist ítrekað hafa reynt að ná sambandi við lögreglumanninn sem á þessum tíma fór fyrir rannsókninni, til að láta hann vita af þessu svari, en án árangurs. „Aldrei hringdi hann til baka. En á þessum tíma óttaðist ég að mál mitt félli um sig sjálft vegna þessa, enda vottorðið aðalsönnunargagn mitt. Það næsta sem ég heyri er að fyrrverandi sambýlismaður minn er kallaður í skýrslutöku og veit svo ekkert fyrr en ég fæ bréf þar sem mér er tilkynnt að rannsókn málsins sé hætt.“

#### Ekki kallað eftir ljósmyndum

Linda hafði þá mánuð til að kæra þá ákvörðun og gerði lögfræðingur hennar það á grundvelli þess að rannsókn hefði sannarlega verið ábótavant.

Samkvæmt áverkavottorði varð Linda fyrir fjölþættum áverkum, þar er meðal annars talið upp viðbeinsbrot, sár í munni og munnholi, sár á kvið og mar á baki. Í skýrslu sem tekin var af fyrrverandi sambýlismanni hennar útskýrði hann viðbeinsbrotið þannig að hún hefði



## Málið litað vanhæfni og mistökum



Björk Eidsdóttir  
bjork@frettabladid.is

dottið. Áverkar hennar voru ekki frekar bornir undir hann, né hann bedinn að útskýra hvernig þeir voru tilkomnir.

Við niðurfellingu rannsóknar var tekið fram að engar ljósmyndir væru til af áverkum Lindu en á áverkavottorði stendur skýrt að myndir séu til, lögregla þurfi aðeins að kalla eftir þeim hjá Landspítala. Önnur rök voru að um væri að ræða orð gegn orði, en í kæruskýrslu tiltók Linda fjögur vitni sem stutt gætu frásögn hennar en aðeins var haft samband við eitt þeirra, vinkonu hennar sem sótti hana og færði á spítala eftir árásina.

#### Málið endurvakið eftir viðtal

Í febrúar 2021 fer lögmaður Lindu fram á að rannsókn sé aftur tekin upp, en það er ekki fyrr en 19. maí sem Linda fær tilkynningu um að það verði gert, fjórum dögum eftir að hún birtist í forsiðuviðtali í helgarblaði Fréttablaðsins.

„Það finnst mér ótrúlega sorglegt fyrir þolandur. Að þeir þurfi að taka þetta í sínar eigin hendur til að horft sé á mál þeirra, hlustað á þá. Mig langaði ekkert að fara í viðtal. Þetta eru persónulegir hlutir sem mig langar ekkert að allir viti um mig.“

Linda segir vinnubrögðin ekki hafa batnað þegar málið var tekið upp aftur, en þá hafi lögreglumadurinn sem upphaflega var með málið og viðhafði að mati hennar og lögfræðings hennar, slægleg vinnubrögð, hringt í hana og boðað hana í skýrslutöku.

„Ég var steinhissa og spurði hvort hann væri virkilega aftur með málið,“ segir Linda en hann hafi svarað: „Já. Er eitthvað að því?“

„Ég auðvitað bara fraus, mér fannst þessi maður hafa brotið á mér með því að rannsaka mál mitt ekki.“

Linda og lögfræðingur hennar lögðu áherslu á að annar lögreglumadur tæki við málinu. Það reyndist ekki auðsött og var hún vörud við að þannig tæki málið lengri tíma.

„Ég svaraði að ég vildi frekar að það tæki lengri tíma og væri gert vel.“

Á endanum tók lögreglukona við rannsókn málsins og segir Linda hana hafa staðið sig vel. „Ég fann strax að hún vann sína vinnu, annað en sá fyrri.“

#### Ekki tilkynnt um ákæru

Þann 22. febrúar á þessu ári var maðurinn ákærður en samkvæmt Lindu fengu hún og lögfræðingur hennar ekki upplýsingar um það fyrr en nokkrum dögum áður en málið átti að fara fyrir dóm. „Okkur var ekki tilkynnt um ákærana, ekki einu sinni þegar lögfræðingur minn hefur samband við saksóknara vegna gagna er varða bótakröfu mína. Ég skil ekki þessi vinnubrögð og ekki heldur þá staðreynd að á þessu stigi er málið mitt orðið mál ákærvaldsins, það er ekki mitt lengur. Ég er orðin eins og utanaðkomandi í mínu eigin máli.“

Þar sem þau fengu svo seint vitneskju um að ákært hefði verið í málinu var of seint að láta bótakröfu fylgja. „Ekki að bætur séu endilega það sem ég er að leitast eftir, þá er þetta bagalegt.“

Lögfræðingur Lindu fékk upplýsingar um ákærana fimm dögum áður en dómsmálið var tekið fyrir um miðjan júní. „Það var eiginlega bara óvart, þegar hann var bedinn um að staðfesta vitnalistann. Hann var bedinn afsökunar á að það hefði fyrirfarist að láta hann vita. Ég var ekkert bedin afsökunar á því – enda kemur mér þetta ekkert við,“ segir Linda í kaldhæðnistón. „Þeir eru að ákæra hann fyrir eitthvað sem hann gerði mér – en samt skipti ég engu máli.“

#### Frestað samdægurs

Linda segir jafnframt að veikindi starfsmanna Héraðsdóms Reykjaness hafi orðið til þess að gleymst hafi að hringja út og láta vitni vita og þurfti hún sjálf að hafa samband við þau. „Þau fengu bara að vita að þau ættu að bera vitni daginn áður, um miðjan júní, þegar fólk er oft í fríum enda kom í ljós að tvö þeirra voru erlendis,“ segir Linda, en sem betur fer gátu þau borið vitni í gegnum fjarfundarbúnað.

Dómsmálið átti að vera tekið fyrir þann 15. júní og var Linda undir það búin að bera vitni. „Samdægurs fékk ég símtal um að málinu væri frestað um óákveðinn tíma. Þá hafði lögfræðingur hans sent beiðni á saksóknara um að skoða fyrningartíma málsins,“ segir Linda

og finnst undarlegt að ákærvaldið fari áfram með mál án þess að vera viss í sínum rétti.

„Þannig gat lögfræðingur hans notað svona trix til að eiga við hausinn á þolandanum. Maður fer í einhvers konar efa, þetta tekur á, enda hafði ég búið mig undir að mæta þegar hringt er í mig klukkutíma áður og mér sagt að málinu sé frestað.“

Málinu var frestað um viku og segist Linda hafa upplifað mikið mótlæti. „Mér fannst allt á móti mér, allt frá því lögreglumadur er mjög ónægðgættinn og efaðist um að ég hefði farið á spítala, þar til rannsóknin er felld niður og svo loks þegar hún er tekin upp aftur fæ ég aftur sama lögreglumanninn og svo á endanum þessi frestun. Ég er viss um að margir hafi lent í svipuðu og ég og gefist upp, sem ég skil bara mjög vel. Þetta er ekki gert auðvelt. Málið hefur verið í tæp tvö og hálf tveggja ár í kerfinu og er það litað af mistökum og vanhæfni í starfi bæði hjá lögreglu og ákærusviði. Ég óska engum sem er svipaðri stöðu og ég að þurfa að fara í gegnum þetta ferli.“

#### Dómurinn frelsi frá óttanum

Dómur féll þann 17. ágúst síðastliðinn og viku síðar höfðu hvorki Linda né lögfræðingur hennar fengið að sjá hann þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir. „Ég heyrði einfaldlega af niðurstöðunni frá blaðakonu Fréttablaðsins,“ segir Linda, en daginn eftir þetta viðtal, þann 24. ágúst, birtist dómurinn á vefnum og kom þá Lindu fyrst fyrir sjónir.

Maðurinn fékk þriggja mánaða dóm, skilorðsbundinn til tveggja ára. „Það er bara gott að vera glæpamaður á Íslandi.“ Linda hefði viljað sjá þyngrri dóm en einnig einhvers konar samfélagsþjónustu eða meðferð. „Fólk sem hefur tilhneigingu til að beita ofbeldi ætti að þurfa að fara í einhvers konar uppbyggingu.“

Þó að dómurinn sé ekki þungur er hann mikilvægur.

„Í öllu þessu ferli hef ég fundið fyrir ótrúlega mikilli hræðslu, mér finnst erfitt að vera úti ein,“ segir Linda og það reynist henni erfitt að halda áfram: „Þegar þetta fór í fjölmiðla fannst mér allir vita þetta og var óörugg. En eftir að hann fékk dóminn hefur mér aldrei liðið betur. Þó að dómurinn sé vægur þá er þetta viðurkenning á því að það sem hann gerði mér var rangt og hann getur ekki lengur logið sig út úr þessu. Dómurinn frelsaði mig frá óttanum,“ segir hún að lokum. ■

Linda fagnar því að fyrrverandi sambýlismaður hennar hafi loks fengið dóm fyrir líkamsárás gegn henni. Hún segir vinnslu málsins þó hafa verið litaða vanhæfni og mistökum allt frá rannsókn að ákæru.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
EYDÖR



Peir eru að ákæra hann fyrir eitthvað sem hann gerði mér – en samt skipti ég engu máli.



# Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is



Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur



## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16





# Pólitík getur verið algjör viðbjóður



Helena Rós Sturludóttir helenaros @frettabladid.is

Stefán Jón Hafstein sem hefur dvalið langdvölum erlendis ræðir um árin í fjölmiðlum sem hann segir hafa verið líf sitt og yndi, en fer ekki eins fögrum orðum um borgarpólitíkina sem framkvæmdagledin leiddi hann út í.

Við Stefán Jón hittumst á kaffihúsi í miðborginni á fallgum degi í liðinni viku. Þessi geðþekki maður sem var um tíma einn þekktasti fjölmiðlamaður landsins og í þokkabót tvívegis kjörinn kynþokkafyllsti maðurinn, var nú sestur með rjúkandi kaffibolla til að ræða málin. Hann var þó ekkert sérstaklega spenntur að ræða gamla tíma og gekk jafnvel svo langt að segja manninn sem hann hafði eitt sinn að geyma í raun ekki lengur til, nema sem góða minningu.

Stefán Jón segir fjölmiðlastarfið hafa verið hans líf og yndi. Hann sé mjög þakklátur fyrir þau tækifæri sem honum hafi hlotnast yfir ævina – hann hafi verið mjög heppinn. „Að sama skapi er ég ekkert mjög mikið að dvelja við það sem er búð. Ég sit ekki heima og hlusta á gamlar spólar af sjálfum mér. Ég spila ekki gamla Gettu betur þætti og ég er ekki með úrklippusafn þannig að það sem var mikilvægt, það fylgir manni og hitt var bara mjög skemmtilegt,“ segir Stefán Jón og hlær.

## Fjölörng verkefni

Það er óhætt að segja að Stefán Jón hafi marga fjórana sópið. Hann náði hápunkti í fjölmiðlum snemma og færði sig yfir í borgarpólitík í kringum aldamótin 2000. Þaðan sem leiðin lá alla leið til Afríku þar sem hann vann við þróunarhjálp í hátt í áratug. Stefán Jón segir dvölina í Afríku hafa verið gefandi og skemmtilega en hann sinnti fjölörngum verkefnum þar í þremur löndum, Namibíu, Malaví og Úganda.

Aðspurður út í skiptin úr fjölmiðlum í pólitík segir Stefán Jón þá vettvanga svolítið samtengda. Hann hafi alltaf verið jafnaðarmaður að upplagi og byrjað sem borgarfulltrúi fyrir Reykjavíkurlistann og svo síðar fyrir Samfylkinguna. „Reykjavíkurlistinn var módel sem gekk mjög vel upp hér og sýndi svolítið hvað er að hægt að gera ef fólk sameinast. Maður vildi vera með í að vinna í þessari sameiningarhugsjón og það var svolítið drifkrafturinn hjá mér. Ég ætlaði ekkert endilega í framboð og fór ekkert í framboð fyrr en seint og um síðir,“ segir Stefán Jón þegar hann rifjar upp gamla tíma.

Stefán Jón valdi borgarpólitík fram yfir Alþingi og segir hann ástæðuna hafa verið framkvæmdagledina. „Í borgarstjórn fær maður að gera eitthvað. Tala nú ekki um ef maður er í meirihluta, þá er það ægilega gaman.“ Það hafi í raun verið mikið ógæfuspor þegar Reykjavíkurlistinn var lagður niður. „Ég meina, við gáfum bara frá okkur borgina,“ segir Stefán Jón og bætir við að það hafi verið stórkostleg mistök að nýta ekki sameiningarkraftinn meira, í lands- og borgarmálunum. „Við erum náttúrulega búin að vera með vinstri-miðaðar tilraunir í borginni mikið til síðan. Þetta fór náttúrulega allt í hund og kött,“ segir Stefán Jón og vísar til þess eftirminnilega tíma þegar borgarstjórnar komu og fóru í löngum höfum á nokkurra ára



Stefán Jón er mikill dýravínur og hér er hann ásamt orkuboltanum Emblu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Stefán Jón á nýrri fæðingar-deild í Monkey Bay sem hann tók þátt í að opna, ásamt frumburði deildarinnar, nýbakaðri móður og heilbrigðisstarfsfólki.

MYND/ADSEND

tímabili. Á þeim tíma fékk Stefán Jón sig fullsaddan af vitleysunni og tók sér fri frá pólitíkinni og fékk starf við þróunarsamvinnu í Namibíu í Afríku til tveggja ára. Hann snéri þó aldrei aftur í pólitíkina líkt og til stóð því hann var beðinn um að halda áfram starfi sínu í Afríku sem hann ákvað að gera og varð umdæmisstjóri í Malaví. „Ég sá að þetta var miklu meira gefandi, spennandi og áriðandi.“

## Breytir fólki

„Pólitík getur verið algjör viðbjóður. Hún er viðbjóður og breytir fólki til hins verra. Það var eitt af því sem ég lofaði sjálfum mér að gera ekki en ég gat ekki alveg staðið við,“ segir Stefán Jón, en hann minnst orða fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins, Matthíasar Johannessen, um að hann hefði á sínum fjórutíu árum í fjölmiðlum engan stjórnmalamann hitt sem hefði orðið betri maður af því að vera í stjórnmalum. Einn eða tveir hefðu sloppið skaðlausir. „Þetta las ég þegar ég var að byrja í pólitík. Ég ætlaði ekki að verða einn af þessum sem urðu verri manneskjur. Margir eiga eftir að mótmæla þessu og það er allt í lagi en hvað þetta varðar held ég að Matthías hafi haft rétt fyrir sér og svo fór maður að sjá þetta. Þetta var mjög mikilvæg lífsreynsla og merkileg – en þetta er hættulegt,“ segir Stefán Jón og heldur áfram: „Þegar ég fann það að maður var byrjaður að segja



Ég get engu lofað um það að ég muni halda kjafti í framtíðinni.

eða íhuga eitthvað sem var ekki í karakter þá á maður að hætta.“

## Æskuvínurinn

Stefán Jón brennur enn fyrir ýmsum samfélagsmálum og er mikill umhverfisverndarsinni og sést það vel í nýútgefni bók hans Heimurinn eins og hann er. Þau eru ekki lítillfjörleg málin sem hann veltir upp í bókinni. Stefán Jón segir að upphaflega hafi aldrei staðið til að koma frásögninni fyrir augu almennings. Hann hafi eingöngu skráð niður minnisþunkta fyrir sjálfan sig en punktana hóf hann að skrifa hjá sér þegar æskuvínur hans, Viktor Smári, greindist með banvænt krabbamein árið 2018. Þá var Stefán Jón nýfluttur til Rómaborgar á Ítalíu eftir hátt í áratug í þróunarstarfi í Afríku. Stefán Jón segir skrifin hafa verið leið til að hjálpa sér að takast á við fréttirnar. Í kjölfarið hafi hann orðið næmari

á umhverfið og áttað sig enn frekar á þeirri ógnvænlegu stöðu sem heimurinn stendur frammi fyrir, loftslagsvánni, hruni vistkerfanna og hinu ótrúlega rugli í matvæla-kerfum mannkyns. „Það er ekki eitt, það er allt sem tengist, sem er leidarstef bókarinnar.“ Undir lokin hafi honum þótt mikilvægt að gefa söguna út.

Veikindi Viktors Smára fylgja lesanda í gegnum bókina en hann var að berjast við krabbameinið yfir þann tíma sem bókinn var í vinnslu. „Síðan átti bókinn að enda þannig að það væri von en svo lést hann í byrjun ársins,“ segir Stefán Jón klökkur, en þeir höfðu verið vinir frá blautu barnsbeini. Stefán Jón segir Viktor Smára oft hafa minnst á það að tíminn ynni ekki með honum og að það væri í raun tenging við okkur öll í tengslum við loftslagsvána.

## Óskrifað blað

Stefán Jón starfar nú sem erindreki í málefnum hafsins fyrir utanríkisráðuneytið. Aðspurður hvort til greina komi að setjast í helgan stein á næstunni segir hann það ekki koma til greina. „Það mun ég aldrei gera, það kemur ekki til greina,“ segir Stefán Jón og bætir við það sé ómögulegt. Þá sé best að segja sem minnst um frekari útgáfu bóka í framtíðinni. „Ég get engu lofað um það að ég muni halda kjafti í framtíðinni,“ segir Stefán Jón að síðustu og hlær innilega. ■



Það var eitt af því sem ég lofaði sjálfum mér að gera ekki en gat ekki alveg staðið við.



# BIG BLUE BAG

**SPARAÐU**

**20%**

**AF ÖLLUM VÖRUM SEM ÞÚ  
GETUR KOMIÐ OFAN Í POKANN!**



**KOMDU  
OG GERÐU  
FRÁBÆR  
KAUP!**

**Gildir  
föstudag  
til mánudags**

**RÚMFATA  
LAGERINN**

[www.rumfatalagerinn.is](http://www.rumfatalagerinn.is)

**Gildir með öðrum tilboðum**



## Merkisatburðir

**1828** Simón Bólívar tekur sér alræðisvald í Stór-Kólumbíu.

**1867** Eldgos hefst í Vatnajökli nálægt Grímsvötnum.


**1929** Sjö sauðnautskálfar eru fluttir til landsins í tilraunaskyni frá Grænlandi.

**1946** Fyrsti billinn kemur til Siglufjarðar eftir að unnið hefur verið að vegagerð um Siglufjarðarskarð í ellefu ár.

**1970** Flugsveitin Rauðu örvarnar sýnir listir sínar í Reykjavík og vekur mikla áhuga.

**1991** Moldóva fær sjálfstæði frá Sovétríkjunum.

**1994** **Bíódagar**, kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, hlýtur Amanda-kvikmyndaverðlaunin.



Garðurinn er eini útikörfuboltavöllur landsins í fullri stærð.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Garðurinn hans Gústa vígður

Körfuboltavöllur sem reistur var í minningu Ágústar H. Guðmundssonar verður formlega vígður við Gleráarskóla í dag.

arnartomas@frettabladid.is

Garðurinn hans Gústa, eini útikörfuboltavöllur landsins í fullri stærð, verður formlega vígður og afhentur Akureyrarbæ í dag. Völlurinn er afrakstur vinnu aðstandenda Ágústar H. Guðmundssonar körfuboltamanns, þjálfara og athafnamanns sem lést fyrir aldur fram í fyrra.

„Við vildum gera einhvers konar minnisvarða um Ágúst vin okkar og upp kom sú hugmynd að halda áfram starfi hans og ástríðu fyrir körfubolta með því að reisa þennan völl við Gleráarskóla þar sem við æfðum sem krakkar,“ segir Einar Örn Aðalsteinsson, sem kom að skipulagningu vallarins. Í kjölfarið tóku félagar Gústa sig saman og söfnuðu um tíu milljónum til uppbyggingar vallarins auk sjálfbodavinnu, afsláttar og gjafa. Akureyrarbær sigldi verkefninu svo til hafnar og lagði til það fé sem upp á vantaði.

„Hann var alls staðar vel metinn. Það voru margir sem lögðu þessu lið og erum við félagarnir þakklátir allan þann velvilja sem við fundum alls staðar þar sem við komum,“ segir Einar Örn. „Við förum svo með þetta til Akureyrarbæjar sem tók verkefninu fagnandi og styrkti það vel.“

### Veglegur völlur

Í dag er völlurinn sá glæsilegasti enda segir Einar Örn ekki annað hafa staðið til bóða.

„Hjá Ágústi var aldrei neinu kastað til heldur var alltaf unnið með það stærsta og besta. Við þurftum þá auðvitað að hafa völlinn í þeim stíl.“

Það dugði þess vegna ekkert minna til



Minnisskjöldur var reistur við inngang vallarins.

MYND/ADSEND



**Hjá Ágústi var aldrei neinu kastað til heldur var alltaf unnið með það stærsta og besta. Við þurftum þá auðvitað að hafa völlinn í þeim stíl.**

heldur en að reisa eina útikörfuboltavöll landsins í fullri stærð. Við hlið vallarins er þriggja hæða áhorfendastúka auk þess sem hinar ýmsu smávægilegu breytingar voru gerðar frá þessum hefðbundnu völlum sem víða má finna.

Völlurinn var óformlega tekinn í notkun síðastliðinn nóvember og hefur síðan verið vel sóttur. „Garðurinn er fullur frá morgni til kvölds og hefur það komið til tals að við hefðum kannski átt að gera tvo velli,“ segir Einar.

Við athöfnina í dag verður Akureyrarbæ afhentur völlurinn til eignar auk þess sem minnisskjöldur til heiðurs Ágústi við inngang vallarins verður vígður. Í framhaldi af því verður fyrsta mót vallarins sett, þar sem leikið verður í þrjú á þrjá götukörfubolta.

„Það er eitthvað sem er komið til að vera og við komum líklega til með að halda einhvers konar mótaröð næsta sumar,“ segir Einar Örn.

Athöfnin hefst klukkan 11 í dag. ■

*Mergætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar*

Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353  
www.usr.is  
isleifur@usr.is  
Þjónusta allan sólarhringinn

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353  
**Steinn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892  
Komum til aðstandenda og reðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta í yfir 70 ár



*Víð tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Þetta gerðist 27. ágúst 2002

## Norsk flugvél finnst á hafsbotni í Skerjafirði

Þann 27. ágúst 2002 var áhöfn Baldurs, sjómælingabáts Landhelgisgæslunnar, við dýptarmælingar í Skerjafirði þegar hún uppgötvaði óvænt flugvélarflak á sjávarbotninum. Útlínur flaksins birtust greinilega í fjölgeislasmæli sem bandaríski sjóherinn hafði lánað gæslunni árið áður.

Tveimur dögum síðar fóru kafarar, sjómælingamenn og sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar á vettvang til að rannsaka flakið. Í ljós kom að vélin var eins hreyfils, búin vélbyssum og var merkt norska fánunum. Fljót-



Norski sjóherinn pantaði 24 vélar 1940.

lega var ákveðið að um Northrop-sjóflugvél af gerðinni N-3PB væri að ræða.

Fornleifavernd ríkisins gaf síðar frá sér friðlýsingarskjal þar sem flakið var friðlýst en það fól meðal annars í sér köfunarbann í tuttugu metra radius út frá flakinu.

Þetta var ekki í fyrsta skipti sem Northrop-flugvél fannst óvænt á Íslandi en á áttunda áratugnum fannst slík vél á botni Þjórsár. Þeirri vél var síðar lyft og hún flutt til Noregs þar sem hún dvelur nú á flugminjasafninu í Gardemoen. ■





Maðurinn minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurjón Hannesson**  
húsasmiðameistari,  
Stillholti 21, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands  
á Akranesi, sunnudaginn 21. ágúst.  
Útför hans fer fram frá Akranesirkirkju föstudaginn  
2. september kl. 13. Streymt verður frá athöfninni  
á vef Akranesirkirkju. www.akranesirkirja.is

**Guðlaug Bergþórsdóttir**

Rannveig Sigurjónsdóttir Bergsteinn Metúsalemsson  
Guðriður Sigurjónsdóttir Ágúst Grétar Ingimarsson  
Bergþóra Sigurjónsdóttir Hannes Sigurbjörn Jónsson  
Hafdis, Birkir, Rúnar Freyr, Sigurjón, Ingimar Elfar,  
Jón Gautur, Hilmar Veigar, Guðlaug Gyða og langafabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**Áslaug Ester Sigfúsdóttir**  
frá Sauðárkróki,  
til heimilis á Hjúkrunarheimilinu  
Skjöldi,

lést þar 4. ágúst síðastliðinn.  
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Ragnheiður S. Jóhannsdóttir Guðmundur H. Sigurðsson  
Bergþóra K. Jóhannsdóttir Gunnar Skarphéðinsson  
María Jóhannsdóttir Páll Steinþórsson  
barnabörn og langömmubörn.



Ástkær eiginmaður minn,  
pabbi, bróðir, afi og langafi,

**Jóhann Gústafsson**  
Kjarnagötu 33, Akureyri,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar  
á Akureyri 18. ágúst.

Sérstakar þakkar færur við starfsfólki lyfjagæðingja  
fyrir góða umönnun og hlýju í hans garð.  
Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Rósa Jónsdóttir**

Kristján Jóhannsson  
Anna Pálína Jóhannsdóttir Vigfús Ingi Hauksson  
Gústaf Jóhannsson Jóhanna Rögnvaldsdóttir  
Helgi Þór Jóhannsson Sigrún A. Þorsteinsdóttir  
Ingi Gústafsson Guðbjörg Guðmundsdóttir  
afabörn og langafabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,  
amma, langamma og langlangamma,

**Anna Margrét Pálsdóttir**  
síðast til heimilis að  
Hraunbæ 103 Rvk.,

andaðist á hjúkrunarheimilinu  
Hömrum 6. ágúst sl. Jarðarförin fer fram frá  
Árbæjarkirkju mánudaginn 29. ágúst kl. 13.00.

Hafliði Már Aðalsteinsson Jófríður Benediktsdóttir  
Elin Ágústa Aðalsteinsdóttir Ásbjörn R. Jóhannesson  
Jón Valdimar Aðalsteinsson Sigrún Davíðsdóttir  
Páll Finnbogi Aðalsteinsson Anna Reynisdóttir  
Skúli Aðalsteinsson Guðrún Brynjarsdóttir  
Jóhanna Björg Aðalsteinsdóttir Eiríkur Kr. Jóhannsson  
Aðalsteinn Aðalsteinsson Þórunn Bjarney Garðarsd.  
Guðbjörg Aðalsteinsdóttir Gísli Jón Bjarnason  
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, stjúpaðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**Birgir Guðjónsson**  
skipstjóri,

lést 24. ágúst á Hrafnistu, Hafnarfirði.  
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju  
föstudaginn 2. september kl. 10.

Bergdís A. Kristjánsdóttir Björn Kristjánsson  
Ragnheiður Eva Birgisdóttir  
Hekla Birgisdóttir  
Steingrímur Birgisson Kolbrún Björnsdóttir  
Purý Bára Birgisdóttir  
Bergsveinn Birgisson Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir  
og barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegi unnasti minn, faðir, sonur,  
bróðir, tengdasonur og barnabarn,

**Þórður Kárason**  
pipulagningameistari,  
Ásbúð 52, Garðabæ,

lést miðvikudaginn 24. ágúst.  
Útförin verður auglýst síðar.

**Elsa Kristín Auðunsdóttir**

Laufey Líf, Anna, Tinna, Sunna og Kári  
Anna Þórðardóttir Kári Gréтарsson  
Gréтар Kárason  
Laufey Baldvinsdóttir  
Auðunn Helgi Herlufsen  
Þórður Jónsson  
Ásdís Hjörleifsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir, amma, langamma  
og langlangamma,

**Svanfríður Valdimarsdóttir**  
Háholti 10, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands,  
á Akranesi fimmtudaginn 25 ágúst.

Útför hennar fer fram frá Akranesirkirkju  
mánudaginn 5. september kl. 13.  
Sérstakar þakkar til starfsfólks heimaþjónustu  
Akraneskaupstaðar, starfsfólks Hjúkrunar- og  
dvalarheimilisins Höfða, og Heilsugæslu HVE Akranesi.  
Streymt verður frá athöfninni á vef Akranesirkirkju,  
www.akranesirkirja.is

**Þorvaldur Loftsson**

Valdimar Þorvaldsson Oddný Erla Valgeirsdóttir  
Erla Lind Þorvaldsdóttir  
Hildur Þorvaldsdóttir Gunnar Þór Heiðarsson  
Þorvaldur Svanur Þorvaldsson Jóhanna Stefánsdóttir  
Fjóla Þorvaldsdóttir Svavar Jónsson  
Atli Þorvaldsson Steina Árnadóttir  
ömmubörn, langömmubörn og langlangömmubörn.



Ástkæra eiginkona mín,  
móðir, dóttir og mágkona,

**Sanita Osa**

Skógarhjalla 7, Kópavogi,  
lést sunnudaginn 14. ágúst.  
Útförin hefur farið fram.

**Guðmundur Tryggvason**

Tryggvi Aron Guðmundsson  
Alexander Oliver Guðmundsson  
Aleksandrs Oss  
Margrét Edda Jónsdóttir Fjellheim



Faðir okkar, stjúpi, afi og langafi,

**Ásgeir Svanbergsson**

lést 15. ágúst síðastliðinn.  
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju,  
Þriðjudaginn 30. ágúst kl. 13.

**Áslaug Ásgeirsdóttir**  
Gísli Ásgeirsson

Páll Ásgeir Ásgeirsson  
Hrafney Ásgeirsdóttir  
Þorbjörg Ásgeirsdóttir  
Bryndís Þórhallsdóttir  
Björg Þórhallsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartkær eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Árni Sigvaldason**

Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans  
í Kópavogi 5. ágúst 2022.  
Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.  
Innilegar þakkar til starfsfólks líknardeildarinnar Kópavogi  
og líknarþjónustu HERU fyrir einstaka umönnun og hlýtt  
viðmót. Þökkum auðsýnda samúð.

**Sigríður Tómasdóttir**

Ívar Árnason Hlíf Ingibjörg Árnadóttir Jörgensen  
Xaverine Árnason Bates, Claus Jörgensen,  
Júliana Björt Ívarsdóttir, Freyja Celeste Ívarsdóttir Bates



Ástkær frændi okkar,

**Steinþór Þorsteinsson**

fyrirverandi mjólkurbilstjóri  
frá Efri-Vindheimum,  
síðast til heimilis að  
Seljahlíð 9c, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 24. ágúst sl.  
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn  
1. september kl. 13.00.  
Þeir sem vilja minnast hans eru beðnir að láta hjartadeild  
Sjúkrahúsins á Akureyri njóta þess.  
Streymt verður frá athöfninni á Facebook-síðunni  
Jarðarfarir í Akureyrarkirkju.

Þorsteinn, Ingimar, Birgir, Valgerður, Flosi,  
Þórunn, Steinþór, Steinunn, Þórey, Haukur, Guðný,  
Svana og Kristján og fjölskyldur.



Elskulegur bróðir okkar og frændi,

**Þorlákur Víkingur**  
Þórðarson (Láki)

lést á heimili sínu, Ási í Hveragerði,  
þann 9. ágúst síðastliðinn.  
Útför hans fór fram í kyrrþey  
frá Selfoskirkju 23. ágúst.

Innilegar þakkar til starfsfólks á Ási fyrir hlýju og elskusemi  
við Láka. Þökkum auðsýnda samúð.

Kristinn Rúnar Morthens  
Guðmundur Þorkell Þórðarson  
Birgít Þórðardóttir  
Sveinn Allan Morthens  
Ágúst R. Morthens



Elskuleg móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,

**Margrét Kristín**  
Sigurðardóttir

lést á Landspítalanum þann 21. ágúst.

Kristín Vala Ragnarsdóttir  
Halldór Páll Ragnarsson Jóhanna Hulda Jónsdóttir  
Sigurður R. Ragnarsson Þórdís Kjartansdóttir  
Margrét Dóra Ragnarsdóttir Hjálmar Gíslason  
og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,

**Valdís Valdimarsdóttir**

Prestastíg 8, Reykjavík,

lést 22. ágúst.  
Útförin fer fram frá Guðriðarkirkju  
fimmtudaginn 1. september kl. 15.

**Rudolf Nielsen**

Valdimar Nielsen Sigríður Elin Jónasdóttir  
Birgir Már Nielsen Hanna Sif Ingadóttir  
Rúnar Nielsen Elísa Björk Sigurðardóttir  
og ömmubörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða  
þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda  
tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is)  
eða hringja í síma 550 5055.



blómaval

# Pottaplöntu útsala

Allar pottaplöntur

# 30-50% afsláttur



## Töfrandi tilboð í Húsasmiðjunni og Blómavali

3 stk.  
að eigin vali

Erikur/Calluna

1.299 kr

1 stk. 599 kr  
10327400



20%

A+++

BERK

Þvottavél,  
1400 sn.

Tekur 8 kg,  
14 þvottakerfi,  
1860471

59.240 kr

78.990 kr



30%

OUTBACK

Gasgrill

Graphite 3b  
Grillflötur: 56x38 cm,  
þrjú brennarar. 3000390

34.990 kr

49.990 kr



31%


GROHE

Eldhús-  
blöndunar-  
tæki

Start OHM C-spout,  
króm. 7911126

14.890 kr

21.990 kr



20%

Nilfisk  
Háþrýstidæla

C100.7-5(EU)  
100 bör, 1,3KW,  
440 ltr./klst., 5  
metra slanga.  
5254200

14.390 kr

17.990 kr



25%

HIKOKI

HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

Borvél 18 V

+ 100 fylgihlutir

2 stk., 2.5Ah Li-ion rafhlöður, 13 mm  
patróna, mótorbremsa, 22 átaksstillingar,  
hersla 52Nm, Led ljós, 2ja gíra. 5247085

37.480 kr

49.978 kr



20%

HIKOKI

HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

Þútsög

1100W, sögun 90°65 mm x 289 mm,  
54 mm x 305 mm. 5247500

39.995 kr

49.995 kr



Sláttuvélar,  
orf, hekkklippur,  
mosatætar,  
greinakurlarar  
og keðjusagir

# 30% afsláttur



JOTUN

Viðarvörn,  
pallaólfa og  
útimálning

# 35% afsláttur







HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

# Pallaefni

husa.is

Gildir líka  
í vefverslun



Sendum timbrð heim á  
höfuðborgarsvæðinu



Pallareiknivél á husa.is

Áætlaðu kostnað og  
gerðu verðsamanburð

Fúavarin fura - Gerðu verðsamanburð  
Lægra verðlistaverð og 35% afsláttur

# 35%

# afsláttur

Gildir til 5. september

Við skilum lækkunum á timbri áfram til viðskiptavina

Húsasmiðjan lækkaði verð á timbri um allt að 16% í júlí. Þá lækkaði pallaefni (fúavarin fura)  
um 7% og nú bjóðum við **35% afslátt** að auki á Palladögum Húsasmiðjunnar.







## Laugardagur

## Hringbraut

- 18.30 Verkalýðsbaráttan á Íslandi**, sagan og lærdómurinn - þáttur 2
- 19.00 Undir yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 19.30 Gengið á Dólómitana**
- 20.00 Sjónin**
- 20.30 Verkalýðsbaráttan á Íslandi**, sagan og lærdómurinn - þáttur 2
- 21.00 Undir yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.

## RÚV Sjónvarp

- 07.05 Smástund**
- 07.06 Smástund**
- 07.10 Tikklakk**
- 07.15 KrakkaRÚV**
- 07.16 Veistu hvað ég elska þig mikið?**
- 07.27 Sögur snjómannsins**
- 07.35 Lestrarhúttí**
- 07.42 Begga og Fress**
- 07.55 Vinabær Danna tígurs**
- 08.07 Skotti og Fló**
- 08.14 Hvolpasveitin**
- 08.36 Rán - Rún**
- 08.41 Klingjur**
- 08.52 Kata og Mummi**
- 09.03 Blæja**
- 09.10 Zorro**
- 09.32 Stundin okkar**
- 10.00 Börnin í bekknum - tíu ár í grunnskóla**
- 10.30 Sögur fyrir stórfé**
- 10.55 Náttúran mín**
- 11.25 Tónaflóð um landið 2021**
- 12.45 Öldin hennar**
- 13.45 Tímaflakk**
- 14.45 Mótorsport**
- 15.15 Bikarkeppni kvenna í fótbolta**
- 18.20 Þú sást mig**
- 18.25 KrakkaRÚV**
- 18.26 Hönnunarstirnir**
- 18.43 KrakkaRÚV - Tónlist**
- 18.45 Bækur sem skóku samfélagið**
- 18.52 Lottó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.35 Veður**
- 19.45 Hetty Feather**
- 20.15 Syngjandi sæfarar**
- 22.05 Gróðavænleg ást**
- 23.40 Útfaland - Hilling**
- 01.10 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

- 06.00 Tónlist**
- 12.02 The Block**
- 12.51 Young Rock**
- 13.30 Man. City - Crystal Palace**
- 16.55 90210**
- 17.40 Top Chef**
- 18.25 A Fish Called Wanda**
- 20.10 Truth**
- 22.15 Anon**
- 23.55 Terminator Genisys**
- 01.55 The Time Traveler's Wife**
- 03.40 Tónlist**

## Stöð 2

- 08.00 Pipp og Pósy**
- 08.05 Vanda og geimveran**
- 08.15 Neinei**
- 08.20 Strumparnir**
- 08.35 Heiða**
- 08.55 Monsurnar**
- 09.05 Latibær**
- 09.15 Ella Bella Bingó**
- 09.25 Leikfélag Esóps**
- 09.35 Tappi mús**
- 09.40 Angry Birds Toons**
- 09.45 Angry Birds Toons**
- 09.45 Siggí**
- 10.00 Angelo ræður**
- 10.05 Mia og ég**
- 10.30 K3**
- 10.40 Denver síðasta risaeðlan**
- 10.55 Angry Birds Stella**
- 11.00 Angry Birds Stella**
- 11.05 Hunter Street**
- 11.30 Það er leikur að elda**
- 11.50 Blindur bakstur**
- 12.20 Simpson-fjölskyldan**
- 12.45 Bold and the Beautiful**
- 13.05 Bold and the Beautiful**
- 13.25 Bold and the Beautiful**
- 13.45 Bold and the Beautiful**
- 14.05 Bold and the Beautiful**
- 14.30 30 Rock**
- 14.50 30 Rock**
- 15.10 Dramaheimilið**
- 15.40 American Dad**
- 16.00 Bob's Burgers**
- 16.20 Miðjan**
- 16.35 Backyard Envy**
- 17.15 Krakkavíss**
- 17.45 Franklin & Bash**
- 18.27 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakkinn**
- 18.55 Top 20 Funniest**
- 19.35 Me and My Left Brain**
- 20.50 Best Sellers**
- 22.25 Wonder Woman 1984**
- 00.55 American Made**
- 02.40 Simpson-fjölskyldan**
- 03.05 30 Rock**
- 03.25 30 Rock**
- 03.45 American Dad**
- 04.05 Bob's Burgers**

## Sunnudagur

## Hringbraut

- 18.30 Mannamál**
- 19.00 Suðurnesja-magasín Vikurfréttá**
- 19.30 Útkall** Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar.
- 20.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 20.30 Mannamál**
- 21.00 Suðurnesja-magasín Vikurfréttá**

## RÚV Sjónvarp

- 07.16 Tölukubbar**
- 07.21 Kúlugúbbarnir**
- 07.45 Móí**
- 07.56 Elías**
- 08.07 Rán og Sævar**
- 08.18 Kalli og Lóa**
- 08.30 Hæ Sámur**
- 08.37 Sjóræningjarnir í næsta húsi**
- 08.48 Eðlukrúttin**
- 08.59 Múminálfarnir**
- 09.21 Hvolpasveitin**
- 09.43 Rán - Rún**
- 09.48 Stuðboltarnir**
- 10.00 Með okkar augum**
- 10.30 Tæknin allt um kring**
- 11.15 Keramik af kærleika**
- 11.45 Óskalög Norðmanna**
- 12.55 Fiskilíf**
- 13.25 Leynardómar húðarinnar**
- 13.55 Tónatal**
- 14.55 Fornar borgir: Undir yfirborðinu - Kairó**
- 15.45 Popp- og roksaga Íslands**
- 16.45 Söngur Kanemu**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Holly Hobbie** Holly er 13 ára stelpa sem syngur og semur sín eigin lög. Hún er umkringd vinum og fjölskyldu en dreymir um að bjarga heiminum. Þó hún þurfi að byrja í garðinum sínum. e.
- 18.25 Basí er búskapur**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.35 Veður**
- 19.45 Akureyrarvaka 2022** Samantekt frá Akureyrarvöku sem haldin er árlega síðustu helgina í ágúst í tilefni afmælis Akureyrarbæjar.
- 20.10 Náttúran mín**
- 20.40 Öldin hennar**
- 21.45 Þetta verður vont**
- 22.30 Yuli - Sagan af Carlos Acosta**
- 00.20 Ísland: bíóland**
- 01.20 Förum á EM**
- 01.50 HM U20 kvenna í fótbolta**
- 04.00 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

- 06.00 Tónlist**
- 12.30 The Bachelorette**
- 14.00 The Block**
- 15.00 PEN15**
- 15.25 Gordon Ramsay's Future Food Stars**
- 17.10 90210**
- 17.55 Amazing Hotels: Life Beyond the Lobby**
- 18.55 Ordinary Joe**
- 19.40 Young Rock**
- 20.10 Brúðkaupið mitt**


## Stöð 2

- 08.00 Danni tígur**
- 08.10 Litli Malabar**
- 08.15 Danspartý með Skoppu og Skritlu**
- 08.30 Gus, the Itsy Bitsy Knight**
- 08.45 Monsurnar**
- 08.55 Mæja býfluga**
- 09.05 Mæja býfluga**
- 09.20 Tappi mús**
- 09.25 Angry Birds Toons**
- 09.30 Angry Birds Toons**
- 09.30 Lína langsokkur**
- 09.55 Ruddalegar rimur**
- 10.25 Angelo ræður**
- 10.30 Mia og ég**
- 10.55 Denver síðasta risaeðlan**
- 11.10 Denver síðasta risaeðlan**
- 11.20 It's Pony**
- 11.40 K3**
- 11.55 Hunter Street**
- 12.15 Mr. Mayor**
- 12.40 Nágrannar**
- 13.00 Nágrannar**
- 13.20 Nágrannar**
- 13.40 Nágrannar**
- 14.00 Nágrannar**
- 14.20 Best Room Wins**
- 15.00 Augnablik í lífi - Ragnar Axelsson**
- 15.20 DNA Family Secrets**
- 16.20 B Positive**
- 16.40 Home Economics**
- 17.00 Top 20 Funniest**
- 17.40 60 Minutes**
- 18.25 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakkinn**
- 18.55 Gullí byggir**
- 19.35 Grand Designs: Sweden**
- 20.20 The Heart Guy**
- 21.10 Agent Hamilton**
- 21.55 Lie With Me**
- 22.40 Queen Sugar**
- 23.20 Anne**
- 00.10 Shameless**
- 01.00 Knutby**
- 01.45 Warrior**
- 02.35 Leonardo**
- 03.25 Hunter Street**
- 03.50 B Positive**

## Mánudagur

## Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá
- 19.00 Lengjudeildarmörkin** Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu
- 19.30 Undir yfirborðið.**
- 20.00 Verkalýðsbaráttan á Íslandi,**
- 20.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá
- 21.00 Lengjudeildarmörkin**



Tom Cruise leikur flugmanninn Barry Seal í myndinni American Made.

## Tom Cruise á Stöð 2

Seint á laugardagskvöld, nánar tiltekið aðfaranótt sunnudags, sýnir Stöð 2 kvikmyndina American Made.

Um er að ræða spennumynd frá árinu 2017 þar sem Tom Cruise er í aðalhlutverki. Sarah Wright, Jesse Plemons og Domhnall Gleeson fara einnig með hlutverk í myndinni.

Kvikmyndin segir sögu flugmannsins, eiturlyfjasmyglarans og CIA-uppljóstrarans Barrys Seal sem var flugmaður sem eftir að hafa flogið vélum flugfélagsins TWA frá 1966 til 1974 ákvað að söðla hressilega um og gerast stórtækur eiturlyfjasmyglari fyrir hinn stóra, kólumbíska Medellín-eiturlyfjahring þar sem hann tók meðal annars við skipunum beint frá Pablo Escobar. ■

## Við tækið

## Allt eða ekkert: Arsenal



Magnús Heimir Jónasson mhj @frettabladid.is

Það eru ekki bara hlutabréfin í Netflix sem hríðfalla heldur eru gæði efnisins sem veitan byður upp á á hraðri niðurleið. Sumir vilja meina að þessir hlutir séu tengdir það er hvorki hér né þar.

Það er hins vegar ljóst að neytendur þurfa þá að róa á önnur mið en hjá helsta samkeppnisaðila Netflix, Amazon Prime, er að finna afbragðsgóða heimildarþætti um besta fótboltalið Englands um þessar mundir. Ég er auðvitað að tala um Arsenal og líkt og gifuryrðin gefa til kynna er ég einn af þeim stuðningsmönnum sem eru orðnir verulega veikir í hausnum eftir fyrstu þrjá leiki tímabilsins.

Arsenal byrjar alltaf tímabilið á toppi deildarinnar (stafrófsröð) en það er langt síðan þeir hafa verið þar enn eftir að keppni hefst.



Þættirnir fylgja Arsenal liðinu í gegnum síðasta leiktímabil í deildinni.

Það er vægast sagt áhugavert að skyggast bak við tjöldin eða í raun inn í klefann hjá fótboltaliði í ensku úrvalsdeildinni.

Mikel Arteta í hlutverki Mikel Arteta nema ögn reiðari er án efa stjarna þáttanna. Ég vissi ekki ég að það myndi kæta mig svona mikið að fylgjast með Spánverja undir meðalhæð öskra á uppáhalds leikmennina mína en hér erum við. ■



Mikel Arteta í hlutverki Mikel Arteta nema ögn reiðari er án efa stjarna þáttanna.

Undir YFIRBORÐIÐ

UNDIR YFIRBORÐIÐ

MÁNUDAGA KL. 19.30

OG AFTUR KL. 21.30

HRINGBRAUT



## Jóhanna Lea stigameistari

Jóhanna Lea Lúdvíksdóttir, GR, er stigameistari 2022 á stigamótaröð GSI. Heiðrún Anna Hlynisdóttir, GOS, varð önnur, skammt á eftir Jóhönnu og Perla Sól Sigurbrandsdóttir, Íslandsmeistari í golfi 2022, varð þriðja.

Þetta er í fyrsta sinn sem Jóhanna Lea er stigameistari. Hún lék á alls fjórum mótum af sex á tímabilinu. Hún sigraði á einu þeirra, Leirumótinu hjá GS, hún varð ein í öðru sæti í Hvaleyrarbikarnum og í þriðja sæti á B59 Hotel mótinu. Á Íslands-mótinu í golfi endaði hún á meðal 20 efstu. ■



Jóhanna Lea skaraði fram úr.

## Keppa á HM í Frakklandi


Íslenska kvennalandsliðið í golfi hóf leik miðvikudaginn 24. ágúst á Heimsmeistaramótinu í liðakeppni áhugakylfinga, Espirito Santo Trophy. Andrea Bergsdóttir, Hulda Clara Gestsdóttir og Ragnhildur Kristinsdóttir skipa íslenska liðið. Með þeim í för eru Ólafur Björn Loftsson afreksstjóri og Baldur Gunnbjörnsson sjúkrapjálfi. Mótið fer nú fram í 29. skipti og hefst keppni miðvikudaginn 24. ágúst og lokadagurinn er 27. ágúst.

Keppt er á tveimur völlum, Le Golf National og Golf de Saint-Nom-La-Bretèche, sem eru rétt utan við París í Frakklandi. Alls eru 56 þjóðir



Íslenska kvennalandsliðið keppir á heimsmeistaramóti áhugakylfinga.

sem taka þátt en mótið hefur aðeins einu sinni verið með fleiri liðum, 57 á Írlandi árið 2018. Mótið er 72 holu högggleikur, og 2 bestu skorin af alls 3 telja á hverjum degi. ■



Kristján Þór og Guðrún Brá spiluðu frábært golf í Korpúbikarnum.

## Kristján Þór og Guðrún Brá báru sigur úr bítum í Korpúbikarnum

Guðrún Brá Björgvinsdóttir, GK, og Kristján Þór Einarsson, GM, sigruðu í Korpúbikarnum sem fram fór í samvinnu við Icelandair á Korpúlfsstaðavelli dagana 19.-21. ágúst 2022. Þau léku bæði frábært golf og líklega er þetta besti árangur sem sést hefur á stigamóti hér á landi. Leiknar voru 54 holar á þremur dögum en mótið var jafnframt lokamótið á stigamótaröð GSI.

Guðrún Brá lék snilldar golf og endaði á 12 höggum undir pari vallar. Hún sigraði með 12 högga mun. Hún fékk þrettán fugla og tvo erni á 54 holunum sem er frábært. Perla Sól Sigurbrandsdóttir, GR, Íslandsmeistari í golfi 2022, varð önnur á pari vallar og Berglind Björnsdóttir, GR, varð þriðja á 2 höggum yfir pari.

Kristján Þór, sem er Íslandsmeistari í golfi 2022, lék á 18 höggum undir pari vallar, sem er samkvæmt bestu heimildum besti árangur sem

íslenskur kylfingur hefur náð á 54 holum. Hann fékk tuttugu fugla á 54 holum og einn örn. Allir hringirnir voru undir 70 höggum sem er afar sjaldgæft.

Kristján var með fjögurra högga forskot fyrir lokahringinn en Axel Bóasson, GK, veitti honum harða keppni og náði að jafna hann á 10. holu og komast í forystu á 12. braut en hann var átta undir pari eftir 12 holar. Kristján fékk tvo fugla á síðustu fjórum en Axel lék þær á pari. Munurinn því tvö högg í lokin. Næstir voru Hlynur Bergsson, Hjalti Hlíðberg Jónasson, sem eru báðir úr GK, og Böðvar Bragi Pálsson, GR léku allir á 8 höggum undir pari vallar. Alls léku 16 leikmenn í mótinu í karlaflokki undir pari vallar – sem er frábær árangur í golfmóti á Íslandi.

Með sigrinum tryggði Kristján Þór sér jafnframt stigameistaratitilinn 2022. ■



Kristján Þór Einarsson er stigameistari GSI.

## Þolinmæði og stuðningur

Kristján Þór Einarsson hefur átt viðburðaríkt golftímabil þar sem hann hefur skarað fram úr og sópað að sér titlum. Hann segist ætla að halda áfram að hafa gaman af golfi.

„Þolinmæði er það fyrsta sem kemur upp í hugann og mikill stuðningur frá fólkinu í kringum mig,“ segir Kristján Þór Einarsson, stigameistari GSI og Íslandsmeistari 2022, þegar hann er spurður hver sé lykillinn að góðri spilamennsku að undanfögnu og í sumar.

Kristján segir að hann sé gamli kallinn á mótaröðinni þar sem margir ungir kappar undir tvítugu og rétt rúmlega það séu meðal keppenda. Hann er þó aðeins 34 ára. „Þeir segja stundum við mig á fyrsta teig: Maður fær bara að spila með gamla í dag“, segir Kristján og hlær, en hann var einmitt tvítugur þegar hann varð Íslandsmeistari 2008. Núna vann hann titilinn aftur á sama stað fjórtán árum síðar.

Kristján Þór var heldur betur á boltanum í Korpúbikarnum um síðustu helgi. Hann lék hringina þrjá á 18 undir pari, eitthvað sem hefur aldrei sést á Íslandi áður. Hann fékk tuttugu fugla og einn örn á 54 holum sem er frábært og magnað. En hann fékk harða keppni frá Keilismanninum og atvinnukylfingnum Axel Bóassyni sem þurfti að vinna upp fjögur högg í lokahringnum. Hann gerði það og gott betur og var kominn í forystu þegar fimm holar voru eftir, en Kristján



Ég er kominn með meira sjálfstraust sem kylfingur og persóna. Ég ætla halda áfram að æfa vel

sýndi áfram seiglu og tryggði sér sigur.

Hvað segir Kristján eftir þennan annan sigur á móti í mánuðinum og stigameistaratitilinn?

„Ég var alveg rólegur og naut þess að sjá Axel í miklu stuði. Hann var 8 undir pari eftir 12 holar og hafði unnið upp fjögurra högga forskot á tíundu holu í lokahringnum og gerði gott betur því hann var kominn í forystu á tólftu. Ég náði frábæru þútti á 14. flöt og var sterkur á lokaholunum sem dugði til sigurs. Ég hef aldrei leikið jafn gott golf og í þessu móti. Aðstæður voru líka mjög góðar. Korpan er í frábæru ásigkomulagi og flatirnar sérstaklega góðar, héldu mjög vel línu þannig að það hjálpaði til í þúttunum. Svo eru fleiri mál sem hafa hjálpað mér í sumar. Mér hefur aldrei liðið jafn vel á golfvelli. Ég var ekki með mjög miklar væntingar í vor

en var ákveðinn í að spila mitt golf. Ég hef þurft að vinna í erfiðum persónulegum málum, barnaverndarmáli sem endaði í forsjardeilu og það hefur tekið nokkurn tíma en er nú að baki að mestu. Að ganga í gegnum þá reynslu hefur kennt mér meiri þolinmæði og mér finnst það hafa hjálpað mér á golfvelli. Það er frábært að geta leikið áhyggjulaust golf þar sem ánægjan og gleði hefur ráðið ríkjum.“

Hefurðu eitthvað hugsað um að reyna við atvinnumennsku?

„Ég gerði það árið 2014 og það hefur aldrei verið á dagskrá eftir það.“

Kristján segir það svolítið sérkennilegt að keppnistíðinni sé lokið hér heima.

„Það er nægur tími eftir af sumri og ætti að vera hægt að spila í tveimur mótum til víðbatar.“

Kristján segist ætla að halda áfram að æfa og leika keppnisgolf og hafa gaman af því. „Það hefur verið stigandi í mínum leik í sumar, ég er kominn með meira sjálfstraust sem kylfingur og persóna. Ég ætla að halda áfram að æfa vel en svo verð ég líka í golfi með börnunum mínum tveimur sem eru 8 og 9 ára.“

En er eitthvað eitt sem stendur upp úr eftir keppnissumarið hjá Kristjáni?

„Já, þegar maður lítur til baka er það sérstakt að í tveimur stórum mótum, meistaramótinu og Íslands-mótinu í Eyjum þurfti að aflýsa einni umferð. Ég man ekki eftir að hafa upplifað það á sama sumrinu.“ ■

## Perla Sól keppir á stóru sviði í Evrópu

Perla Sól Sigurbrandsdóttir, GR, nýkrýndur Íslandsmeistari í golfi 2022, er í úrvalslíði meginlands Evrópu sem keppir gegn úrvalslíði Bretlands og Írlands í Junior Vagliano liðakeppninni 2022.

Mótið er árlegur viðburður þar sem að úrvalslíð kvenna 16 ára og yngri keppir sín á milli – og eru aðeins kylfingar í fremstu röð á heimsvísu valdir í þetta mót. Perla Sól sigraði nýverið á Evrópumóti stúlkna 16 ára og yngri – og er hún fyrsti íslenski kylfingurinn sem nær þeim árangri í stúlknaflökki. Valnefnd á vegum EGA setti saman liðið – sem er þannig skipað: Perla Sól Sigurbrandsdóttir, Johanna



Perla Sól er Íslandsmeistari í golfi.



Perla Sól er einn efnilegasti kylfingur Íslands um þesar mundir.

Axelsen (Danmörk), Anna Cañadó (Spánn), Andrea Revuelta (Spánn), Carla De Troia (Frakkland) og Lynn Van Der Sluijs (Holland) sem sigraði nýverið á R&A áhugamannamótinu í stúlknaflökki fékk einnig sæti í liðinu eftir sigurinn. ■



# Ráðstefna um skyndilegan missi

31. ágúst kl. 13-16

Salur í deCODE og í streymi

Skráning á [tix.is](https://tix.is)

## Dagskrá

Fundarstjóri: Freyr Eyjólfsson

12:30 - 13:00

Skráning og afhending  
ráðstefnugagna

13:00 - 13:10

Setning ráðstefnu

*Alma Möller landlæknir og  
verndari Sorgarmiðstöðvar*

13:10 - 13:25

Sorgarorlof - tilurð og hagnýtar  
upplýsingar

*Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
Félags- og vinnumálaráðherra*

13:25 - 13:40

Tölur og staðreyndir

*Anton Örn Karlsson deildarstjóri  
hjá Hagstofunni*

13:40 - 13:55

Á vettvangi skyndilegs andláts

*Stefnir Snorrason varðstjóri hjá  
Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins*

13:55 - 14:15

Kaffihlé

14:15 - 14:35

Sálræn fyrsta hjálp

*Álfheiður Svana Kristjánsdóttir og  
Elfa Dögg Leifsdóttir verkefnastjórar  
hjá Rauða krossinum*

14:35 - 14:50

Viðbragðsáætlun á vinnustað

*Inga Berg Gísladóttir verkefnastjóri  
hjá Embætti landlæknis*

14:50 - 15:05

Reynsla af skyndilegum missi

*Kolbeinn Elí Pétusson aðstandandi*

15:05 - 15:20

Hjálp48 verkefnið

*Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir  
fagstjóri Sorgarmiðstöðvar*

15:25 - 16:00

Pallborðsumræður

16:00

Ráðstefnuslit



## Með þráhyggju fyrir Hamraborg

Listahátíðin Hamraborg Festival fer fram í Kópavogi um þessar mundir. Berglind Jóna Hlynsdóttir er heiðurslistamaður hátíðarinnar og sýnir marglaga verk sem teygir sig um svæðið.

tsh@frettabladid.is

„Hamraborgin fór bara að verða einhvers konar þráhyggja,“ segir Berglind Jóna Hlynsdóttir, heiðurslistamaður hátíðarinnar Hamraborg Festival, sem fer fram í miðbæ Kópavogs 26. til 28. ágúst. Sýning Berglindar ber titilinn Hamraborg fjöleignarhús og byggir á áralangri rannsókn Berglindar á sögu svæðisins.

Hamraborg fjöleignarhús er marglaga sýning sem byggir meðal annars á innsetningu sem Berglind hefur sett upp í gömlu Olis bensinstöðinni í bílakjallara Hamraborgar og hljóðverki sem leiðir áhorfendur um svæðið.

„Fyrir fjórum eða fimm árum síðan þá bauðst mér að vinna verk fyrir Gerðarsafn og þá hefst þessi rannsókn. Ég hef gengið um svæðið á ólíkum tímum dags, hef setið og skrásett umferð, hef komið með nemendur hingað og við höfum spáð í rýminu. En svo fer ég rosa mikið að skoða söguna og leita að fólki sem tengist byggingunni og skoða arkitektateikningar. Þá kemst ég að því að hérna hafi verið starfrækt sjónvarpsstöðin Hamraborgarrásin sem ég geri heilt verk um í Gerðarsafni.“

### Óborganleg heimild

Hamraborgarrásin var sjónvarpsstöð sem var starfrækt af húsfélagi fjölbylishússins Hamraborgar á 10. áratug síðustu aldar. Þórir Steingrímsson, leikari og lögregluáður, var stofnandi rásarinnar, sem Berglind segir vera einstaka fyrir sinn tíma.

„Hún er alveg óborganleg heimild fyrir Ísland og íslenska menningu.“



Málverk af Sir Joseph Banks eftir Sir Joshua Reynolds.

## Málping um Sir Joseph Banks

tsh@frettabladid.is

Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands stendur fyrir málpingi í Þjóðarboðhlöðunni í tilefni þess að 250 ár eru liðin síðan fyrsti breski vísindaleiðangurinn heimsótti Ísland árið 1772. Málpingið fer fram mánudaginn 29. ágúst klukkan 13-18 og er haldið í samvinnu við sænska sendiráðið.

Þennan sama dag fyrir 250 árum steig Sir Joseph Banks fæti á Ísland ásamt fjölmennu liði vísinda- og listamanna. Leiðangurinn vakti mikla athygli samtímamanna og í Napóleonsstríðunum reyndist Banks Íslendingum einstaklega vel.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra setur málpingið og Jón Atli Benediktsson rektor HÍ flytur ávarp. ■

”

Í nýja verkinu byrja ég að leita að þessari rödd Hamraborgar og reyna að skilja hver hún er, hvað hefur hún um þetta að segja?

Berglind Jóna Hlynsdóttir

Það er eitthvað svo ótrúlega bílað að húsfélag hafi lagt alvöru sjónvarpskapal, bara fyrir sjálfa sig, búið til sjónvarpsstöð og varpað út. Þetta var mjög alvarleg sjónvarpsgerð, það voru flottir fréttaskýringarþættir, fjölþjóðlegir þættir og menningarþættir,“ segir Berglind, en verk hennar Hamraborgarrásin var sýnt á sýningunni Skýjaborg í Gerðarsafni í fyrra.

### Rödd Hamraborgar

Í hljóðverkinu sem sýnt er á Hamraborg fjöleignarhús, persónugerir Berglind sjálfa Hamraborgina og gefur henni rödd.

„Í nýja verkinu byrja ég að leita að þessari rödd Hamraborgar og reyna að skilja hver hún er, hvað hefur hún um þetta að segja? Við erum alltaf eitthvað að velta henni fyrir okkur. Þá nýti ég mér raddir almennings sem hefur í gegnum árin skrifað í blöðin, viðtöl, greinar og umfjallanir í sveitarstjórnarblöðum. Þá tek ég upp skoðanir og hugmyndir almennings en sný þeim upp í hugleiðingar Hamraborgarinnar.“

Að sögn Berglindar hefur Hamraborgin ýmsar skoðanir á því hvað fólki finnst um hana og þeim miklu breytingum sem orðið hafa á skipulagi Kópavogs á undanföllum árum og áratugum. Hún vann hljóðverkið



Berglind Jóna Hlynsdóttir, heiðurslistamaður Hamraborg Festival, sýnir meðal annars í gömlu bensinstöðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Verk Berglindar hefst í gömlu Olisbensinstöðinni í bílakjallara Hamraborgar.

MYND/SKÚLI SKÚLASON

í samstarfi við listrænu feðgana Einar Örn Benediktsson og Kaktus Einarsson sem sköpuðu tónlist og hljóðmynd verksins. Þá ljáði leik- og söngkonan Thelma Marín Jónsdóttir verkinu rödd sína. Hljóðverkið er rúmlega 40 mínútna langt og leiðir áhorfendur í ferðalag um króka og kima Hamraborgar.

„Hugmyndin er sú að fólk geti komið hérna hvenær sem er þegar

sýningin er opin. Það getur bæði fengið lánað heyrnartól hjá mér en líka náð í verkið í símana sína. Hugmyndin er að fólk komi hérna og eyði svolitlum tíma með Hamraborginni. Byrji hér á bensinstöðinni og setjist þar inn en fari svo og gangi um og tynist í bílakjallaranum og klifri upp stigann í garðinn. Hún er svolitíð að leiða þig áfram,“ segir Berglind.

### Fullkomið samhengi

Samhliða Hamraborg Festival kemur út bókin Með Hamraborgir á heilanum en Berglind Jóna er með texta og ljóð í þeirri bók. Þá hyggst hún einnig gefa út allan texta rannsóknar sinnar á Hamraborginni og hljóðverksins í litlu riti sem verður fánlegt á sýningunni.

„Ég var beðin um að skrifa ljóð fyrir bókverkið um Hamraborgina. Þar eru bara rosalega flottir höfundar og við ætlum einhver okkar að lesa upp úr bókinni á Catalinu,“ segir Berglind.

Eins og áður sagði hefur Berglind rannsakað Hamraborgina í langan tíma og er hún síður en svo hætt og vinnur nú að kórverki um sama efni.

„Svo fannst mér þetta passa svo rosalega vel inn í hátíðina. Mér fannst þetta bara fullkomið samhengi fyrir þetta sögulega verk. Hamraborgin hún einhvern veginn innbyrðir alla og er í einhverju svona hátíðarsamtali,“ segir Berglind.

Hamraborg fjöleignarhús er opin til 11. september. Sýningin er unnin í samstarfi við Y Gallery, Hamraborg Festival, Mekó og Gerðarsafn. ■

## Listsköpun innan fangelsisveggja

tsh@frettabladid.is

Listamannadvölin Saga Residency fer fram þessa vikuna á Eyrarbakka í fimmta sinn síðan 2015. Í þetta skiptið fer Saga fram í samstarfi við fangelsið Litla-Hraun og félagasamtökin Múrar brotnir sem hefur það að markmiði að bjóða upp á listavinnusmiðjur í íslenskum fangelsum.

„Við höfum alltaf verið á einhvern hátt að vinna með samfélaginu á Eyrarbakka. Núna erum við sérstaklega að vinna með Litla-Hrauni. Helsta þemað okkar er samstarf með föngunum. Þannig að við erum að para saman listamenn og vistmenn,“ segir Hrefna Lind Lárusdóttir, einn skipuleggjenda.

Átta listamenn taka þátt í listamannadvölinni í ár og koma þeir meðal annars frá Bandaríkjunum, Kína, Póllandi og Íslandi. Lokaafurð verkefnisins er samsýning á verkum sem listamennirnir og fangarnir vinna saman og verður sett upp í Litla-Hrauni næsta mánudag. Á þriðjudag verður sýningin svo sett upp á Eyrarbakka í Skrufunni – grósku- og sköpunarmiðstöð fyrir bæjarbúa.

Þetta hljóta að vissu leyti að vera



Þátttakendur Saga Residency og forstöðumaður Litla-Hrauns. Frá vinstri: Halldór Valur Lásson, Jess LoMonaco, Hrefna Lind Lárusdóttir, Jaclyn Gilstrap, Rahul, Claire, Brandur Karlsson, Kami Mierzvinsk, Scott Shigeoka, Sally Rumble, Viv Li, Hera Fjord, Adam Rosendahl, Alex Maceda. MYND/ADSEND

svolitíð krefjandi aðstæður. Hvernig hefur samstarfið gengið á milli listamanna og fanga?

„Það byrjaði alveg svakalega vel. Við erum náttúrulega stutt komin í ferlinu en við komum í gær og þeir bara stukku til, þeir voru svo spenntir að hitta alla listamennina og voru bara á fullu að spjalla og í hugmyndavinnu. En auðvitað erum við líka að fara út í einhvers konar óvissu á þann hátt að við vitum

ekki hvort allir mæta á morgun sem mættu í gær. Það fer held ég svolitíð bara eftir dagsforminu.“

Upphafið að samstarfinu við Litla-Hraun hófst þegar Saga Residency var síðast haldin í byrjun árs 2020 en þá fengu listamennirnir að heimsækja fangelsið. Hrefna segir það hafa komið henni skemmtilega á óvart hversu vel fangelsisyrifvöld tóku í hugmyndina.

„Þau eiginlega bara segja já við

”

Við erum í raun að vinna eftir þeirri reglu að allt sé mögulegt.

Hrefna Lind Lárusdóttir

öllum hugmyndum. Við erum í raun að vinna eftir þeirri reglu að allt sé mögulegt. Eftir að við förum þarna fyrir tveimur árum þá sáu þau bara hvað þetta hafði góð áhrif á vistmennina, þannig að þau hafa alltaf sagt já við okkur.“

Er mikilvægt fyrir fanga að fá að sinna listsköpun?

„Já, alveg svakalega mikilvægt. Þetta er oft fólk sem fúnkerar illa innan almenns kerfis, skólakerfis og samfélagslegs strúktúrs, en er afskaplega skapandi og vantar oft bara einhvern vettvang til að tjá sig. Og líka bara að nýta tímann á meðan fólk er í fangelsi til að byggja sig upp og kynnast sjálfum sér betur.“ ■





# Spennandi Borgarferðir

## Leiðandi í borgarferðum

Heimsferðir hafa verið leiðandi í sölu á borgarferðum undanfarin 30 ár og árlega er fjöldi borgarferða í boði bæði á vorin og haustin. Vorferðirnar eru skipulagðar í kringum frídaga eins og sumardaginn fyrsta, uppstigningardag og 1.maí.

Gott úrval hótela er í boði og hafa Heimsferðir ávallt kappkostað að velja góð og vel staðsett hótél. Fjöldi skemmtilegra skoðunarferða er í boði undir tryggri leiðsögn íslenskra fararstjóra.

## Ertu með hóp?

Heimsferðir hafa víðtæka reynslu af því að skipuleggja spennandi ferðir fyrir hópa af öllum stærðum og gerðum. Hvort sem um er að ræða vinahópa, saumaklúbba, starfsmannafélög eða árshátíðir, við sérsníðum ferðina fyrir hópinn þinn.

Sendu okkur endilega fyrirspurn á [hopar@heimsferdir.is](mailto:hopar@heimsferdir.is) eða hringdu í söluver okkar 595 -1000.

Fyrir 2

Flug & hótél frá  
**89.950**

á mann



### Búdapest, Ungverjaland



20. október í 4 nætur

**Frá kr. 99.450** á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður

### Ljubljana, Slóvenía



29. september í 4 nætur

**Frá kr. 89.950** á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður

### Porto, Portúgal



ÖRFÁ SÆTI LAUS



29. september í 3 nætur

**Frá kr. 125.000** á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður

### Prag, Tékkland



29. september í 4 nætur

**Frá kr. 79.450** á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður

### Róm, Ítalía



6. október í 4 nætur

**Frá kr. 134.950** á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður

### Marrakech, Marokkó



UPPSELD!

27. október í 4 nætur

**Frá kr. 124.450** á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður

 Heimsferðir



595 1000

[www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

*Fáðu meira út úr fríinu*





Frá tónleikum Pussy Riot í Los Angeles þann 10. ágúst síðastliðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Pussy Riot sýnir verk í Þjóðleikhúsinu í vetur

tsh@frettabladid.is

Rússneski listahópurinn Pussy Riot mun sýna verk í Þjóðleikhúsinu í nóvember. Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri staðfestir þetta.

„Pussy Riot-hópurinn kom hingað á vordögum og vann hér í húsinu sem var nú háleynilegt í upphafi en hætti svo að vera leynilegt. Þær unnu hér sýningu sem þær eru búnar að túra Evrópu með og Þjóðleikhúsið aðstoðaði við og sú sýning verður flutt í Þjóðleikhúsinu í nóvember,“ segir Magnús Geir.

Að sögn hans er um að ræða leik-sýningu, listgjörning og tónleika, sem verður sýnd samhliða fyrstu yfirlitssýningu Pussy Riot sem verður opnuð í gallerí Kling & Bang í nóvember.

Pussy Riot er feminískur listhópur sem notar list sína sem pólitískt afl til að berjast fyrir lýðræði, mál-frelsi, trúfrelsi og réttindum hin-segin fólks í Rússlandi, meðal annars. Meðlimir hópsins eru harðir andstæðingar Vladímírs Pútíns Rússlandsforseta og hafa meðal annars verið ofsóttir og fangelsaðir af rússneskum stjórnvöldum.

Hópurinn kom hingað til lands síðasta vor með aðstoð Ragnars Kjartanssonar listamanns og æfði í Þjóðleikhúsinu.

„Gjörningar Pussy Riot eru án efa einhver mikilvægustu pólitísku listaverk 21. aldarinnar. Ef einhverjir listamenn hafa gefið allt fyrir listina þá eru það þessir töffarar,“ sagði Ragnar í samtali við RÚV í gær. ■

# Drottinn og pestirnar hans

BÆKUR

## Hvað er Drottinn að drolla?

Auður Haralds

Fjöldi síðna: 270

Útgefandi: JPV útgáfa

Kristján Jóhann Jónsson

Saga Auðar Haralds Hvað er Drottinn að drolla? er skemmtileg aflestrar og stundum myndin. Gæti verið prýðilegt lesefni fyrir framhaldsskólanema. Farsæl skrifstofukona lendir 676 ár aftur í tímann og vaknar í smáþorpi á Mið-Englandi, rétt áður en svarti dauði heltekur Evrópu. Sögur af tímaflakki eru margar, bæði í bókmenntum og kvikmyndum. Það er freistandi og skemmtilegt að notfæra sér í frásögn allt það smáa en mikilvæga sem breyst hefur á löngum tíma og bæði skopleg og raunaleg tilhugsun að hversdagslífið geti skyndilega snúist á haus.

### Yfirburðir nútímans

Stundum kemur gesturinn í tímaflakksögum úr gamla tímanum og inn í nútímann, verður kjánalegur og gerir allt skakkt eins og jólasveinunum okkar hættir til þegar þeir koma ofan úr fjöllum. Í sögu Auðar kemur gesturinn úr nútímanum inn í fortíðina og hefur heilmikla yfirburði. Guðbjörg skrifstofukona lendir að vísu í líkama miklu yngri konu, heitir þá Elísa-



Hvað er drottinn að drolla? er nýjasta skáldsaga Auðar Haralds.

bet og ber oft fyrir sig minnisleysi þegar hana vantar þekkingu Elísabetar. Hins vegar er hún vel lesin í miðaldasögu og veit allt mögulegt sem hinir nýju „sam tímamenn“ hennar hafa ekki aðgang að. Fortíðin stendur nútímanum nokkuð langt að baki. Guðbjörg sem nú heitir Elísabet, spreytir sig dálítið á sóttvörnum en fljótt verður ljóst að í lágþróðu samfélagi er ekki hægt að verjast bakteríum. Það er af tæknilegum ástæðum og auk þess eru handhafar þekkingarinnar árið 1346 vantrúaðir á upplýsingar þess-

arar konu sem þeir vita ekki betur en sé Elísabet.

### Tvær pestir

Ef til vill mætti gagnrýna söguna fyrir að fara eilítið hægt af stað. Hreinlætismál verða að ásteytingarsteini strax í upphafi og margsinnis er hnykkt á þeim vanda áður en yfir lýkur. Að vissu leyti réttlætist það hins vegar í frásögninni þegar pestin kemur og blómstrar í sóðaskapnum. Það er líka umhugsunarefni hvernig svarti dauði birtist í sögulegri skáldsögu rétt eftir Covid. Drepsótt í varnarlausu samfélagi er ansi mikið harkalegri en í okkar tæknivædda nútíma. Við vældum nú samt ef ég man rétt og hrinum út af því hvað Covid væri okkur erfitt og sumum virtist jafnvel finnast að aldrei, hvorki fyrr né síðar, hefði nokkur kynslóð lent í svo hræðilegum raunum. Höfundurinn lætur að þessu liggja í lok sögunnar og umhugsunarefnið á fullan rétt á sér. Erum við nútímamenn frekar grátt leikin af sjálfsmeðaumkun? Í því miðaldsamfélagi sem hér er lýst túlka guðsmennirnir pestina sem refsingu guðs og það verður ekki með nokkru móti sagt að fulltrúar guðs í þessari bók beri honum fagurt vitni. ■

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg, söguleg skáldsaga, nokkuð myndin og heldur uppi ágættri spennu. Svarti dauði er uppistaða í þeirri fortíð sem lýst er.



## Heilbrigt loft - heilbrigt heimili

- Betri loftgæði
- Rétt rakastig
- Minni líkur á myglusveppum
- Minna ryk
- Færri veirur og bakteríur
- Minna orkutap

# Loftskiptikerfi

varmaendurvinnsla - loftsiun - loftskipti

 íshúsið

 viftur.is  
-andaðu léttar



# Sumarið er úti

Brussel • Lissabon • Tenerife  
Dublin • Kaupmannahöfn • Boston  
New York • Washington DC

Verð frá

**8.9000** kr.

Haustið er gengið í garð hér á landi með tilheyrandi kulda og myrkri.  
En vonin er ekki úti enn – sumarið er nefnilega úti! Við bjóðum nú upp  
á framlengingu á sumrinu á frábæru verði í takmarkaðan tíma.

Bókaðu núna á [flyPLAY.is](https://flyPLAY.is)

**flyPLAY.is**

**PLAY**

Takmarkað sætaframboð – Tilboðið gildir til miðnættis 1. september 2022.





Meistari, meistari kveður. Hlö out!

### Pottapartí Sigga

Þegar Hlö-vélin er beðin um að skilja eftir traustan lagalista fyrir þá hlustendur sem sitja eftir með sárt ennið í heitum pottum umhverfis landið, segir hann slíkan lista þegar vera til.

„Pottapartí-diskurinn sem var sá síðasti í Veistu hver ég var? seriunni stendur alltaf fyrir sínu og ég gerði eitt sinn playlista á Spotify sem heitir Pottapartí Sigga Hlö. Þar er að finna slatta af neðangreindum lögum af þessu þriggja diska meist- arastykki.



Hætt er við að eitthvað kólni í heitu pottunum þegar Siggi fer upp úr.

#### Diskur 1 - Potturinn

1. Rydeen - Yellow Magic Orchestra
2. Abracadabra - Steve Miller Band
3. Save Me - Clout
4. You'll Never Know - Hi Gloss
5. Last Night A DJ Saved My Life - Indeep
6. Hallelujah - Milk & Honey
7. What Are You Doing Tonight - Tomas Ledin
8. Maria Magdalena - Sandra
9. You're My Heart, You're My Soul - Modern Talking
10. Couldn't Get It Right. - Climax Blues Band
11. Owner Of A Lonely Heart - Yes
12. Don't Stop Believin' - Journey
13. It Started With A Kiss - Hot Chocolate
14. Can't Fight This Feeling - REO Speedwagon
15. Ain't Nobody - Chaka Khan & Rufus
16. Hold Me Now - Thompson Twins
17. I Want Your Love - Chic
18. Such A Shame - Talk Talk
19. Self Control - Laura Branigan

#### Diskur 2 - Partíðið

1. Born To Be Alive - Patrick Hernandez
2. You Think You're A Man - Divine
3. Fame - Irene Cara
4. Gonna Get Along Without You Now - Viola Wills
5. The Safety Dance - Men Without Hats
6. Funky Town - Lipps Inc.
7. Celebration - Kool & The Gang
8. Heat Of The Moment - Asia
9. Beat It - Michael Jackson
10. Baggy Trousers - Madness
11. Pop Muzik - M
12. S.O.S. Fire In The Sky - Deodato
13. Never again - Classic Nouveaux
14. Turn Me Loose - Loverboy
15. Save A Prayer - Duran Duran
16. Eyes Without A Face - Billy Idol
17. To Cut A Long Story Short - Spandau Ballet
18. Dancing With Tears In My Eyes - Ultravox
19. Let's All Chant - Michael Zager Band



Siggi Hlö hefur staðið gleðivaktina með þjóðinni í gegnum súrt og sætt síðustu fjórtán árin en telur tímabært að ljúka keppni þar sem dagvinnan kallar hátt. Einhver söknuður fylgir aðskilnaðinum við símaglaða pottverja en Hlö-vélin kveður sátt og í sínu venjulega stuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Hlö out – í síðasta sinn



Ég náttúrulega byrja rétt fyrir Guð blessi Ísland. Svo stóð til að ég myndi slúttu þegar Covid brast á. Ég gat bara ekki gert þjóðinni það að hætta strax.

Þegar Siggi er spurður hvort hann kunni skýringar á bæði vinsældum tónlistar þessa tuttugu ára tímabils og þáttarins segir hann að það sé af nógu að taka í tónlistinni. „Það er náttúrulega nóg af músík þarna og nóg af tónlistarstefnum en ég hef alltaf sagt að það hafi keyrt mig áfram þannig að ég er búinn að nenna þessu svona lengi er fólkið sem hafði gaman af þessu að mér.

#### Burt með bölmóð og pólitík

Það er mitt mesta hrós að fólk nennti að sprella með mér. Aldrei talað um pólitík eða neinn bölmóð. Það var bara lokað á það. Alltaf gaman, allir í góðu skapi og sumir alveg, jú, jú komnir með vel í tána. En aðrir ekki.“

Siggi lýsir þættinum þannig sem hamingjustund þjóðarinnar. „Hægt að gleyma bölmóðnum og hringja í kallinn. Ég segi alltaf að ég hafi bara stungið á einhverju kýli sem var alltaf þarna. Þú veist, ég bjó þetta ekki til.

En þetta er bara svona staður í helginni þar sem fólk er komið heim, byrjað að græja steikina og þau sem eru að fá sér rauðvín eða bjór eru svona að opna einn bauk upp úr fjögur. Og ef þú ert í sumarhúsi þá ferðu í pottinn á þessum tíma. Þetta er ekki nýtt. Þetta var

búið að vera svona löngu áður en ég byrjaði í útvarpi en allt í einu opnaðist gluggi fyrir fólk að sprella.

Hafa gaman og á því hefur íslenska þjóðin þurft að halda nokkur skipti í þessi fjórtán ár. Ég náttúrulega byrja rétt fyrir Guð blessi Ísland. Svo stóð til að ég myndi slúttu þegar Covid brast á. Ég gat bara ekki gert þjóðinni það að hætta strax,” segir Siggi sem telur rétt að láta nú staðar numið.

„Það eru mjög margir sem átta sig ekki á því að ég er tvo og hálfan tíma í loftinu á viku og eyði átta til tíu klukkutímum á viku í að undirbúa mig. Ég er með þrettán síðna handrit og þetta eru 750 þættir og það kostar vinnu. Ég er að hætta vegna þess að dagvinnan mín þarf alla mína athygli,” segir Siggi sem er kominn á kaf í ferðaskrifstofubrandsann.

#### Þreytist ekki á ELO

Þegar Siggi er beðinn um að taka til spilunarlista fyrir aðdáendurna sem hann er að skilja eftir í heitu pottunum vísar hann einfaldlega á þá safndiska sem hann hefur gefið út undir merkjum þáttarins.

„Ég fékk náttúrulega gullplötu á þessari vegferð minni og þessir Veistu hver ég var? diskar eru auðvitað stóri „play listinn“ minn,” segir hann og hlær áður en hann nefnir sérstaklega löginn Don't stop believin' með Journey og Turn me loose með Loverboy sem dæmi um lög sem hann hafi gefið frá eftir ofspilun. „En ég þreytist aldrei á að spila ELO. Líklega langmest spilaða hljómsveitin í sögu þáttarins og þeir bara þreytast ekki.“ ■

Sítt að aftan gleðin verður nokkuð tregablandin á Bylgjunni frá klukk- an 16 fram að kvöldfréttum og bjór- inn dálítið beiskur í heitu pottunum þegar Siggi Hlö lýkur sínum síðasta Veistu hver ég var? þætti eftir að hafa haldið gleðinni gangandi með tónlist frá árunum 1975 til 1995 frá því skömmu fyrir hrún.

„Ég byrjaði í maí 2008 þannig að þetta eru fjórtán ár og einhverjir mánuðir,” segir Siggi og staðfestir að vissulega hafi hann orðið var við nokkurn harmagrát eftir að hann lét þau boð út ganga að hætta bæri leik þótt hátt hann stæði, eftir allan þennan tíma.

„Já, já. Fólk er alveg sorgmætt yfir þessu og ég líka. Ég á eftir að sakna þess að vera ekki á þessum tíma en þetta bara passar ekki lengur inn í mitt líf og mitt starf þannig að þá bara verður maður að taka hefti- plásturinn og rykkja honum af.“

#### Hættir á toppnum

Siggi segir kveðjustundina þó ekki jafn tregafulla og ætla mætti enda gengur hann sáttur frá borði. „Samkvæmt Gallup-könnun held

ég að þetta hafi verið vinsælasti þátturinn fyrstu helgina og hann hefur nánast alltaf verið það síðan og er ennþá vinsælasta útvarpsfni á Íslandi. Fréttir og talmál og allt þetta er langt fyrir aftan mig.“

Enda er aldurshópurinn sem hlustar á sígilda tónlistina, sem Siggi hefur gert út á með þessum líka stórgóða árangri, breiður. „Sumir sem eru að hringja inn voru ekki einu sinni fæddir þegar þáttur- inn byrjaði. Þældu í, bara að segja þessa setningu,” segir Siggi og hlær. „Sumir vita ekki einu sinni hvað 80's er. Slakiði á! Og svo er þetta bara alveg upp úr.“

### Ekkert mál að úthýsa Michael Jackson

Sjálfsagt er stærsta ritstjórnar- lega ákvörðunin sem Siggi Hlö tók á þeim fjórtán árum sem Veistu hver ég var? gekk á Bylgjunni sú að hætta að spila lög með Michael Jackson.

Siggi ákvað þetta þegar ásakanir um að poppgóðið hefði áreitt unga pílta kynferðislega komust í há mæli. Þótt Jackson hafi verið frekur til fjörsins og feykivinsæll á því árabili sem þátturinn teygir sig yfir segir

Siggi þetta hafa verið ósköp lítið mál.

„Já, ég gerði það og það var bara ekkert mál. Það er fólk sem skilur mig ekki og svo er fólk sem skilur mig. Og mér er bara alveg sama, þú veist. Ég á þetta og má þetta,” segir Siggi sem sér ekki eftir neinu.

„Þetta er bara mín persónulega ákvörðun. Ég er svo sem ekki að dæma eitt né neitt en mér líður bara betur með að spila hann ekki.“



Þegar ásakanir um kynferðis- brot Jacksons komu fram af þunga kaus Siggi að vísa 80's stjórn- unni á dyr.



# NÝJAR EIGNIR Á SKRÁ

## Tryggvagata 23

### Reykjavík

Glæsileg 163,8 fm þakíbúð í Hafnartorgi með 3,05m lofthæð. Hjónasvita með fataherbergi og baðherbergi. 2 stór baðherbergi. Tvennar svalir.

Verð: 185.000.000



## Víkurgata 15

### Garðabær

Stórglæsilegt 346,6 fm einbýlishús. Einstök útsýnislóð við Urriðavatn. 6 herbergja/3 baðherbergi. Aukin lofthæð Tvennar svalir

Verð: tilboð



## Stakkholt 2a

### Reykjavík

Afar falleg 72,7 fm 2ja herb. útsýnisíbúð á 5. hæð í lyftuhúsi. Glæsilegt útsýni út á sundin og til fjalla. Bílastæði í bílakjallara.

Opið hús 15:15 - 15:45  
sunnudaginn 28. ágúst

Verð: 63.900.000



## Hólmasund 16

### Reykjavík

Glæsileg 118,6 fm. efri sérhæð með sérinngangi. 4 svefnherbergi / Aukin lofthæð. Björt og mikið endurnýjuð eign.

Opið hús 14:00 - 14:30  
sunnudaginn 28. ágúst

Verð: 95.900.000



## Kristnibraut 97

### Reykjavík

Falleg 110,4 fm. 4ra herb. íbúð. Stór verönd þar sem sólar nýtur allan daginn. Lyftuhús og sér bílastæði í opnu bílskýli.

Opið hús 17:00 - 17:30  
mánudaginn 29. ágúst

Verð: 73.900.000



## Urðarhvarf 16

Glæsileg nýbygging. Um 10.000 fm skrifstofuhúsnæði. Alls 9 hæðir með bílakjallara. Hver hæð frá um 500 - 1.000 fm. Næg bílastæði.

Til sölu eða leigu



## Eyravegur 34

### Selfossi

Glæsilegar íbúðir í nýbyggingu á Selfossi. Næsta nágrenni við nýjan miðbæ Selfoss. 3ja - 5 herbergja með svölum.

Verð frá: 44.900.000



## VERTU Í FORGANGI

Er að fá mikið af glæsilegum íbúðum í nýbyggingum í helstu hverfum höfuðborgarsvæðisins, s.s. Reykjavík, Garðabæ og Kópavogi.

Vertu fyrst/ur að vita af næstu verkefnum.  
Hafðu samband fyrir nánari upplýsingar.

Fáðu  
fasteignasölu  
með metnað  
og drifkraft  
til að selja  
fyrir þig



## NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR



### Heimir

Lögg. fasteignasali

849 0672

✉ heimir@fastlind.is

📷 heimirhallgrimsson



Lind fasteignasala á toppi Everest 24. maí 2021

# LIND

## FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is



# Sorg á Blönduósi

## Frétt vikunnar

Kolbeinn Tumi Daðason

Það er því miður ekki hægt að ræða fréttir vikunnar án þess að minnst á hörmungarnar á Blönduósi. Margt er enn óljóst í málinu en þó ekki það að margir eiga um sárt að binda og sá skaði sem orðinn er verður aldrei bættur.

Það er sorglegt að atburðir á borð

við þennan eigi sér stað í okkar fámenna samfélagi. Í annað skiptið á innan við þremur mánuðum er saklaust fólk myrt á Íslandi.

Öllum hlýtur að vera ljóst að það þarf átak í geðheilbrigðismálum. En bjartsýnin í þeim efnum er ekki mikil þegar maður staldrar við þá staðreynd að um er að ræða lítinn hluta af heilbrigðiskerfinu í heild.

Nær vikulega yfir lengri tíma heyrast hjálparköll af Landspítal-



**Gamlir plástrar halda samfélaginu gangandi, höktandi þó, á svo mörgum sviðum.**

anum þar sem staðan er jafnan sögð aldrei hafa verið jafnslæm, og virðist þó aðeins versna. Landsmenn biða í vikur eða mánuði eftir tíma hjá lækni á heilsugæslunni.

Það er svo margt stórkostlegt við okkar fallega land sem hefur allt til alls, eintóm tromp á hendi. En samt getum við ekki spilað spilunum okkar rétt út. Gamlir plástrar halda samfélaginu gangandi, höktandi þó, á svo mörgum sviðum. ■



Kolbeinn Tumi Daðason.

# STÓLA DAGAR

18. - 31. ágúst



**20%**  
afsláttur  
af öllum  
stólum



### AVIGNON

hægindastóll með skammel

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Brúnt, svart, dókkgrátt og rautt PVC leður.

Fullt verð: 199.900 kr.

Nú **159.920 kr.**



### KOLDING

hægindastóll

með skammel

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, rautt eða grátt leður/PVC.

Fullt verð: 169.900 kr.


Nú **135.920 kr.**

### CANNES hægindastóll með skammel

Vandaður, glæsilegur og þægilegur hægindastóll með þykku leðri á slitflötum á sterkum snúningsfæti. Koníaksbrúnt, svart, grátt eða rautt leður.

Fullt verð: 199.990 kr.

Nú **159.992 kr.**



Fáðu fréttirnar fyrst um tilboð, afsláttarkóða eða aðgang að útsölum á undan öðrum með því að skrá þig á póstlista Dorma.

Holtagörðum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

# DORMA

Láttu drauminn ræstast



Björgvin Halldórsson er í miklu stuði þessa dagana og fagnar því með glænýju lagi.

MYND/ADSEND

## Björgvin er í miklu stuði og sendir frá sér nýjan dúett

Björgvin Halldórsson hefur gefið út lagið *Allt sem ég vil* ásamt söngkonunni Stefáníu Svavarsdóttur. Dúettinn er alls ekki sá fyrsti sem Björgvin gefur út og eflaust ekki sá síðasti en hann hefur gefið út þrjár dúettaþlötur á ferlinum.

ragnarjon@frettabladid.is

„Þetta lag er búið að vera í pokaum hjá mér í nokkur ár,“ segir Björgvin Halldórsson, sem hefur sent frá sér nýtt lag í samstarfi við söngkonuna Stefáníu Svavarsdóttur.

Nýja lagið, sem nefnist *Allt sem ég vil*, kemur út í dag á öllum helstu streymisveitum og mun eflaust hljóma á flestum útvarpsstöðvum landsins um helgina.

### Lagið sem upp kom aftur og aftur

„Ég er mikið að hlusta á alls kyns tónlist en þetta þetta lag var alltaf að koma upp aftur og aftur og aftur og ég ákvað að það væri bara best að slá til.“

Aðspurður segir hann að samstarf hans og Stefáníu hafi komið til þar sem þau hafi margoft sungið saman á tónleikum.

„Svo var hún á Jólagestumum í fyrra. Mér fannst alveg tilvalið að hún kæmi inn í þetta því hún er alveg gjörsamlega frábær söng-



Stefanía Svavarsdóttir vann lagið með Björgvin en hann segir hana eina bestu söngkonu landsins um þessar mundir.



**Í Covid var engin stemning. Svo maður hélt sér til hlés og var að gramsa í lögum og svona. En núna væntanlega er þetta að koma.**

kona. Ein af okkar bestu í dag,“ segir Björgvin, en þetta er vissulega ekki hans fyrsti dúett því hann hefur áður gefið út þrjár dúettaþlötur þar sem hann starfaði með mörgum af þekktustu söngvurum landsins.

Sjálfur segist Björgvin vera í miklu stuði þessa dagana enda loksins komið alvöru „ágústsumar“ en hann segir að ákveðnu tímabili sé nú að ljúka eftir að faraldurinn lagðist af.

„Sjálfur fékk ég Covid og varð frekar slappur bara. En allt í kring, tónlistarmennirnir sem ég er að vinna með mikið, það var enginn í stuði. Það var engin stemning. Svo maður bara hélt sér til hlés og var bara að gramsa í lögum og svona. En núna væntanlega er þetta að koma,“ segir Björgvin.

### Jólagestir úr vör á næstunni

Björgvin vinnur nú hörðum höndum að því að koma tónaleikaröð sinni Jólagestir Björgvins af stað en tónleikarnir verða nú haldnir í sextánda skipti þessi jölin.

„Við erum langt komin með það. Það er búið að velja alla listamenn og við erum núna að liggja yfir lagavalinu með söngvurunum. Það er allt klárt og verður ýtt úr vör á næstu dögum eða vikum,“ segir Björgvin. ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson [guðmundur@torg.is](mailto:guðmundur@torg.is) ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen [andres@frettabladid.is](mailto:andres@frettabladid.is), Auður Hünfjörð [audur@frettabladid.is](mailto:audur@frettabladid.is), Reynir Elís Þorvaldsson [reynir@frettabladid.is](mailto:reynir@frettabladid.is), Örn Geirsson [orn@frettabladid.is](mailto:orn@frettabladid.is) FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon [arnarm@frettabladid.is](mailto:arnarm@frettabladid.is), Jóhann Waage [johannwaage@frettabladid.is](mailto:johannwaage@frettabladid.is), Jón Ívar Vilhelmsson [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is), Ruth Bergsdóttir [ruth@frettabladid.is](mailto:ruth@frettabladid.is) FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir [elin@frettabladid.is](mailto:elin@frettabladid.is) RADAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is) TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055: Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)



# Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 27.–28. ágúst

**KJÖTSEL**

**Nauta ribeye-steik**

**3.989** kr/kg  
5.699 kr/kg

**30%**



**KJARNAFÆÐI**

**Kinda-fillet**

**2.729** kr/kg  
3.899 kr/kg

**30%**



**Pink Lady**

**Epli Pink lady, 4 stk.**

**419** kr/pk  
599 kr/pk

**30%**



**27%**

**Rauð vínber 500 g**

**399** kr/pk  
549 kr/pk



**KJÖTSEL**

**Grilltvenna Úrbeinuð kjúklingalæri**

**1.799** kr/kg  
2.999 kr/kg

**40%**



**ISFUGL**

**Kjúklingabringur**

**2.169** kr/kg  
3.099 kr/kg

**30%**



**40%**

**Croissant með skinku og osti**

**197** kr/stk  
329 kr/stk



**30%**

**Durum brauð 612 g**

**384** kr/stk  
549 kr/stk



Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu

**nettó**


Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**Kláraðu pallinn núna!**

**35%**  
**afsláttur af gæðum**

**Gerðu verðsamanburð**



Nýttu þér pallareiknivélina á [byko.is](https://byko.is).  
Sláðu inn stærð sólpallsins, veldu tegund  
klæðningar og fáðu áætlað verð.

**SAMAN Í  
60 ÁR** **BYKO**



**Tímabundið  
tilboð til  
4. september**

# BOYKO

## ngnvarinni furu

### **Frír flutningur**

Innan höfuðborgarsvæðisins  
ef keypt er pallaefni fyrir  
500.000 kr. eða meira



**VIÐ ERUM HANDHAFI  
KUDUNGSINS**





## Bakþankar



Óttars  
Guðmundssonar

## Sextán ár

Jónas Hallgrímsson skáld og náttúrufræðingur þótti drykkjfelldur meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn á 19. öld. Drykkjuskapur var alvanalegur í þessum hópi og margir góðir drengir drekktu sér fullir í síkjum borgarinnar. Jónas orti falleg erfiljóð um þessa ungu féлага sína en breytti engu um eigið líf.

Vinir hans stofnuðu bindindisfélag til að fá hann til að hætta að drekka en allt kom fyrir ekki. Í lok maímánaðar 1845 datt hann fullur í bröttum stiga og andaðist nokkru síðar.

Ári seinna andaðist skáldbróðir Jónasar, Sigurður Breiðfjörð, úr eymd og drykkjuskap í miðbæ Reykjavíkur. Báðir lofsungu þeir vímuna sem dró þá til bana á besta aldri.

Ungur kynntist ég áfengi og töfraljómanum og blekkingavefnum í kringum Bakkus. Þegar vandamálin fóru að knýja dyra för ég í afneitun og lét allar aðfinnslur eins og vind um eyrun þjóta. Smám saman dugði afneitunin ekki til lengur og ég neyddist til að horfast í augu við sjálfan mig. Nú á dögnum voru 16 ár síðan ég hætti að drekka í þessari lotu. Ævi mín gjörbreyttist við þessa ákvörðun og mér tókst að eignast líf sem hefði verið óhugsandi fyrir galeiðupræl Bakkusar konungs.

Jónas og Sigurður vitjuðu mín í draumi á dögnum og sögðust vera brakandi edrú fyrir handan.

„Betra er seint en aldrei,“ sagði Sigurður og glotti svo skein í tannlausa gómana.

Jónas flissaði og mælti: „Við áttum eftir að yrkja okkar bestu ljóð.“ Síðan leiddust þeir inn í ljósið. Ég vaknaði, mundi drauminn og fór á morgunfund í AA-samtökunum. ■

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR FARTÖLVUTÖSKUR

FÁÐU ÞÉR ÍS

SKÓLA TÖLVUR

Þú finnur réttu fartölvuna í skólann á tolvutek.is

# BÚSTAÐAVEGUR DALVEGUR MÝRARVEGUR REYKJAVÍKURVEGUR

Þar finnur þú **LÆGSTA** verð Orkunnar